



Á ASNAEYRUM
III. hluti
MARINÓ G. NJÁLSSON



Á ASNAEYRUM

III. hluti Hinar ýmsu aðgerðir í þágu heimilanna



MARS 2021
MARINÓ G. NJÁLSSON
Harpan ehf

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 1 |
| Hinar ýmsu aðgerðir fyrir heimilin | 6 |
| Aðgerðir ríkisstjórnar Geirs H. Haarde fyrir hrun og úrræði sem þegar voru til staðar | 6 |
| Aðgerðir ríkisstjórnar Geirs H. Haarde eftir hrun | 8 |
| Minnihlutastjórn Jónhönnu Sigurðardóttur | 15 |
| Meirihlutastjórn Jónhönnu Sigurðardóttur - „Norræna velferðarstjórnin“ | 22 |
| Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar | 28 |
| Lög nr. 107/2009 - „Skjaldborgarlögin“ | 32 |
| Nefnd félagsmálaráðherra um lög nr. 107/2009..... | 46 |
| Sérfræðingahópurinn | 48 |
| Fundur í Þjóðmenningarhúsinu | 49 |
| Vinna hópsins | 52 |
| Niðurstaða meirihluta hópsins | 57 |
| Sérálit mitt..... | 59 |
| Mat á áhrifum..... | 60 |
| Frávik frá tillögum HH..... | 63 |
| Hver er staða heimilanna, hver er vandinn og hvað þarf að gera? | 65 |
| Aðgerðir í kjölfar niðurstöðu sérfræðingahópsins | 72 |
| Úrræði fjármálafyrirtækjanna - orð og efndir | 77 |
| Samkomulag um greiðsluferfiðleikaúrræði | 78 |
| Við gerum allt mun betur en aðrir..... | 80 |
| Að drepa í Dróma | 81 |
| Lokaorð..... | 84 |

Inngangur

Í þessum hluta er fyrst fjallað um hinar ýmsu aðgerðir sem fjórar ríkisstjórnir gripu til á árunum 2008 til 2015 og áttu að létta undir með heimilunum. Þær voru misvel heppnaðar og ansi margar áttu það sammerkt að það vantaði greiningu á viðfangsefninu, þær náðu ekki til þeirra sem virkilega þurftu á aðstoð að halda eða voru frekar til að laga stöðu bankanna, en heimilanna. Með þeim tókst að bjarga bönkunum, en mikill fjöldi heimila missti ofan af sér húsnæðið og stóð eftir með háar skuldir.

Margir lentu í þeirri furðulegu stöðu, að yfirvöld stóðu með lögbrjótunum (sem vissulega höfðu skipt um kennitölu) og létu frekari lögbrot þeirra átölulaust. Dæmi voru um að gerðarbækur voru hreinlega falsaðar. (Er til staðfest með upptöku.) Verst í öllu þessu var sá háttur fjármálafyrirtækja, sem tóku yfir eignir á uppboðum, að hreinlega svindla á fyrri eigendum í uppgjöri. Íslensk lög segja skýrt, að sé virði uppboðseignar meira en áhvílandi skuldir, þá skal mismuninum skilað til skuldarans. Þetta er gert, svo veðkröfuhafi geti ekki gert málamyndartilboð í eign til þess eins að komast yfir hana, selt hana á mun hærra verði en nemur skuldum og samt haldið áfram að krefja skuldara um mismuninn á áhvílandi skulum á uppboðsdegi og fjárhæð málamyndarboðsins. Veit ég dæmi um, að fjármálafyrirtæki hafi fengið eign sem metin var á um 150 milljónir á innan við 5 milljónir, selt hana á hátt í 100 milljónir án þess að gera upp við aðra veðhafa, sem áttu kröfu upp á nokkra tugi milljóna í eignina, og síðan hafi kröfuhafar á síðari veðrétti haldið kröfum sínum á skuldarann til streitu. Sambærileg dæmi eru því miður óteljandi, þó ekki séu allar fjárhæðirnar þetta háar. Ég fjalla eitthvað um framkomu fjármálafyrirtækjanna við skuldara í þessum hluta, en ítarleg umfjöllun bíður síðari tíma ef færi gefst. Bæði ég og Hagsmunasamtök heimilanna eigum fullt af sögum af ömurlegri framkomu fjármálafyrirtækjanna við viðskiptavinum sína, sem ólíkt fjármálafyrirtækjunum gátu ekki skipt um kennitölu til að losna við skuldir en halda eignum. Fyrirtæki sem tóku yfir kröfusöfn með allt að 50% afslætti frá gömlu kennitölnni, en gáfu frekar í en að gefa eftir. Versta í þessu var hin endalaus meðvirkni stjórnvalda með fjármálafyrirtækjunum, en allir héldu að hallaði á fyrirtækin í samskiptum við heimili landsins, þá gæti komið annað hrun. Það var eins og menn föttuðu ekki, að hrúnið hélt áfram meðan hagur heimilanna og lítilla og meðalstórra fyrirtækja var ekki réttur.

Það er engin tilviljun að ég geri þetta efni aðgengilegt núna. Umræðan um hrakfarir heimilanna hófust seinni hluta mars, þar sem þingkona Samfylkingarinnar ákvað að gera lítið úr málum. Þetta væri bara ekki neitt og alls ekki 10 þúsund fjölskyldur sem hefðu misst heimilið sitt. Vitnaði hún í skrif Þórólfs Matthíassonar, prófessors, á Vísindavef Háskóla Íslands, þar sem hann svarar einfaldri spurningu með löngum texta og mest sem kemur spurningunni lítið við. Ég svaraði þessu með tveimur færslum á Facebook og læt ég þær fylgja hér:

Fyrri færslan, birt um kl. 18:00 26. mars 2021.

Ég sé að Helga Vala Helgadóttir er að reyna að endurskrifa sögu hrunsins. Ekki sú fyrsta til að reyna það og verður ekki sú síðasta.

Helga Vala vísar í svar Þórólfs Matthíassonar, prófessors á Vísindavefnum, en þar svarar hann spurningunni:

"Er það rétt sem fram kemur Morgunblaðinu 30. apríl 2020 að hátt í 14 þúsund fjölskyldur á Íslandi hafi verið „bornar út á götu“ í kjölfar efnahagshrunsins 2008?"

Fyrirspyrjandi er ekki beðinn um nánari skýringu á hvort heldur tölunni "hátt í 14000" né orðunum "bornar út á götu", þannig að túlkun á því er alfarið Þórólfs. Hann ákveður að "bornar út á götu" merki að eign hafi verið seld á nauðungarsölu. Fjallar hann síðan um efnið út frá þessari skilgreiningu, takmarkar umfjöllunina við ákveðin ár og þæfir efnið eins og honum er einum lagið með þælingum sem koma málinu ekkert við.

Fólk missti heimilið sitt af ýmsum ástæðum á árunum eftir hrun. Hverjar þær eru nákvæmlega, mun ekki koma í ljós fyrr en rannsóknarskýrsla heimilanna hefur verið útbúin, en það er eitthvað sem enginn stjórnarþingmaður (sama hver ríkisstjórnin er) virðist þora að fara út í. Svo mikið sem ég veit, þá missti fólk heimilið sitt á nauðungarsölum, í samningum við bankanna og í þvinguðum sölum. Þeir sem misstu eignir til bankanna í samningum eða seldu í þvingaðri sölu, voru alveg jafnmikið "bornir út á götu" eins og þeir sem misstu við húsnæði á nauðungarsölu. Aðrir réru síðan lífróður í mörg ár eða eru enn að til að bjarga húsnæðinu og hafa búið við skert lífsgæði í góðan áratug. Það nefnilega mælist ekki allt í húsnæðismissinum og stundum var það bara alls ekki svo slæm niðurstaða. Margir veiktust, slitnaði upp úr hjónaböndum, fólk fluttist úr landi og svona mætti lengi telja. Margir hafa búið við viðvarandi skort, hverra áhrif eiga ekki eftir að koma fram hjá þeim sem voru börn á þessum tíma fyrr en eftir mörg ár.

En hver er nú líklegur fjöldi sem missti heimilið sitt? Tölur yfir nauðungarsölur hafa verið á reiki og er eins og aldrei sé notuð sama aðferð til að telja. Ég ætla að nota sömu tölu og Þórólfur, þ.e. 8846, en með því að bæta við sölum árið 2019 fæ ég 8925. Leiðréttum hana með tilliti til 2008 (þ.e. 2008 er ekki tekið með bara til að vera með sömu tölu og ÞM) og hún endar í 8376. Næst eru það eignir sem bankar tóku upp í skuldir (uppítökueignir), en þær eru samkvæmt svari sem Þorsteinn Sæmundsson fékk á sínum tíma 2149 og með leiðréttingu vegna 2008 endar sú tala í 2115. (Raunar er ekki rétt að taka 2008 alveg út, vegna þess að það var hrun krónunnar og hækkun verðbólgunnar í feb-apríl 2008 sem var hið raunverulega

hrun fyrir heimilin. Bankahrunið í okt 2008 var bara bautasteinn á þeirri leið. Fyrir suma byrjaði þetta haustið 2007.)

8376 + 2115 = 10.591. Þetta er fjöldi yfir þekktar eignir miðað við opinberar tölur. Þá eru þvingaðar sölur eftir og mér kæmi ekki á óvart að þær hefðu skipt þúsundum. 10.591 eign er yfir lengra tímabil en hægt er að kenna hruninu, en á móti kemur fjöldi eigna í þvingaðri sölu á brunaútsöluverði. Að áætla að um og yfir 10.000 fjölskyldur hafi misst heimilið sitt á einn eða annan hátt vegna hruns, er alls ekki óvarlegt. Mér finnst líklegt að talan sé talsvert hærri.

Það sem er verst við þetta allt, er hegðun kröfuhafa eftir að eign var hirt af eigandanum.

Lögbrotin sem framin voru við nauðungarsölu. Ég veit klárt dæmi um fjölskyldu, sem missti hús að fasteignamati upp á vel yfir 60 m.kr., með áhvilandi eitthvað undir 30 m.kr., sem var sögð skulda kröfuhöfum háar upphæðir eftir að kröfuhafi á fyrsta veðrétti keypti eignina á innan við 5 m.kr. Kaupandi átti að gera upp við aðra kröfuhafa, en gerði það ekki, þrátt fyrir skýr lagaákvæði um slíkt. Dómstólar hefðu ekki átt að staðfesta nauðungarsöluna, þar sem tilboðsverð var augljóslega í engu samræmi við verðmat eignarinnar, en gerðu það samt.

Kennitöluflakkararnir, sem í dag heita Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn, þvinguðu fólk í nauðungarsölu, keypt á slíkk og héldu síðan áfram að rukka. Og þetta gerðu þeir með fulltingi dómstóla og sýslumanna. Efast ég um að einstaklingur hafi haft betur í baráttu sinni vegna svika við nauðungarsölu í eitt einasta sinn. Jafnvel þegar til var upptaka af skjalafalsi, þá dæmdi dómstóll færslur sýslumanns rétta!

Þetta og margt fleira hefur Samfylkingin (og VG) á samviskunnri. Þeim var bent á þetta.

Ítrekað. Óskað var eftir því að lögum um nauðungarsölum yrði breytt, þannig að sanngirni gætti í uppgjöri. Nei, það var ekki hlustað á okkur í Hagsmunasamtökum heimilanna, enda vorum við að skemma fyrir heilagri Jóhönnu og hennar lærisveinum. Reynt var að þagga niður í mér með því að skipa mig í nefnd til að fara yfir skuldamáli, en þegar ég skilaði séráliti, þá var fjölmiðlum sigað á mig. Svo komu tillögur bankanna og þær voru ekki í neinu samræmi við álit meirihlutans. Vinnan var upp á punt, en minn tilgangur var að komast í tölurnar. Sjá hve staðan var í raun og veru. Það tókst og enginn getur núna sagt mér að staðan hafi verið allt önnur. Ég komst inn fyrir skjaldborgina um fjármálafyrirtækin!

Ég get ekki sagt, að mér hafi þótt það leitt, þegar Samfylkingin þurrkaðist næstum út af þingi hér um árið, því að detta út af þingi var nákvæmlega það sem hún átti skilið. En það sama á við um Sjálfstæðisflokkinn, VG og Framsókn. Þessir flokkar hafa því miður sýnt að þeir eru

hagsmunagæsluflokkar sumra kjósenda og það sem meira er mjög fárra.

Sérhagsmunagæsluflokkar fjármagnsins og ekkert annað.

En svo ég ljúki þessu með að svara spurningunni á Vísindavefnum, þá er mitt svar svona:

Já, það er rétt að hátt í 14.000 fjölskyldur hafi misst heimilið sitt kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Höfum svo í huga, að efnahagshrunið hófst í febrúar 2008, en ekki í október! Lækkun krónunnar hófst í júlí 2007 og verðbólgan fór af stað í september 2007. Það var byrjað að halla á ógæfuhliðina fyrir mörg heimili síðla árs 2007! Að efnahagshrunið hafi fyrst hafist í október 2008 er blekking og ekkert annað.

Og seinni færslan, birt um kl. 22:00 sama dag:

Um hrun bjuggu um 73.000 fjölskyldur í húsnæði með húsnæðisskuldir. Hafi 10.500 misst húsnæðið sitt (eins og fjalla um í síðustu færslu), þá gerir það um 15% skuldsettra heimila! (14,4% til að vera nákvæmur, en 73.000 talan er of há og 10.500 talan of lág.)

Í samantekt um stöðu heimilanna frá 17. des. 2010 segir að 10.700 heimili hafi á þeim tíma átt í greiðsluvanda og að helmingur þeirra sem voru í greiðsluvanda hafi skuldað meira en verðmæti eignar sinnar. Ástæðan fyrir þessu síðar nefnda var lágt fasteignaverð á þessum tíma, en það hafði lækkað um tugi prósentu eftir hrun, og að lán höfðu ekki verið leiðrétt með tilliti til gengislánadóma Hæstaréttar. Þremur árum síðar var orðinn mikil viðsnúningur.

Á fundi, þegar þessar tölur voru kynntar, kynntu bankarnir líka sínar aðgerðir. Þær voru, að mínu mati, bara til þess að tryggja stöðu bankanna og gengu að auki gegn lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Já, takið eftir. Sett höfðu verið lög um hvernig aðgerðum og uppgjöri skulda skyldi hagað, en bankarnir hunsuðu lögin gjörsamlega og arfaslakt Alþingi og meðvirk ríkisstjórn sögðu ekki neitt, enda höfðu viðkomandi líklega ekki hugmynd um hvað lögin fjölluðu.

Niðurstaðan af úrræðum bankanna var sem sagt, að nánast sami fjöldi heimila og á þessum tíma var talinn í skuldavanda, missti húsnæðið sitt í hendur lánadrottna. Sem sagt allir sem í raun þurftu hjálp, fengu enga hjálp. Vissulega hefði aldrei verið hægt að bjarga öllum, en fórnarlömbin urðu of mörg.

Þessi niðurstaða kemur mér ekkert á óvart, því það skein í gegn um viðhorf bankanna á þessum tíma (og sat ég fundi með bankastjórunum þremur mánuðina á undan), að þeim

verst settu yrði ekki bjargað. Hins vegar hélt ég að Jóhanna vildi ganga lengra. Það hins vegar gekk ekki eftir.

Verst í öllu þessu fannst mér hve miskunnarlausir kröfuhafar voru almennt. Á þessu voru undantekningar, en ágengnin og græðgin var ansi oft yfirgengileg. Fólki og fyrirtækjum voru gerð tilboð um uppgjör sem gengið var að bara til þess að bankinn dró tilboðið til baka. Gengið var mjög hart fram gegn einum, en annar fékk súperdíl. Helst var eins og bankarnir væru búnir að fá pantanir í húsnæði skuldara í vanda og ef maður var svo óheppinn að eignin manns hafði verið pöntuð, þá var ekki nokkur leið að semja og hún hirt á nauðungaruppbóði.

Á þessum tíma leitaði fjöldi fólks til mín beint út af skuldamálum sínum og sat ég í nokkrum tilfellum fundi með því og bankanum, þar sem verið var að reyna að finna ásættanlega lausn. Ekki í eitt einasta skipti var bankinn tilbúinn að bakka, þó svo að hann sá að tilboðið sem gert var, var báðum aðilum hagstætt. Og afsakanirnar voru nánast alltaf að viðmælandinn hefði ekkert vald. Til hvers var verið að senda valdalausán einstakling til að "semja" við skuldarann, þegar viðkomandi hafði ekki umboð til að semja. Verð að viðurkenna, að ég fékk svo mikið ógeð á bönkunum þremur á þessum tíma, að ég mun ALDREI geta tekið þá í sátt.

Við sem gengum í gegn um eld og brennistein til að halda húsnæði okkar, sumum gekk vel en öðrum illa, eigum heimtingu á því að þetta tímabil verði rannsakað. Að á okkur verði hlustað og leiðrétt það sem þarf að leiðrétta. Sérstaklega þarf að skoða meðvirkni kerfisins með bönkunum, þar sem allir héldu að nýtt hrun yrði ef eitthvað hallaði á bankana í uppgjörsmálum. Þið munið bankana sem högnuðust um yfir 700 milljarða á árunum eftir hrun. Af þessum 700 milljörðum enduðu svo ca. 4-500 hjá ríkinu. Auðveldlega hefði mátt nota 200 milljarða af þessum hagnaði í að rétt hlut skuldara, en mikill vill meira og græðgin á sér engin takmörk.

Hvers vegna við fáum ekki alvöru rannsókn á þessum málum er mér óskiljanlegt. Hvað eru menn hræddir við að komi í ljós?

Óhætt er að segja, að ég hafi helgað stórum hluta tíma míns á árunum 2009 til 2015 í að taka þátt í, fjalla um og fylgjast með baráttu heimilanna fyrir réttlæti. En svo var með mig, eins og marga aðra, að ég varð að setja annað í forgang. Þess vegna eru þessar kaflaslitur ekki fullbúnar og líklegast of langt um liðið að nokkur hafi gagn eða gaman lestri þeirra. Ætlunin var að þetta kæmi út á bók, en varla verður af því úr þessu. Frekar en að láta handritið gleymast á harða disknum, þá hef ég ákveðið í tilefni þess að ég varð sextugur í janúar 2021, að gera þetta aðgengilegt hverjum sem vill. Öllum er frjálst að hvetja mig til frekari dáða með fjárframlögum með því að panta „bókina“ og greiða fyrir eins

og um útgefna bók væri að ræða. Leiðbeiningar um það hvernig það má gera er að finna á vefnum Á asnaeyrum (<https://www.a-asnaeyrum.is/kaupa-bk>). Þar sem framlög eru frjáls, þá eru fjárhæðir það líka.

Því miður eru margir tenglar/hlekkir á heimildir ekki lengur til staðar og erfitt reyndist að finna upprunalegu heimildina, jafnvel á vefsíðum opinberra aðila. Stjórnarráðið er t.d. sífellt að breyta sínum vefsíðum, þar sem ráðuneyti skipta um nöfn, ríkisstofnanir skipta um nöfn, eru sameinaðar öðrum eða lagðar niður. Allar heimildirnar voru raunverulegar, þegar textinn sem vísar í þær var skrifaður og gætti ég þess í flestum tilfellum að vista þær á tölvuna mína.

Hinar ýmsu aðgerðir fyrir heimilin

Frá hruni hafa setið sex ríkisstjórnir. Fyrst ber að nefna ríkisstjórn Geirs H. Haarde, sem klofnaði og fór frá völdum í lok janúar 2009. Næst tók við minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og VG sem Jóhanna Sigurðardóttir stýrði. Sat hún í rúma þrjá mánuði. Varð hún að meirihlutastjórn sömu flokka og undir sömu forystu í maí sama ár. Þá er það ríkisstjórn Sjálfstæðisflokk og Framsóknar undir forsæti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og síðar Sigurðar Inga Jóhannssonar. Eftir kosningar haustið 2016 tók við ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar með Sjálfstæðisflokki, Bjartri framtíð og Viðreisn. Loks eftir kosningar haustið 2017 tók við ríkisstjórn undir forsæti Katrínar Jakobsdóttur með VG, Framsókn og Sjálfstæðisflokkinn innanborðs. Í þeirri upptalningu sem hér fylgir eru engin atriði frá síðustu tveimur ríkisstjórnunum, enda orðið nokkuð um liðið síðan stjórnámálamenn töldu sig hafa gert nóg.

Fyrir tímabilið frá september 2008 til apríl 2010 er m.a. byggt á tveimur skjölum sem er að finna á vef forsætisráðuneytisins í síðunni *Aðgerðir og áform stjórnvalda*¹.

Aðgerðunum er lýst, eins og þær birtust almenningi í texta laga, reglna, yfirlýsinga og samkomulaga, en þeim fylgir síðan umsögn mín, oft ákaflega afdráttarlaus um gagnsleysi aðgerðanna.

Aðgerðir ríkisstjórnar Geirs H. Haarde fyrir hrun og úrræði sem þegar voru til staðar

Íbúðalánasjóður hafði í nokkurn tíma (og gerir enn) boðið upp á ýmis úrræði vegna greiðsluerfiðleika. Höfðu þessi úrræði þróast í tímans rás og sífellt bæst í sarpinn. Þau greiðsluerfiðleikaúrræði sem

¹ Sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/verkefnum-lokid/adgerdir/nr/4569>, þarna er að finna skjölin „Samantekt á aðgerðum ráðuneyta frá lokum september 2008 til mars 2009“ og „Samantekt aðgerða, uppfærð 21. apríl 2010“. (Hlekkur er ekki lengur virkur, þannig að það þarf að leita á vefnum.)

stóðu til boða um mitt sumar 2008 voru samningar, skuldbreytingalán, frysting á greiðslum og lenging lánstíma²:

- Samningar gengu út á að hægt var að semja um vanskil og greiða þau upp á 18 mánuðum samhliða því að greiða aðrar afborganir.
- Með skuldbreytingaláni var vanskilum breytt í nýtt lán sem gat verið frá fimm til fimmtán árum.
- Frestun greiðslu vegna greiðsluferfiðleika var hægt að fá í allt að 3 ár, ef greiðsluferfiðleikar voru vegna “veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða öðrum ófyrirséðum atvikum”³.
- Lengingu lánstíma var hægt að fá í allt að 15 ár, þannig að fræðilega var hægt að lengja lánstíma í allt að 55 ár!

Fyrir utan þessi úrræði, þá gátu lántakar sem misst höfðu eign sína til Íbúðalánasjóðs og yfirtökuverð dugði ekki fyrir skuldinni fengið það sem eftir stóð skuldarinnar lækkaða um sömu upphæð og greitt var inn á hana eða fellda niður að fimm árum liðnum, ef innágreiðslur höfðu ekki dugað fyrir helming eftirstöðva. Var þetta samkvæmt reglugerð nr. 119/2003 um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu, sem Páll Pétursson, þáverandi félagsmálaráðherra, setti 20. febrúar 2003.

Í ágúst 2008 var greinilega farið að harðna svo á dalnum hjá fleiri hópum lántaka og þá sérstaklega þeim sem sátu uppi með tvær eignir vegna sölutregðu. Hinn 22. ágúst var því ákveðið að bjóða greiðslufrest vegna sölutregðu⁴. Úrræðið gekk út á að „[þ]eir, sem keypt hafa fasteign en hefur ekki tekist að selja eign sem þeir eiga fyrir, geta fengið greiðsluferfiðleikaaðstoð hjá Íbúðalánasjóði, óski þeir þess.“ Heimilt var að fresta greiðslum af lánnum sjóðsins á annarri eða báðum eignum og skipti ekki máli þó önnur væri nýbygging eða að lán sjóðsins væru bara á annarri eigninni. Hægt var að fá þennan frest eitt ár í senn og í allt að 3 ár. Eina skilyrðið sem sett var, að „fjárhæð láns að lokinni frystingu, með áföllnum vöxtum og áætluðum verðbótum, fari ekki yfir 90% veðsetningu af kaupverði eignar eða ásettu söluverði eignar“. Miðað við fréttir á vef sjóðsins, var víst talsvert um að lántakar nýttu sér þetta.

Aðrar aðgerðir hef ég ekki fundið eða man eftir að ríkisstjórn Geirs H. Haarde hafi gripið sérstaklega til fram að hruni.

Álit mitt: Líklegast voru þetta markvissustu aðgerðirnar sem farið var í og þær sem skiluðu viðskiptavinum fjármálafyrirtækis, í þessu tilfalli Íbúðalánasjóðs, skýrustum ávinningi og alveg

² Af vef Íbúðalánasjóðs Greiðsluferfiðleikar/Breyttar aðstæður, sótt í WeybackMachine frá 22. júlí 2008

³ Sjá Frestun afborgana á vef Íbúðalánasjóðs <http://ils.is/einstaklingar/greidsluvandi/frestun-afborgana/>

⁴ Frétt af vef Íbúðalánasjóðs Greiðslufrestun vegna sölutregðu, 28. ágúst 2008.

undanbragðalausum. Má Íbúðalánasjóður eiga það, að hann nánast aldrei með einhverja stæla við lántaka sína, að ég viti til, þegar kom að nýtingu þessara úrræða. Seinna átti hann hins vegar til að vera öfugsnúinn, svo furðu gætti.

Aðgerðir ríkisstjórnar Geirs H. Haarde eftir hrun

Fyrst eftir hrun bankanna var eins og ríkisstjórn Geirs H. Haarde ekki áttaði sig á hve gríðarleg áhrif þróunin á árinu 2008 hafði á heimilin. Það var ekki beint hrúnið sjálft, sem hafði þessi áhrif, heldur allt sem hafði gengið á frá því að lánamarkaðir lokuðust nánast alveg í nóvember 2007. Hafði ég t.d. auglýst eftir lánveitanda til þrautarvara fyrir fyrirtæki og heimili í blogg færslu í maí 2008, því á þeim tíma buðust nær eingöngu lán með ofurkjörum. Öll athyglin fór á einn stað og aðeins einn, þ.e. fjármálafyrirtækin.

Í nóvember voru þó kynntar aðgerðir og má í stórum dráttum skipta í 13 mismunandi þætti. Fjalla ég hér um þær sem mér finnst skipta mestu máli og set við mína skoðun á aðgerðunum:

1. Greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignalána

Hlutverk greiðslujöfnunar verðtryggðra húsnæðislána var að laga greiðslubyrðina að því sem hún var í við byrjun árs 2008 eða á lántökudegi hafi lán verið tekið eftir þann tíma. Til voru lög nr. 63/1985 sem sett voru vegna verðbólgunnar sem gaus upp úr öllu valdi á fyrstu árum verðtryggingarinnar. Tilgangurinn var að bregðast við misvægi lánskjaravísitölu, sem þá var notuð til að verðtryggja lán, og launa (launavísitölu). Greiðslujöfnunin virkar þannig að hækki laun minna en viðmiðunarvísitalan (þ.e. lánskjaravísitalan árið 1985) er hluti endurgreiðslu hins verðtryggðra fasteignaláns frestað þar til laun (launavísitala) hækka á ný umfram viðmiðunarvísitöluna.⁵ Mismunurinn á þeirri greiðslu sem hefði orðið án greiðslujöfnunarinnar og þeirrar sem varð, er færður á sérstakan jöfnunarreikning sem telst hluti af höfuðstól lánsins og lýtur sömu kjörum og aðrir hlutar hans. Samkvæmt upprunalegum lögum, þá var greiðslujöfnunarhluti lánsins „endurgreidd hlutfallslega þegar launavísitalan hækkar umfram lánskjaravísitölu, eða eftir upphaflegan lánstíma, ef skuld er þá á jöfnunarreikningi.

Árið 1985 var greiðslujöfnunin miðuð við gjaldfallna afborgun og vexti á verðlagi 1. mars 1982 eða á lántökudegi ef lánið var tekið síðar, þ.e. áður en verðbólga fór í hæstu hæðir í maí 1983. 1. mars 1982 stóð vísitala neysluverðs, samkvæmt vísitölugrunni frá 1981, í 144,9 stigum, en 26. júní 1985, þegar löggin voru samþykkt, stóð hún í 545,3 stigum, sem gerir hækkun upp á 276%. Þar sem laun höfðu líka hækkað mikið, þá varð ávinningur ekki mældur í slíkum prósentum. Var

⁵ Sjá greinargerð með frumvarpi að lögum 63/1985, þingskjal 854, 107. löggjafarþing 1984-85, 480. mál <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0854.pdf>

hér þó um verulega búbót fyrir greiðendur lánanna að ræða, a.m.k. tímabundið, en síðan gerðist hvorutveggja að lánstíminn lengdist og heildargreiðslan varð mun meiri en annars hefði orðið. Ekkert bendir til annars en lántökum væri frjálst að óska eftir greiðslujöfnun. Til viðbótar við greiðslujöfnunina voru í lögnum ákvæði um frestun „greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) á næsta heila ári hvers láns“. (Áhugavert að sjá að vextir og verðbætur er lagt að jöfnu.)

Í greinargerðinni segir, að frumvarpið nái „einungis beint til lána byggingasjóðs ríkisins“ og það er „hins vegar ákvörðun viðkomandi lífeyrissjóða, banka og annarra sjóða og stofnana hvort greiðslujöfnun..verður tekin upp þar“.

Í fylgiskjali II með frumvarpinu er tekið sýnidæmi af láni upp á kr. 157.000 tekið 1. mars 1982 með afborgun á 12 mánaða fresti, afborgunarlaust fyrsta árið. Fyrsta árið hefðu áhrifin orðið engin, á gjalddaga 1.3.1984 voru kr. 5.382 settar á jöfnunarreikning meðan lántaki greiddi 16.509 kr. Ári síðar voru tölurnar 7.600 kr. og 20.003 kr. og enn ári síðar 15.742 kr. og 22.003 kr. og eftirstöðvar lánsins orðnar 546.114 kr. á aðeins 4 árum.

Lögum nr. 63/1985 var breytt með lög nr. 133/2008 sem lögð voru fram og samþykkt 17. nóvember, 2008. Hugmyndin var hin sama, nema viðmiðunarvísitalan varð bæði flóknari og ógagnsærri. Í staðinn fyrir að nota bara launavísitölu, þá var bætt við atvinnustigi og úr varð greiðslujöfnunarvísitala. Eins og áður segir var miðað við 1. janúar 2008 eða lántökudag, ef hann var síðar. Aftur var um heimildarákvæði, þ.e. lántaki getur óskað eftir greiðslujöfnun og þurfti því að hafa frumkvæði að henni.

Vandinn við greiðslujöfnunina er að það tekur lengri tíma að greiða lánin og því mun heildargreiðslubyrði lánanna þyngjast. Þegar upp er staðið mun fólk greiða hærri upphæð vegna lánanna sinna, en samkvæmt gamla kerfinu. Greiðslujöfnunarvísitalan er síðan frekar ógagnsætt fyrirbrigði, sem er ekki fyrir almennan lántaka að skilja.

Álit mitt: Greiðslujöfnun húsnæðislána er góðra gjalda verð til að lækka tímabundið greiðslubyrði. Engum skuldum er létt af heimilunum, en aðferðin leiðir til þess að vaxtabyrði eykst og fjárhæð verðbóta hækkar. Einnig hefði hún getað leitt til lengingar lánstímans, en sú útfærsla að láta atvinnustig hafa áhrif á greiðslujöfnunarvísitöluna auk launavísitölu hefði líklegast komið í veg fyrir það, ef á það hefði reynt. Leiðréttingin gerði hins vegar kröfu um að greiðslujöfnunarhöfuðstóllinn yrði gerður upp, áður einhver leiðrétting kæmi á upprunalega höfuðstóllinn. Aðgerðin leiddi til þess að heildargreiðslan jókst og lánið varð dýrara.

Tekið skal fram að tæplega ári síðar var gerð breyting á greiðslujöfnunni og verður fjallað um það undir Aðgerðir ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur maí 2009 - 2013.

2. Fjölgun úrræða Íbúðarlánasjóðs (ÍLS)

Áður hefur verið bent á þau úrræði, sem ÍLS bauð upp á fyrir hrun. Á haustmánuðum 2008 var þeim fjölgað og fyrri úrræði rýmkuð eitthvað. Núna var hægt að afturkalla nauðungarsölu gegn uppgjöri þriðjungs vanskila og fólk fékk að dvelja lengur í íbúðum sínum eftir nauðungarsölu. Jafnframt var hægt að lengja í lánum meira en áður. Í stað 15 ára varð hámark lengingar 30 ár!

Ríkisstjórnin beindi á sama tíma þeim tilmælum til lánaveitenda að þeir biðu lántökum fasteignalána sömu úrræði og ÍLS. Varð það ekki að veruleika fyrr en með samkomulagi 3. apríl 2009, sem ég fjalla um í næsta hluta.

Álit mitt: Ekki verður sagt að þessi fjölgun úrræða ÍLS hafi verið merkileg. Að bankarnir hafi ekki svarað kalli ríkisstjórnarinnar betur var síðan alveg með ólíkindum. Vissulega buðu þeir upp á ýmis úrræði og þá fyrst og fremst frystingar, en mín reynsla var sú að þær þurfti að toga út úr þeim með töngum. Hvað ÍLS varðar, þá var nægilega erfitt fyrir flesta að greiða mánaðarlegar greiðslur, hvað þá að leggja á borðið greiðslu til að gera upp margra mánaða vanskil. Að síðan væri eftir þetta hægt að lengja í lánum upp í allt að 70 ár var engin björgun. Í reynd var verið að breyta lántökum í leiguliða ÍLS, því með lánstíma upp á 70 ár, þá var nánast ekkert verið að greiða niður höfuðstól lána, en greiðslan náði nær eingöngu til vaxta og verðbóta. 70 ára lánstími þýðir að verðbólga umfram 1,4% verður til þess að verðbætur éta upp afborganir ársins.

3. Leigumarkaður ÍLS

Með breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál í desember 2008⁶, var ÍLS veitt heimild til að „leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppbóði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur“. ÍLS mátti sem sagt leigja fólki húsnæði sem það missti. Hugmyndin með leigumarkaðnum átti þó að ganga lengra, þ.e. að ÍLS gæti farið að leigja yfirtekið húsnæði út. Ekkert varð að því að Íbúðalánasjóður yrði stórtækur leigumiðlari, en í staðinn seldi hann húsnæði í stórum stíl til leigufélaga.

Álit mitt: Vá. Fólk átti ekki bara að missa húsnæðið sitt vegna þess að ríkisstjórnin missti tökin á

⁶ Sjá þingskjal 268, 136. löggjafarþing 2008-9, 137. mál <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.138.html>

efnahagsmálunum, það átti að fá að leigja aftur húsið sitt. Hefði ekki verið miklu nær að afskrifa strax nægilega mikið af skuldunum, til þess að fólk hafi efni á að greiða af afganginum eða a.m.k. frysta hluta skulda þar til úr rættist? ÍLS hlaut að vera með eitthvað viðmið varðandi leigugreiðslu. Ef viðkomandi hafði efni á að greiða þá upphæð í leigu og það var nóg fyrir ÍLS að fá þá upphæð upp í kostnað sinn, þá var einfaldast að stilla höfuðstól lánanna þannig að árleg leigugreiðsla jafngilti árlegri afborgun með vöxtum lána og öðrum föstum kostnaði vegna húsnæðisins, sem annars mun falla á ÍLS. Slíkur kostnaður er t.d. fasteignagjöld, húseigendatrygging og brunatrygging. Að mínu viti var þessi aðgerð, eins og svo margar aðrar, byggðar á ótrúlegri skammsýni kröfuhafasamfélagsins. Nú sú staðreynd að húsnæði, sem ÍLS tók yfir endaði hjá stóru leigufélögunum, sýndi best hve röng þessi aðgerð var. Það fyrsta sem þessi félög gerðu nefnilega var að stórhækka leiguverð í krafti þess að vera með verðráðandi stöðu á markaði.

4. *Tímabundin niðurfelling stimpilgjalda:*

Með lögum nr. 132/2008 var gerð sú breyting á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, að veitt var undanþága frá greiðslu stimpilgjalda vegna skilmálabreytinga og endurfjármögnunar eldri húsnæðislána/viðbótarlána vegna vanskila. Þetta ákvæði náði þó ekki til nýrra lána. Undanþágan gilti fyrir tímabilið 7. október 2008 til 31. desember 2009. Með lögum 49/2010 náði undanþágan til endurfjármögnun bílalána og með nýjum heildarlögum um stimpilgjöld nr. 138/2013 voru stimpilgjöld alfarið felld niður af lánasamningum. Giltu stimpilgjöld eftir það eingöngu um eignaryfirfærslu, þ.e. afsöl, kaupsamninga og gjafagerninga, en ekki um lánin sem tekin eru vegna viðskiptanna eða öðrum skjölum sem þinglýst er. Vissulega þarf að greiða stimpilgjald af kaupsamningum.

Álit mitt: Þessi lagabreytingin er ein af nokkrum tengdum betri neytendarétti sem komu fram eftir hrun. Ákvæðið var vissulega bara tímabundið og náði bara til skilmálabreytinga og fjármögnun vanskila, en hún átti síðan eftir að ná til fleiri lána. Hafði þetta verið ein af helstu kröfum Hagsmunasamtaka heimilanna til að auka samkeppni á íbúðalánamarkaði og vildi svo til að Eftirlitsstofnun EFTA var okkur sammála⁷. Afnáam stimpilgjalda af fasteignalánnum var mjög mikilvæg aðgerð til að auka samkeppni á fjármálamarkaði, samkeppni sem minna hefur farið fyrir en ætla mætti.

Í ljós kemur hins vegar að böggull fylgir skammrifi. Við setningu laga nr. 138/2013 var

⁷ Sjá greinargerð með frumvarpi að lögum 138/2013, þingskjal 4, 143. löggjafarþing 2013-2014, 4. mál <http://www.althingi.is/alttext/143/s/0004.html>

stimpilgjald af kaupsamningum og afsöllum tvöfaldað, þ.e. hækkað úr 4 kr. á hvert byrjað þúsund í 0,8% af fjárhæð eða 8 kr. af hverjum 1.000 kr. Vissulega fæst helmingsafsláttur við kaup á fyrstu íbúð, en miðað við að fólk skiptir að jafnaði um íbúð á 4-5 ára fresti, þá gæti ríkið verið að auka tekjur sínar af stimpilgjaldinu, en ekki lækka það, a.m.k. varðandi húsnæðislán.

5. *Fellt úr gildi að skuldajafna megi barnabótum*

Svo sem ekkert meira um þetta að segja.

Álit mitt: Gott framtak, en vó ekki þungt, þar sem skuldirnar verða ennþá til innheimtu.

Framkvæmdin var hins vegar eitthvað misjöfn og virtist ekki gilda jafnt fyrir alla.

6. *Fellt úr gildi að skuldajafna megi vaxtabótum*

Felld var úr gildi skuldajöfnun vaxtabóta á móti lánum Íbúðalánasjóðs með reglugerðarbreytingu.

Álit mitt: Skipti máli fyrir þá sem fengu vaxtabætur greiddar fyrirfram, sem ég veit ekki hvað það var stór hluti þeirra sem fengu vaxtabætur árið 2009. Varla merkileg ráðstöfun og skuldirnar voru ennþá til innheimtu. Létti undir með einhverjum heimilum, en vó varla þungt í það heila.

7. *Sveigjanleiki í opinberri innheimtu*

Hvað þýddi þetta? Átti að slá af kröfunum eða geyma þær og leyfa þeim að safna kostnaði? Þessi aðgerð hefði ekki komið fólk til hjálpar nema að það hefði þýtt niðurfellingu krafna.

Álit mitt: Enn eitt dæmið um að ríkissjóður skal fá sitt. Þegar á reyndi, þá virtist mörgum opinberum aðilum reynast erfitt að fylgja þessu eftir. Gott dæmi um það voru handtökuskipanir gefnar út af sýslumanninum á Selfossi, aðgangsharka Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem ef eitthvað var fór í harðari innheimtuaðgerðir án nokkurs sveigjanleika, ÍLS virtist gjaldfella skuldir hraðar en áður og svona mætti lengi telja. Þessi aðgerð varð gjörsamlega ósýnileg, enda virtust opinberir aðilar hunsa hana.

8. *Tímabundin heimild til niðurfellingar dráttarvaxta, kostnaðar og gjalda*

Líklegast sú aðgerð sem hefði getað nýst fólk sem komið var í alvarleg vanskil hvað best af þeim aðgerðum sem hér er rætt um.

Álit mitt: Hið besta mál. Spurningin sem ég spurði þarna um haustið: „Hve lengi er "tímabundið"?“ og eins og oft, þá var það ekki í langan tíma.

9. *Milda innheimtuaðgerðir allra ráðuneyta og stofnana ríkisins*

Sambærileg aðgerð og atriði 7 að ofan. Þetta reyndist innantómt loforð, þar sem þetta fórst alveg fyrir hjá Tryggingastofnun ríkisins og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Báðir þessir aðilar sendu á þessum tíma fólki innheimtukröfur vegna ofgreiðslna. Fyrir utan að, ef löginn hennar Jóhönnu um greiðslujöfnun hefðu nú farið í gegnum þingið á sama hraða og hækkun áfengisgjalds og vörugjalda á eldsneyti, þá hefði þessi aðgerð verið óþörf.

Álit mitt: Innantómt loforð, þar sem sumir hunsa tilmælin. Sjá einnig lið 7 að ofan.

10. *Dráttarvextir lækkaðir*

Gott mál, en þeir voru ennþá við okurmörk og það voru yfirdráttarvextir líka.

Álit mitt: Jákvætt skref.

11. *Reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar*

Reglugerðin kom til framkvæmda um áramót 2008/2009 um leið og ný innheimtulög tóku gildi. Fjármálafyrirtæki og innheimtuaðilar voru fljótir að finna leið framhjá lögunum. Innheimtufyrirtækjum var einfaldlega skipt upp í tvo lögaðila, þ.e. tvær kennitölur, í eigu sama/sömu aðila. Þegar fyrirtæki A barst krafa til innheimtu, þá var hún send fyrirtæki B til úrvinnslu og jafnvel til að framkvæma innheimtuna. Fyrirtæki B sendi síðan fyrirtæki A reikning fyrir vinnu sína og sá reikningur lagðist á kröfuna. Skuldarninn var því oftast ekki, engu bættur með breytinguna og líklegast lagðist hærri kostnaður á hann.

Álit mitt: Hugmyndin var góð, en óheiðarleiki kröfueigenda og innheimtufyrirtækja eyðilagði hana. Er ég fyrir löngu orðinn hættur að vera hissa á hvernig fjármálafyrirtæki virðast gera sitt ýtrasta til að sniðganga bókstaf laganna. Þetta á raunar ekki bara um fjármálafyrirtæki heldur allt of stóran hluta atvinnurekenda í landinu. Ótrúleg sorgleg staðreynd, að fyrirtæki geri allt sem þau geta til að finna glufur í lögum í þeim eina tilgangi að leika á löggjafann. Mér finnst hreinlega orðið nauðsynlegt að setja lög sem banna slíkt. Almenn lög sem banna að farið sé með klækjum gegn anda þeirra laga sem við á í hvert skipti.

12. *Breytingar á atvinnuleysisbótum*

Rýmri réttur einstakling í hlutastarfi og sjálfstætt starfandi til atvinnuleysisbóta. Með þessu var verið að koma til móts við þá sem urðu fyrir skerðingu tekna án þess að missa þær að fullu. Átti fyrst að gilda til 1. mars 2009, en var síðar framlengd til 31. desember 2009.

Álit mitt: Vel heppnuð aðgerð.

13. Breytingar á lögum um almannatryggingar

Gerðar voru nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar og tóku þær allar gildi 1. janúar 2009. Má þar nefna hækkun bóta, styrkja og frítekjumarka um 9,6%, hækkun lágmarksframfærslutryggingar lífeyrisþega um 20%, úttekt á séreignarsparnaði skerti ekki lífeyrisgreiðslur, framlenging 100.000 króna frítekjumarks á atvinnutekjur örorkulífeyrisþega. Eins og síðar verður vikið að, voru þær margar af þessum breytingu numdar úr gildi af „norrænu velferðarstjórninni“ með lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem tóku gildi 29. júní 2009.

Álit mitt: Ákaflega góðar breytingar á lögum, en skammur líftími margra ákvæða gerði þau nánast ónýt fyrir lífeyrisþega.

Já, þetta voru aðgerðir ríkisstjórnar Geirs H. Haarde. Í færslu um aðgerðirnar á sínum tíma kom ég með eftirfarandi heildarmat:

„Það kæmi mér á óvart, ef hagur heimilanna af þessum aðgerðum náði 100 milljónum. Það er ekkert bitastætt í þessum aðgerðum. Ekkert sem skiptir verulegu máli. Ríkisstjórnin tekur ekki á sig hagstjórnarmistök sín. Heimilin eiga að sitja uppi með 20% verðbætur á lán sín og/eða 40-60% lækkun krónunnar gagnvart helstu viðmiðunarmyndum. Það er ekkert í þessum aðgerðum sem verndar innkomu heimilanna. Það er ekkert í þessum aðgerðum sem mun auðvelda fólki að halda eignum sínum. Aftur og aftur er verið að auka heildargreiðslur eða auka kostnað. Aðeins í tveimur tilfellum er hægt að segja, að ríkissjóður sjái af tekjum. Ég vil ganga svo langt að segja, að þetta eru innantóm loforð um stuðning við heimilin.“

Það tók fjármála- og innheimtufyrirtæki í mesta lagi góðan hluta úr degi að finna leið framhjá reglugerðinni um hámarksfjárhæðir í innheimtuaðgerðum. Ég veitti á þessum tíma innheimtufyrirtæki ráðgjöf varðandi kröfur um persónuvernd og þar á bæ höfðu menn það í flimtingum hve gagnslausar þessar reglur voru.

Þetta voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar, en síðan beindi hún tilmælum til fjármálafyrirtækjanna um að gefa lántökum kost á að frysta myntkörfulán, eins og gengistryggðu lánin voru kölluð. Var sú aðgerð ekki undirbyggð betur en svo, að fjöldi þeirra sem fékk slíka frystingu var enn seinni hluta árs 2017 að kljást við fjármálafyrirtæki um túlkun á því hvort vaxtafærsla á höfuðstól að frystingartíma liðnum hafi talist fullnaðargreiðsla vaxta eða ekki. Svo kjánalegt sem það er, þá hefur Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu, að fjármálafyrirtæki þarf ekki að standa við slíkt samkomulag frekar en það vill. Ekki bara að hægt er að efast um gildi munnlegs samkomulags, heldur eru skriflegir undirritaðir

samningar taldir vera valkvæðir nema þeir séu bornir undir réttinn!⁸ Ég skoða þetta atriði betur, í umfjöllun um gengistryggðu lánin í bókarhlutanum Á asnaeyrum – Gengistrygging og verðtrygging.

Samhliða þessum aðgerðum voru gerðar breytingar á reglum um atvinnuleysisbætur bæði til að sporna við atvinnuleysi og gefa fleiri kost á bótum, m.a. sjálfstætt starfandi einstaklingum. Nú bætur almannatrygginga voru hækkaðar um 9,6% sem virðist rausnarlegt, en höfum í huga að verðbólgan árið 2008 var 18,6%. Þó var lágmarksframfærslutrygging hækkuð um 20%. Jafnframt hækkaði frítekjumark ellilífeyrisþega um 9,6%, en vinstri velferðarstjórnin átti eftir að taka það allt til baka. Frá 1. janúar 2009 átti úttekt séreignarsparnaðar ekki að skerða lífeyrisgreiðslur, en ég þekki hins vegar dæmi um slíkt.⁹

Minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur

Í byrjun febrúar 2009 tók við fyrra ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur, þegar Samfylking og VG mynduðu minnihlutastjórn með stuðningi Framsóknarflokksins. Sú stjórn lofaði snörpum aðgerðum á sínum fyrsta blaðamannafundi. Jóhanna tiltók sérstaklega tvö atriði sem létu standa á sér, þ.e. samráð við Hagsmunasamtök heimilanna og að slegin yrði skjaldborg um heimilin. Líklegast liðum um 18 mánuðir áður en hið minnsta samráð var haft við HH og sögu „Skjaldborgarinnar“ þekka flest heimili í þeirri útgáfu, að hún hafi verið slegin um fjármálafyrirtækin.

En hverjar voru aðgerðir minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur¹⁰:

1. *Endurgreiðsla á virðisaukaskatti*

Með lögum nr. 10/2009¹¹ var breytt ákvæðum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði. Endurgreiðslan var ákveðin 100% og náði til fleiri þátta en áður.

Álit mitt: Besta mál.

2. *Úttekt séreignarsparnaðar*

13. mars 2009 voru sett lög nr. 13/2009¹², sem heimiluðu úttekt fólks á 1.000.000 kr. af

⁸ Hæstiréttur mál nr. 170/2014, Arion banki hf. gegn Guðbjörgu Elínu Ragnarsdóttur. Í málinu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að vextir, sem bætt var á höfuðstól í lok frystingartíma samkvæmt ákvæði skilmálabreytingar, teldust ekki greiðsla, þrátt fyrir að skilmálabreytingin tilgreindi þá sem fullnaðaruppgjör vaxtanna. Gaf Hæstiréttur upp þá ástæðu, að samningurinn hafi ekki verið borinn undir réttinn!

⁹ Byggt er á upplýsingum í skjalinu *Samantekt ráðuneyta á aðgerðum vegna falls bankanna og áhrifa þess á efnahagslífið* frá 24. mars 2009.

¹⁰ Sjá síðustu tilvísun.

¹¹ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.010.html>

¹² <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.013.html>

séreignarsparnaði sínum. Heimildin átti fyrst aðeins að gilda til 1. október 2010, en var framlengd nokkrum sinnum. Tilgangurinn með heimildinni var greinilega tvíþættur, annars vegar að auka a.m.k. tímabundið greiðslugetu fólks og hins vegar að auka skatttekjur ríkissjóðs.

Álit mitt: Þessi aðgerð heppnaðist á margan hátt ágætlega, en hún hafði þó margar hliðar, sem ekki nógu margir áttuðu sig á. Fyrst má nefna, að óaðfararhæfar eignir voru losaðar til að greiða (a.m.k. í mjög mörgum tilfellum) til fjármálafyrirtækja. Ákvæði laganna áttu að koma í veg að hægt væri að þvinga fólk til að taka út sparnaðinn, en þegar á leið fór að bera talsvert á sögum um að fólki hafi verið hafnað í greiðsluáðlögun og sértækri skuldaáðlögun hefði það ekki nýtt sér að taka úr séreignarsparnaðinn og að hann hefði verið reiknaður inn í eignir fólk, ef það var að sækja um að fara 110% leiðina. Annað atriði er, að margir sem tóku út séreignarsparnaðinn voru ekki að nota hann til að eiga betur með að ráða við útgjöld heimilisins heldur til að nýta hann í fjárfestingar eða til að auka neyslu. Fólk sem alls ekki var í neinum greiðsluvanda var ekki síður ötult við að taka út séreignina sína, enda voru mörg spennandi fjárfestingartækifæri í boði á árunum eftir hrun. Þriðja atriðið varðar skerðingar sem fólk á lífeyri fékk, tæki það út séreignina. Samkvæmt skjali frá forsætisráðuneytinu frá 9. mars 2009 með samantekt aðgerða stjórnvalda segir í lið 2.5.3: „Með breytingu á lögum um almannatryggingar sem tók gildi 1. janúar síðastliðinn var afnumið ákvæði sem fól í sér skerðingu á bótagreiðslum lífeyrisþega þegar þeir tóku út séreignarsparnað í lífeyrissjóðum. Lífeyrisþegar geta því tekið út séreignarsparnað sinn án þess að það skerði bætur almannatrygginga.“ Þetta ákvæði gildi í tæpa 6 mánuði, því það var numið úr gildi af „norrænu velferðarstjórninni“ sem tók við eftir kosningarnar vorið 2009 með lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Úttekt séreignarsparnaðar lífeyrisþega ógnaði greinilega afkomu ríkissjóðs og því varð að koma í veg fyrir að eldri borgarar gætu bjargað fjárhag sínum og jafnvel rétt börnum sínum fjárhagslega aðstoð. Margur eldri borgarinn og öryrkinn var að lenda í 50-70% skattlagningu á úttektinni sinni, ef ekki meira í grófustu tilfellum. Þessi ósvinna var síðan fjarlægð úr lögum nr. 100/2007 með lögum nr. 86/2013 en frumvarpið af þeim var lagt fram af ríkisstjórn „auðmanna“, þ.e. ríkisstjórn Sigmundar Davíð Gunnlaugssonar. Í millitíðinni hafði „norræna velferðarstjórnin“ sparað ríkissjóði einhverja milljarða á kostnað ellilífeyrisþega. Er þetta ásamt fleiri atriðum sem tengjast lögum nr. 70/2009 meðal mestu níðingsverka „norrænu velferðarstjórnarinnar“, er þó af ýmsu að taka. En er það þó þannig, að greiðslur almannatrygginga skertust hjá þeim sem nutu tekjutryggingar, en það eru oftast þeir sem ekki hafa tekjur úr lífeyrissjóði. Þeir einstaklingar fengu bakreikning frá Tryggingastofnun upp á alla tekjutrygginguna sem greidd hafði verið árið sem séreignin var tekin út. Enn á ný var fólki

mismunað eftir efnahag og aðstæðum. Enn á ný náði hugsun þingmanna og ráðherra norrænu velferðarstjórnarinnar ekki lengra en nef þeirra, ef hún náði svo langt.

3. *Frestun á nauðungarsölum*

Frá hruni höfðu verið upp háværar kröfur um frestun á nauðungarsölum. Þetta var eitt fyrsta þingmálum minnihlutastjórnar Jóhönnu, en það mætti greinilega mikilli andstöðu. Var það afgreitt til allsherjarnefndar 19. febrúar en ekki frá nefndinni fyrr en 25. mars. Þá var það hins vegar drifið í gegn um tvær umræður með undanþágu, enda komið að þingslitum og samþykkt sem lög nr. 23/2009¹³ hinn 27. mars. Frestun nauðungarsölu var framlengd nokkrum sinnum af næstu tveimur ríkisstjórnnum og einatt stóð það í stjórnarmeirihluta og Alþingi að afgreiða þær breytingar.

Álit mitt: Frestun á nauðungarsölum var alveg fyrirtaks leið til að gefa lántökum og lánveitendum tækifæri til að leysa úr skuldavanda lántaka. Málið er að tíminn var yfirleitt mjög illa nýttur. Yfirleitt var beðið eftir að ríkisstjórnin kæmi með ný úrræði eða að þau kæmu frá fjármálafyrirtækjunum, en báðir aðilar drógu seiminn og oftast var staðan því óbreytt við lok frestunartímans og var við upphaf hans. Ekkert hafði verið gert eða jafnvel að tekin höfðu verið skref til baka. Dýrmætur tími fór því oft í súginn og það eina sem hafði breyst, var að skuldir höfðu hækkað vegna uppsafnaðra vaxta og vandinn aukist.

4. *Frestun á gjaldþroti*

Einhverra hluta vegna datt ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur í hug að búa til eins til þriggja mánaðarfrest vegna kröfu um gjaldþrot. Þetta var samþykkt í sömu lögum og fresturinn á nauðungarsölum. Samhliða þessu var sett ákvæði í lög um gjaldþrotaskipti, að skiptastjóri gæti leigt hinum gjaldþrotaaðila fyrra íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði.

Álit mitt: Hef aldrei skilið þetta ákvæði. Nær hefði verið að skerpa á ákvæði um að aðilar eigi að leita leiða til að semja, þ.e. að gera með sér nauðarsamning, en ekki var fyrir því að fara. Hugsunin var svo sem að þessi frestur ætti að gefa mönnum tíma til að selja, en miðað við vinnslutíma slíkra samninga og silagangs fjármálafyrirtækja í úrvinnslu mála, þá hefði verið nær að gefa 12-24 mánaðarfrest í stað 1-3 mánaða. Lögin sýndu að stjórnvöld höfðu engan skilning á því ástandi sem var í þjóðfélaginu og lifðu í þeirri blekkingu að vilji væri og geta hjá

¹³ <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2009.023.html>

fjármálafyrirtækjum að afgreiða mál hratt og vel. Hvorugt reyndist til staðar.

5. *Greiðsluaðlögun*

Jóhanna Sigurðardóttir hafði lengi gengið með í maganum frumvarp um greiðsluaðlögun, enda eðlilegt og sjálfsagt að slíkt úrræði sé til. Með lögum nr. 24/2009¹⁴ voru gerðar breytingar á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og inn í þau bætt nýjum kafla um greiðsluaðlögun. Réttarákvæði greiðsluaðlögunar eru á margan hátt sambærileg við réttarákvæði gjaldþrotaskipta, þ.e. gera þarf almenna innköllun á öllum kröfum í bú skuldarans, þó niðurstaðan leiði ekki til gjaldþrotaskipta. Greiðsluaðlögun er því nauðasamningur til að koma í veg fyrir gjaldþrotaskipti. Í lögunum var líka veitt heimild til að breyta nauðasamningi vegna gjaldþrotaskipta í greiðsluaðlögun.

Álit mitt:

Ég sat svo sem ekkert á skoðun minni á greiðsluaðlögunar frumvarpi ríkisstjórnar Jóhönnu, frekar en hinum tveimur sem lögð voru fram á sama tíma. Helsta gagnrýnin var á að taka átti veðlán út fyrir sviga og einstaklingar með ábyrgð á atvinnurekstri, þ.e. sjálfstætt starfandi með reksturinn á eigin kennitölu, áttu ekki að geta gengið í gegn um greiðsluaðlögun. Fyrri atriðið var náttúrulega alveg ótrúleg mismunun milli kröfuhafa, þar sem mögulegt átti að vera að fella niður allar ótryggðar kröfur, en fólk átti að halda áfram að greiða af kröfunum, sem það hafði einmitt ekki efni á að greiða af. Horfið var frá þessu og tryggðar skuldir teknar með í meðhöndlun nefndar. Sjálfstætt starfandi einstaklingar voru hins vegar hafðir utangarðs, þar til að ný lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga voru sett í júlí 2010. Með þeim lögum var líka bætt mikið úr vanköntum laga nr. 24/2009.

6. *Lög um ábyrgðarmenn*

Heildstæð lög, nr. 32/2009¹⁵, um ábyrgðarmenn voru sett stuttu áður en þing var rofið. Voru þau án efa mikil réttarbót fyrir ábyrgðarmenn og loksins settur almennilegur rammi um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna. Vissulega hefur komið í ljós, að lögin gengu ekki nógu langt og vafi leikur á afleiðingum þess fyrir lánveitanda, efni hann ekki skyldur sínar.

Álit mitt: Lög eru góð svo langt sem þau ná. Mér finnst hins vegar varasamt, að ábyrgðarmaður geti verið fastur eða setið uppi með ábyrgð um aldur og ævi, séu aðstæður þannig. Því sé rétt að

¹⁴ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.024.html>

¹⁵ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.032.html>

takmarka alltaf ábyrgð við ákveðinn árafjölda og hana þurfi að endurnýja eftir það. Einnig að lántaki þurfi að finna sér nýja ábyrgðarmann við fráfalls þess ábyrgðarmanns sem er á skuldinni. Loks þurfa ákvæðin að ná til fyrri ábyrgða, sérstaklega námslána. Ríkið veitir námslánin í gegn um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Búið er að afnema ábyrgðir af nýjum námslánnum og það er því hrein mismunun að viðhalda ábyrgðum á eldri námslánnum. Ég veit að löggin voru þannig, þegar lánin voru veitt, en ríkið getur samt ákveðið með nánast einu pennastriki, að jafnt skuli yfir alla ganga. Enginn er að biðja um að þetta gildi fyrir ábyrgðir veittar til annarra aðila.

7. *Samkomulag um beitingu greiðsluerfiðleika úrræða*

Hinn 3. apríl 2009 var undirritað að tilstuðlan Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, félags- og tryggingamálaráðherra, samkomulag um „samræmda beitingu greiðsluerfiðleikaúrræða gagnvart einstaklingum og heimilum sem eru í greiðsluerfiðleikum vegna fasteignaveðlána“¹⁶. Þetta eru sömu úrræði og ríkisstjórn Geirs H. Haarde hafi mælst til að fjármálafyrirtækin veittu strax í október 2008. Í frétt ráðuneytisins um undirritunina segir:

„Samkomulagið mælir fyrir um að lánveitendur fasteignaveðlána tryggi lántakendum sínum greiðsluerfiðleikaúrræði að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Að greiðsluerfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysi eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánadrottnar lántakanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluerfiðleika ef þörf er talin á því.
3. Að greiðslubyrði lántakanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu.
4. Að greiðslubyrði lántakanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum og/eða lengingu lánstíma rúmist innan greiðslugetu.
5. Að fyrir liggja samþykki síðari veðhafa þegar það á við.

Greiðsluerfiðleikaúrræðin eru eftirfarandi:

- **Samningar um uppgjör vanskila:** Unnt verði að semja um dreifingu á vanskilum í allt að 18 mánuði.

¹⁶ Sjá frétt á vef velferðarráðuneytisins (áður félags- og tryggingamálaráðuneytis) frá 3. apríl 2009 <http://www.velferðarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4331>

- **Rýmingarfrestur í kjölfar nauðungarsölu:** Tekið verður aukið tillit til aðstæðna við rýmingu í kjölfar nauðungarsölu og veittur verði rýmingarfrestur allt að þremur mánuðum frá söludegi.
- **Heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu:** Með frýstingu greiðslna verði komið til móts við lántakendur sem hafa keypt fasteign en ekki getað selt fyrri eign vegna aðstæðna á fasteignamarkaði.
- **Skuldbreyting vanskila:** Boðið verði upp á skuldbreytingu vanskila með því að bæta vanskilum við höfuðstól eða með því að gefa út nýtt skuldabréf eftir ákvörðun kröfuhafa.
- **Frestun á greiðslum:** Lántakandi geti óskað eftir frestun á greiðslu afborgana, að hluta eða fullu, og vaxta og verðbóta, eftir atvikum, í allt að eitt ár í senn og með möguleika á framlengingu í samtals allt að þrjú ár.
- **Lenging lánstíma:** Mögulegt verði að lengja lánstíma lána að því marki sem það getur gagnast lántakanda enda rúmist lenging lánstíma innan lánareglna viðkomandi lánveitanda.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að Íbúðalánasjóður veiti fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum upplýsingar og ráðgjöf um beitingu þessa úrræða. Þau koma, eftir atvikum, til viðbótar greiðsluferfiðleikaúrræðum sem lántakendur kunna eiga rétt á samkvæmt lögum. Samkomulagið gildir til ársloka árið 2010.“

Álit mitt: Þetta samkomulag var fyrsta alvöru tilraunin til að samræma aðgerðir fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða varðandi greiðsluferfiðleika fólks og heimila. Þarna voru mörg mjög góð úrræði og með rétttri og sanngjarnri beitingu þeirra, hefði mátt leysa, a.m.k. tímabundið, úr vanda mjög margra heimila og minnka líkurnar á því að önnur söguðustu ofan í greiðsluferfiðleikahylinn, eins og seinna koma á daginn. Vandinn var hins vegar hve aðilar samkomulagsins voru tregir til að leyfa fólki að nýta sér úrræði þess, aðilar tóku sér úrskurðarvald um málefni fólks og heimila án þess að það hefði nokkurn möguleika á að koma að mótbárum og ekki síst, að mörg fjármálafyrirtæki töldu þessi úrræði ekki henta sér. Persónulega lenti ég í því að reyna að nýta mér þessi úrræði, enda í þeirri stöðu að vera í greiðsluferfiðleikum vegna sölutregðu. Í samkomulaginu segir að „[l]ántakandi geti óskað eftir frestun á greiðslu afborgana, að hluta eða fullu, og vaxta og verðbóta, eftir atvikum, í allt að eitt ár í senn og með möguleika á framlengingu í samtals allt að þrjú ár.“ Sótti ég um þetta úrræði hjá öllum lánveitendum fasteignalána minna, þ.e. ÍLS, Landsbankanum og SPRON/FF/Dróma. ÍLS var fljótur að afgreiða málið og fengum við frýstingu til eins árs. SPRON samþykkti einnig

umorðalaust frystingu, en aðeins til þriggja mánaða. Þegar sótt var um aftur, þá kom höfnun án skýringar. Landsbankinn samþykkti að lokum eftir að ég hafði gengið mjög stíft eftir því.

Þetta samkomulag var eins og svo mörg úrræði sem fjármálafyrirtækin gengust undir, hunsað af þeim vegna þess að þau töldu sig vita betur hvernig átti að gera hlutina. Síðar mun ég fjalla um hreina og beina lagasniðgöngu fjármálafyrirtækjanna, vegna þess að ákvæði laganna voru ekki eftir þeirra óskum.

Þetta samkomulag er skoðað betur í kaflanum „Úrræði fjármálafyrirtækjanna - orð og efndir“.

8. Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði

Eins og kemur fram í lið 5 að ofan, þá voru sett lög um greiðsluaðlögun almennra krafna án þess að taka veðkröfur með. Úr þessu var bætt með lögum nr. 50/2009¹⁷. Veðkröfur voru seinna teknar með inn í lög nr. 101/2010¹⁸, þó framkvæmd greiðsluaðlögunar veðkrafna færi fram eftir lögum nr. 50/2009.

Hér hafa verið talin upp helstu mál sem minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur stóð fyrir varðandi tekju- og skuldamál heimilanna. Nokkur þessara úrræða höfðu fjárhagslegan sparnað fyrir heimilin, einhver höfðu fjárhagslegan ávinning umfram það að þau væru ekki til staðar, en flest gerðu lítið annað en að festa í sessi eða auka við það fjárhagslega tjón heimilanna, sem þau þurftu að taka á sig frá því að fall krónunnar hófst í mars 2008. Í þessum úrræðum var ekkert sem

- bætti atvinnuástandið eða var hin minnsta tilraun til að verja störf fólks,
- miðaði að því að örva fasteignamarkaðinn,
- leitaðist við að jafna ábyrgð á hækkun lána milli lántakenda og lánveitenda,
- fól í sér minnstu tilraun til að leiðrétta það misgengi sem hafði orðið.

Ekki voru allir sammála því að þetta væri ekki nóg og hefur Morgunblaðið eftir Hrannari B. Arnarsyni:

Þau greiðsluvandaúrræði sem boðið er upp á, þ.e. greiðslujöfnun, frysting lána, hækkun vaxtabóta, útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar og fleira, ættu að duga flestum til að komast yfir erfiðasta hjallann. (sic)¹⁹

¹⁷ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.050.html>

¹⁸ <http://www.althingi.is/lagas/144b/2010101.html>

¹⁹ Aðgerðirnar eru taldar duga flestum. Morgunblaðið. 9. maí 2009.

Meirihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur - „Norræna velferðarstjórnin“

Kosið var til Alþingis hinn 25. apríl, 2009. Tók við völdum meirihlutastjórn sömu flokka og höfðu myndað minnihlutastjórn mánuðina á undan, þ.e. Samfylking og Vinstri hreyfingin grænt framboð (VG), áfram undir forsæti Jóhönnu Sigurðardóttur. Í fyrsta sinn í lýðveldissögunni höfðu vinstri flokkar á Íslandi náð hreinum þingmeirihluta og gátu myndað ríkisstjórn án stuðnings Framsóknarflokksins. Áttu menn því von á ýmsu góðu á sviði velferðarmála og varðandi málefni heimilanna. Stjórnin fékk viðurnefnið norræna velferðarstjórnin. Sú nafngift átti eftir að snúast upp í andhverfu sína og verða að háðsyrði, þegar fram liðu stundir.

Maður hefði nú haldið að ráðherrar meirihlutastjórnarinnar létu strax hendur standa fram úr ermum við að bregðast frekar við aðstæðum heimila landsins. Öðru var nær. Þau lög sem samþykkt voru á sumarþingi árið 2009 snerust lítið um að bæta hag heimilanna, frekar að auka á vanda þeirra.

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum (bandormur)

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, almennt kallað bandormurinn, var lagt fram á Alþingi 18. júní 2009 með þingskjali 155. Bandormar eru reglulega lagðir fram samhliða fjárlagagerð og svo þegar hrinda á almennum efnahagsaðgerðum í framkvæmd. Því var gert ráð fyrir að „norræna velferðarstjórnin“ legði fram slíkt frumvarp og það markaði efnahagsstefnu hennar. Flest ákvæði frumvarpsins eru til skerðinga á réttindum eða hækkunar á sköttum. En svo kom að lífeyrisþegum. Samkvæmt athugasemd við frumvarpið voru þarna greinilega fundin breiðubökin í þjóðfélaginu, því eftirfarandi breytingar voru lagt til:

- a. lækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar,
- b. afnám heimildar til að velja á milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar,
- c. skerðingu grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna,
- d. skerðingu aldurstengdrar örorkuuppbótar vegna tekna,
- e. hækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar²⁰

Eins og viðurkennt er í athugasemdum með frumvarpinu, var ákveðið að svipta lífeyrisþega nánast öllum réttarbótum sem áunnist höfðu á nokkrum undangengnum árum. Vissulega er lögð áhersla á að um tímabundnar aðgerðir sé að ræða, en a.m.k. liður á átti að gilda í hálf fimm ára eða til 31. desember 2013, sem varla getur talist svo tímabundið! Til setja þetta í krónulegt

²⁰ Þingskjal 155 – 137. löggjafarþing.

samhengi, þá var gert ráð fyrir að ofangreindir liðir leiddu til skerðinga hjá lífeyrispegum upp á 1,825 ma.kr. árið 2009 og 3.650 ma.kr. árið 2010. Vegna 2009 nam þetta 20% af fjárhæð „aðhaldsaðgerða“ ríkisstjórnarinnar, en 10% vegna 2010. Að hlutfallið sé ekki hærra helgast eingöngu að því, að árið 2010 var gert ráð fyrir að aðhald í rekstri færi úr 1.800 ma.kr. í 14.250 ma.kr. Sé þessum lið sleppt, þá vegur skerðingin til lífeyrispega 24% árið 2009 og 17% árið 2010 af „hagræðingaraðgerðunum“.

Álit mitt: Það kom í minn hlut að mæta á fund efnahags- og skattanefndar, til að ræða um þetta frumvarp. Með mér á fundinum komu fulltrúar annarra utangarðshópa, þ.e. aldraðra og öryrkja. Ég fann virkilega til með þeim, en þingmenn reyndu að etja okkur saman. Það voru sem sagt kröfur okkar hjá HH sem vorum að stefna afkomu lífeyrispega í voða! Ég lét sem ég heyrði ekki þessa athugasemd, en sagði hreint út mína skoðun á ofangreindum ákvæðum bandormsins. Ég sagði þetta ómerkilega árás á lífeyrispega og ekkert annað en níðingsverk. Sátu flestir þingmenn hljóðir undir þeim orðum.

Í blogg færslu sem ég skrifaði um frumvarpið, og þá sérstaklega þetta atriði, sagði ég:

„Hún er sérkennileg forgangsröðun ríkisstjórnarinnar, þegar kemur að niðurskurði ríkisútgjalda. Fyrsti hópurinn sem ráðist er á með niðurskurðarhnífnum er gamla fólkið og öryrkjarnir. Sá skattur sem þessir hópar þurfa að sitja uppi með er ekki 8%, eins og þeir tekjuháu þurfa að bera. Nei, hann mælist í tugum prósentu. Já, þau eru lítilmannleg ráðin sem jafnmenn og félagshyggjuöflin búa yfir...

Ég verð að viðurkenna, að ég veit ekki hverju ríkisstjórnin ætlar að áorka með sumum af þessum skerðingum hjá lífeyrispegum. Margir þeirra standa verulega höllum fæti í samfélaginu og með þessu aðgerðum er staða þeirra gerð ennþá verri. Það eru takmörk fyrir því hversu oft er hægt að hafa núðlur og spagettí í matinn, en fyrir mörgum liggur ekki annað fyrir.“²¹

Það ótrúlega var, að upp spruttu alls konar „jafnaðarmenn“, sem töldu þetta hið besta mál!

Þarna missti ríkisstjórn Jóhönnu allt sitt traust sem ég hafði þó borið til hennar og mér varð ljóst að hún væri langt frá því að vera norræn velferðarstjórn.

2. Ábyrgð á námslánnum

Með lögum nr. 78/2009 var afnumin krafa um ábyrgðarmenn á námslánnum teljist námsmenn

²¹ Bandormurinn er ómerkileg árás á þá sem minnst mega sín, <https://marinogn.blog.is/blog/marinogn/entry/899950/>

lánshæfir samkvæmt reglum sjóðsins. Sett var ákvæði til bráðabirgða til að koma í veg fyrir að ákvæðið væri afturvirk.

Álit mitt: Löngu tímabært að námsmenn þurfi ekki að fá fjölskyldumeðlimi til að gangast í ábyrgðir fyrir óljósri framtíð námsmannsins. Eðlilegt hefði verið að reglurnar hefðu verið afturvirkar, þar sem greinilega er verið að mismuna námsmönnum. Dómar, sem gengið hafa síðan, sýna hve vitlaust þetta kerfi er og er löngu orðið tímabært að fella allar ábyrgðir vegna námslána niður.

3. *Aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns*

Það var komið fram í miðjan október, þegar Árni Páll Árnason lagði loksins fram frumvarp að lögum um hvernig fjármálafyrirtæki ættu að bregðast við skuldavanda einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Lög nr. 107/2009²² voru samþykkt í miklum flýti án fullnægjandi umfjöllunar. Skipaðar voru tvær nefndir til að fylgjast með framkvæmd laganna, annars vegar eftirlitsnefnd undir formennsku Maríu Thjel, hdl. og þáverandi forstöðumanns Lagastofnunar Háskóla Íslands. Auk hennar voru skipuð í nefndina Sigríður Ármannsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Þórólfur Matthíasson, prófessor. Hins vegar skipaði félags- og tryggingamálaráðherra nefnd sem þingflokkarnir tilnefndu fólk í. Var hún undir formennsku Magnúsar Péturssonar, þáverandi ríkissáttasemjara. Sat ég í henni sem fulltrúi Hreyfingarinnar. Nánar er fjallað um störf nefndarinnar síðar.

Álit mitt: Þó ásetningurinn hafi verið góður, þá voru löginn innihaldslítill og áttu fjármálafyrirtækin auðvelt með að túlka þau eftir eigin hentisemi. Þátttaka mín í nefnd félags- og tryggingamálaráðherra gaf mér góða innsýn í hve illa gekk fyrir fjármálafyrirtækin að greiða úr málum skuldugra heimila (og raunar fyrirtækja líka). Í undirkaflanum Lög nr. 107/2009 fer ég nánar út í þau mál.

4. *Nauðungarsölum fresta*

Aftur var nauðungarsölum frestað vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekkert gert til að breyta ástandinu. Aftur var gefinn allt of stuttur tími, þ.e. til 28. febrúar 2010.

Álit mitt: Gott að fresta nauðungarsölum, en til hvers að framlengja bara um 4 mánuði? Ríkisstjórnin hlaut að hafa áttað sig á því á þessum tímamarki að allt tók mjög langan tíma og

²² <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2009.107.html>

fjórir mánuðir breyttu ekki miklu.

5. *Greiðsluáðlögun einstaklinga, greiðsluáðlögun veðkrafna og fólk með tvær eignir*

Ríkisstjórnin vaknaði af dvala á sumarþingi 2010. Á einu bretti voru þrenn lög samþykkt. Fyrstu tvö nr. 101/2010 og 102/2010 voru til að bæta úr göllum fyrri laga um greiðsluáðlögun, en þau þriðju voru til að taka á vanda fólks með tvær eignir vegna sölutregðu. Fólk sem sat uppi með tvær eignir við hrun, var líklegast sá hópur sem stóð verst. Hann féll hvergi inn í úrræði, sem staðið höfðu til boða, vegna þess að enginn markaður var fyrir eignir, greiðslubyrði lána hafði hækkað mikið, margir voru fastir í rándýrri bráðabirgðafjármögnun og loks hunsuðu fjármálafyrirtækin þó þau úrræði sem stóðu til boða, þ.e. samkomulagið frá 3. apríl 2009.

Álit mitt: Hagsmunasamtök heimilanna höfðu þegar bent á að greiðsluáðlögunarúrræðin voru ekki nógu góð og þeim þyrfti að breyta. Lög nr. 101/2010 og 102/2010 voru því bara staðfesting á því sem við höfðum sagt. Varðandi lög nr. 103/2010, þá höfðum við einnig oft bent á að skilgreina þyrfti svona úrræði. Sjálfur var ég þessari stöðu og var búinn að koma að lokuðum dyrum fjármálafyrirtækjanna við að leysa úr mínum málum með svipuðum hætti og lögin gerðu ráð fyrir. Endaði ég svo á því að nýta mér lögin, en ekki fyrr en fokið var í öll önnur skjól. Samkvæmt skýrslu um höfuðstólsleiðréttingu²³ nýtti 101 aðili sér lög nr. 103/2010.

Í samtali, sem ég átti við finnskan blaðamanna í febrúar 2009, þá sagði hann mér að fólk með tvær eignir hefðu komið verst út úr finnsku kreppunni í byrjun 10. áratugar síðustu aldar. Að hans sögn var þetta sá hópur sem lengst var í vanda og hlutfallslega flestir enduðu í gjaldþroti.

6. *Sérfræðingahópur um skuldavanda heimilanna*

Í október 2010 blés ríkisstjórnin í herlúðra og átti að gera eitthvað stórt í málefnum heimilanna. Fyrst var haldinn stór fundur í Þjóðmenningarhúsinu með öllum mögulegum og ómögulegum hagsmunaaðilum, en síðan var stofnaður svo kallaður sérfræðingahópur um skuldavanda heimilanna. Var mér boðið að vera þar sem eini fulltrúi lántaka á móti nokkrum fulltrúum lánveitenda, einum starfsmanni fjármálaráðuneytisins og efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar, Sigurði Snævarr sem stjórnaði vinnunni. Fjalla ég um þessa vinnu í kaflanum Sérfræðingahópurinn. Þessi vinna skilaði í sjálfu sér engu, þar sem fjármálafyrirtækin voru búin að ákveða, eins og ári áður, hvað ætti að gera. Og enn einu sinni völdu þau ranga leið.

²³ Höfuðstólslækkun húsnæðislána, bls. 53. Forsætisráðuneytið. Nóvember 2013.

Álit mitt: Ákaflega gangleg vinna. Bara að niðurstaðan hefði verið í samræmi við það. Ég átti mér einn bandamann í hópnum og það var Sigurður Geirsson, fulltrúi Íbúðalánasjóðs. Náðum við mjög vel saman og sáum vandann, að mínu áliti, eins og hann var. Fjármálafyrirtækin voru hins vegar að leita að leið til að fá blessun stjórnvalda fyrir því að þurrka út úr bókkum sínum kröfur sem lögum samkvæmt þau áttu að vera búin að skrá á afskriftarreikning fyrir löngu. Enginn vilji var hjá þeim að viðurkenna að kröfurnar væru vafasamar eða ekki væri innistæða fyrir þeim. Meira um þetta í kaflanum Sérfræðingahópurinn.

7. *Alls konar bútasamur*

Á haustþingi 2010 fór fram alls konar bútasamur, þegar verið var að laga illa samin lög frá fyrri þingum. Allt of oft var verið að laga hluti sem við hjá HH höfðum bent á að væru ekki í lagi. Síðan var nauðungarsölum frestað enn einu sinni, vegna þess að fyrri frestir voru ekki notaðir til að breyta aðstæðum heimilanna.

8. *Fyrningarfrestur skulda vegna gjaldþrots*

Með lögum nr. 142/2010 var fyrningarfrestur eftirstæðra krafna við gjaldþrot stytur í tvö ár. Jafnframt var gert erfiðara fyrir kröfuhafa að rjúfa fyrningu.

Álit mitt: Þessi breyting var af hinu góða og hefur gert mörgum kleift að byrja með hreint borð eftir gjaldþrot. Fram að þessu hafði gjaldþrot þýtt nánast ævilangt skuldafangelsi, þar sem kröfuhafar pössuðu sig á því að rjúfa fyrningu fyrir lok fyrningarfrests. Nú var bæði fyrningarfresturinn stytur í tvö ár og leita þarf til dómstóla til að rjúfa fyrninguna. Flestir kröfuhafar virðast sætta sig við að afskrifa þarf kröfur sem eru ógreiddar við gjaldþrot. Á þessu er þó ein áhugaverð undantekning, þ.e. Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Kröfuhafar voru, eins og oft áður, ekki lengi að finna út hvernig ætti að bregðast við vilja löggjafans að rétta fólki líflínu. Í staðinn fyrir að gera fólk gjaldþrota, þá eru gerðar fjárnámskröfur í eignir fólks. Þegar slík krafa er gerð í bú einstaklings, sem er með réttu gjaldþrota, þá verður hún árangurslaus. Kosturinn við það fyrir kröfuhafann er að fyrningarfrestur árangurslauss fjárnáms vegna peningaláns er 10 ár samkvæmt 5.gr. laga nr. 150/2007. Með því að endurtaka fjárnámið fyrir lok fyrningarfrests, þá myndast nýr fyrningarfrestur. Ný leið hefur verið fundin til að viðhalda kröfunni, því eignalaust fólk hefur ekki efni á að óska sjálft eftir gjaldþrotaskiptum.

9. *Árna Páls-lögin*

Eitt stærsta mál haustþingsins árið 2010 var, þegar Árni Páll Árnason, þá orðinn efnahags- og viðskiptaráðherra, opinberaði hverra hagsmuna hann bar fyrir brjósti²⁴. Fjalla ég um lög nr. 151/2010²⁵, almennt kölluð Árna Páls-lögin, í sérstökum kafla, Árna Páls-lögin og áhrif þeirra. Frumvarpið var lagt fram 11.11.2010. Því var ætlað að leysa úr réttaróvissu vegna dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010, 153/2010 og 471/2010. Frumvarpið fékk, að ég best veit, ágætis umræðu í nefnd. Mætti ég, t.d., ásamt aðilum, sem töluðu fyrir hönd neytenda, fyrir efnahags- og viðskiptanefnd 18.11. og færðum við öll mjög sterk rök fyrir því að lögin gengju gegn stjórnarskránni og neytendaverndartilskipun. Meira að segja lögmenn kröfuhafa bankanna færðu fram rök fyrir því sama. Þingnefndin hins vegar hunsaði allar slíkar ábendingar og bjó til meiri réttaróvissu, en rékti fyrir setningu laganna. Ekki hefur enn tekist að greiða úr öllum þeim vafamálum, sem lögin ýmist bjuggu til eða áttu að leysa án þess að gera það.

Álit mitt: Margt í lögunum var ágætt, en það sem var slæmt var afleitt. Lögin bjuggu til meiri réttaróvissu, en þeim var ætlað að leysa, bæði hjá einstaklingum og lögaðilum. Hef ég aldrei geta skilið hvers vegna Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins börðust ekki harðar gegn þessari lagasetningu, því ekki er langt síðan, þ.e. 7 árum eftir gildistöku laganna, að ég tók eftir að í gangi voru dómsmál milli lántaka og nýju bankanna þriggja vegna óuppgerðra álita mála. Hefur því að fullu ræst úr spá fjölmargra aðila að lögin væru ólög. Hæstiréttur dæmdi síðan mikilvægustu ákvæði þeirra ógildi í fjölmörgum dómum. Skaðinn var hins vegar skeður, því lántökum var nánast stillt upp við vegg. Annað hvort samþykktu þeir túlkanir fjármálafyrirtækja á lögunum eða að þeir færu út í kostnaðarsöm málaferli til að sækja rétt sinn. Flestir völdu fyrri kostinn.

10. *Íbúðalánasjóður má færa niður kröfur:*

Það var svo í apríl 2011 að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur áttaði sig á því að Íbúðalánasjóður hafði ekki lagaheimild til að bjóða upp á 110% leiðina, þannig að því var kippt í liðinn.

Álit mitt: Gott að menn átti sig á hlutunum, en hefði mátt gerast svona eins og haustið 2009, þegar boðið var upp á ekki ólíka aðgerð, þ.e. fyrstu útgáfuna af sértækri skuldaaðlögun.

²⁴ Ég held raunar að rangt sé að eigna Árna Páli heiðurinn af lögunum, þó það hafi blasað við í upphafi. Ég tel að samninganefndin um uppgjör við kröfuhafa vegna endurreisnar viðskiptabankanna eigi þann heiður og þar með Steingrímur J. Sigfússon. Meira um það, þegar ég fjalla um gengistryggðu lánin, sem verður ekki gert í þessum hluta.

²⁵ <http://www.althingi.is/altext/139/s/0662.html>

11. *Framlenging á lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og..*

Já, bönkunum gekk svo svakalega vel að vinna úr skuldavanda heimilanna, að nauðsynlegt var að lengja gildistíma laga nr. 107/2009 um heilt ár. Ég sat einhverju sinni fund þingnefndar, þar sem fulltrúar fjármálafyrirtækjanna lýstu því yfir hve mikilvægt það væri að færa úrvinnslu mála skuldugra einstaklinga og heimila frá Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, vegna þess að ráðgjafastofan réði bara ekkert við málin og það tæki hana allt of langan tíma að fá niðurstöðu. Þetta var haustið 2009. Tveimur árum síðar var gildistími laganna lengdur frá 31.12.2011 til 31.12.2012, líklegast vegna þess að bönkunum gekk bara ekkert betur að vinna úr þessum málum.

Álit mitt: Eins og oft áður var verið að framlengja lög, sem höfðu fengið of stuttan gildistíma. Menn hefðu hins vegar betur tekið enn stærra skref og látið lögin gilda til ársloka 2015, ef ekki 2020, því málafjöldin var einfaldlega það mikill, málin flókin og allir aðilar þurftu meiri tíma til að átta sig á stöðunni.

12. *Lög um neytendalán*

Frá hruni hafði ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur margoft verið hvött til þess að endurskoða lög um neytendalán, þannig að þau endurspegluðu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008. Það gekk loksins eftir í mars 2013, en lögin tóku gildi 1. nóvember sama ár.

Álit mitt: Betur seint en aldrei, en hafa skal í huga að þessi seinkun á innleiðingu tilskipunarinnar hafði mjög neikvæð áhrif á réttindi lántaka gagnvart þeim lánnum sem flutt voru yfir frá hrunbönkunum. Þessi dráttur leyfði einnig nýrri lánastarfsemi að skjóta rótum, þ.e. smálánafyrirtækjum. Framgangur þeirra hefur síðan ítrekað sýnt, að allt of margar holur eru í lögumum. Dómar Hæstaréttar í málum sem snerta verðtryggða lánasamninga neytenda sýna líka að neytendaverndin í lögumum er minni en a.m.k. ég vonaðist til.

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar

Ný ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks tók við völdum eftir þingkosningar vorið 2013. Segja má að þar vinni saman aðilar sem áhuga hafa á að rétta hag einstaklinga og heimila (Framsóknarflokkur) og þeir sem lítinn áhuga hafa á því (Sjálfstæðisflokkur). Oftast hefur stjórnin þó verið samstíga í að hygla þeim ríkari í þjóðfélaginu og hefur þess vegna fengið viðurnefnið „auðmannastjórnin“ með vísan til þess að Sigmundur Davíð og Bjarni Benediktsson eru báðir komnir af efnafólki.

Framsóknarflokkurinn var kosinn að mestu út á tvö kosningaloforð, þ.e. að leiðrétta verðtryggð húsnæðislán heimilanna og að afnema verðtryggingu af neytendalánnum. Fyrra málið gekk í gegn síðla árs 2014 og í byrjun árs 2015, en ekkert hafði bólað á afnámi verðtryggingarinnar, þegar stjórnin fór frá haustið 2016.

Nokkur mál hafa komið frá ríkisstjórn Sigmundar Davíðs sem skiptir heimilin máli:

1. *Lög um stimpilgjald*

Eitt af upprunalegu baráttumálum Hagsmunasamtaka heimilanna var afnám stimpilgjalds af lánasamningum. Töldum við að stimpilgjöldin væri samkeppnishindrun, sem torveldaði einstaklingum og heimilum að færa viðskipti sín á milli lánastofnana og leita þannig betri lánskjara. Vissulega höfðu verið gerðar breytingar á lögum um stimpilgjöld í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur án þess að taka skrefið til fulls. Lögin, sem voru samþykkt rétt fyrir júl 2013, kveða á um að framvegis séu eingöngu tekin stimpilgjöld við eignaryfirfærslu, en ekki af lánessamningum. Sá hængur er þó á, að stimpilgjaldið hækkar úr 0,4% í 0,8% nema við kaup á fyrstu eign, þá er hægt að fá helming afslátt.

Álit mitt: Ég fagna því að sjálfsögðu, að lánsskjöl beri ekki lengur stimpilgjald, en get ekki annað en furðað mig á því, að gjaldið hafi verið tvöfaldað. Er það einmitt þetta sem fólk þarf, þegar það festir sér kaup á fasteign. Að greiða ríkissjóði tæplega 1% í stimpilgjald af verðmæti eignarinnar?

Stimpilgjald er skattur, þar sem fjárhæð þess er langt umfram þann kostnað sem það á að dekkja. Þetta er skattur sem letur fólk í fjárfestingum og hefur því neikvæð áhrif á fjárfestingar heimila í húsnæði.

2. *Aðstoð við gjaldþrot*

Eins og ég nefndi að ofan, þá voru fjármálafyrirtæki fljót að bregðast við því að fyrningarfrestur vegna gjaldþrots var kominn niður í 2 ár. Þau hættu að setja fólk í gjaldþrot og notuðu í staðinn árangurslaust fjárnám til að halda fólki í skuldafjötrum. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, lagði því fram frumvarp að lögum þar sem fólki var gert kleift að sækja um aðstoð til umboðsmanns skuldara fyrir greiðslu lágmarkstryggingar vegna skiptakostnaðar á búi. Tóku þau gildi í lok janúar 2014.

Álit mitt: Mér finnst alveg með ólíkindum, að ítrekar þurfi að setja lög eða breyta lögum til að bregðast við lagasniðgöngu fjármálafyrirtækja. Rosalega hljóta starfsmenn lögfræðideilda þeirra

og lögfræðilegir ráðgjafar að vera stoltir af afrekum sínum. Fátt finnst mér aumkunarverðara en að sparka í liggjandi mann. Það virðist hins vegar vera orðin sérgrein ákveðins hóps lögfræðinga og ákveðinna fyrirtækja.

3. *Leiðréttingin og úttekt séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána*

Hinn 1. desember 2013 var Leiðréttingin kynnt með lúðrablæstri í Hörpu. Hafði hópur sérfræðinga ríkisstjórnarinnar lagst yfir hvernig hægt væri að efna kosningaloforð Framsóknarmanna án þess að ofgera Sjálfstæðismönnum. Niðurstaðan var að leiðrétta hækkun verðbóta umfram 4,8% yfir tveggja ára tímabil, þ.e. frá 1.1.2008 til 31.12.2009. Nær leiðréttingin því yfir lengra tímabil, en upphaflegar kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna, en á móti var viðmiðið varðandi hvað væri forsendubrestur heldur hærra en viðmið HH sem voru 4,0%. Vissulega er 4,8% viðmiðið hvergi nefnt í lögnum um leiðréttinguna, en það kemur fram í kynningarefni og skýrslu sérfræðingahóps ríkisstjórnarinnar.

Fyrirkomulag leiðréttingarinnar var ekki öllum að skapi og töldu menn Framsóknaflokkinn vera að svíkja kosningaloforð. Flæktist það mest fyrir mönnum, að Sigmundur Davíð sagði í kosningasjónvarpi að hægt væri að sækja 300 ma.kr. til kröfuhafa, ef ekki meira, og nota fyrir heimilin. Vildu margir því fá alla þessa 300 ma.kr. í leiðréttinguna og létu rétta útreikninga á forsendubrestinum ekki trufla sig. Ég fjalla betur um þetta í kaflanum Forsendubresturinn.

Álit mitt: Ég held að fáir þekki jafn vel og ég til talna varðandi þann forsendubrest sem Hagsmunasamtök heimilanna óskuðu eftir að yrði leiðréttur með kröfugerð sinni í febrúar 2009 sem endurtekin var alloft á næstu árum á eftir. Get ég vitnað til margra greina, þar sem fram kemur að forsendubresturinn hafi að mati HH verið um 15,5% miðað við að verðbætur umfram 4% á ári yrðu leiðréttar. Með því að miða við 4,8% varð leiðréttingin um 13,8%. Að þessu leiti tel ég að markmiðinu hafi verið náð. Það sem ég var hins vegar ekki sáttur við, var að hluti leiðréttingarinnar hafi verið höfð af fólki með alls konar klækjum. Vil ég þar nefna að sérstakar vaxtabætur eru teknar til baka krónu fyrir krónu. Fjármálafyrirtæki hirða síðan hluta leiðréttingarinnar án þess að þurfa að sanna eitt eða neitt. Nóg er fyrir þau að halda fram að eitthvað hafi gerst og þá er þeim trúað, eins og þau séu traustverðugustu fyrirtæki í heimi. Einnig voru settar upp alls konar flækjur, sem vafalaust voru góðra gjalda verðar, en snerust upp í andstæður sínar, þegar leiðréttingar hurfu vegna óskiljanlegra reglna eða reglna sem ekki var með nokkru móti hægt að skilja að ættu við viðkomandi, þegar sótt var um leiðréttinguna. Hef ég helst á tilfinningunni að ýmsir frádráttarliðir og svarthol hafi verið sett inn í lögum um leiðréttinguna til að þóknast Sjálfstæðismönnum og þá sérstaklega Bjarna Benediktssyni,

formanni Sjálfstæðisflokksins, en hann var meðan ég stóð í þessari baráttu á vegum HH eini formaður stjórnmalaflokka á Alþingi sem sagði hreint og skýrt nei við kröfu HH um leiðréttingu verðtryggðra lána.

Varðandi úttekt séreignarsparnaðar til að greiða inn á húsnæðislán, þá hef ég aldrei skilið hvers vegna þótti nauðsynlegt að tengja það við leiðréttinguna.

4. *Frestun á nauðungarsölum*

Enn einu sinni var gripið til þess að fresta nauðungarsölum og enn einu sinni var líklegast gefinn of stuttur frestur eða til 1. mars 2015. Ég veit ekki hversu oft nauðungarsölum var frestað með lagabreytingum, en aldrei datt mönnum í hug að breyta lögnum þannig, að hægt væri að láta slíkar sölur ganga til baka. Aldrei datt mönnum í hug að gefa fólki líflínu og ógilda nauðungarsölur sem fóru fram út af röngum forsendum, rangt útreiknuðum lánum, innistæðulausri kröfu, illgirni og hvað það var nú annað sem varð til þess að nauðungarsala fór fram. Á þessum árum varð ég vitni af óteljandi bolabrögðum fjármálafyrirtækja til að komast yfir húseignir fólks, allt frá því að hunsa allar viðræður til þess að koma mjög hreint fram og segja: „Við viljum eignast þetta húsnæði og munum gera það!“ Trixin voru óteljandi og sýslumenn féllu í hverja gildruna af fætur annarri. Það gerðu líka sveitafélög sem létu teyma sig á asnaeyrum að kröfuborðinu. Fæst vildu leggja fram kröfu um nauðungarsölu, en eftir að fjármálafyrirtækin voru búin að leggja fram sína kröfu, þá fylgdu lögveðshafarnir á eftir. Fjármálafyrirtækin vissu hins vegar að sínar kröfur stæðust ekki skoðun og drógu nauðungarsölubeiðni sína því til baka á loka metrunum og létu engan vita. Nauðungarsalan hélt áfram, þar sem lögveðskröfuhafar höfðu ekki dregið nauðungarsölubeiðni sína til baka. Mörg húseignin var slegin fjármálafyrirtæki með þessum hætti á mjög lágu verði. Hefði það hins vegar haldið nauðungarsölubeiðni sinni til þrautar, þá hefði líklegast ekkert fengist upp í kröfuna, því hún var of aftarlega í veðröðinni.

Lög nr. 107/2009 - „Skjaldborgarlögin“

Eftir að þing kom saman í október 2009, lagði Árni Páll Árnason, þáverandi félagsmálaráðherra, fram frumvarp að lögum sem urðu nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns. Að mínu mati eru þessi lög stærsta ástæðan fyrir því að bankarnir þrír náðu að skila af sér þeim ógnar hagnaði, sem þeir hafa gert frá hruni. Þó vissulega hafi slegið á hagnaðinn árið 2017.

Frumvarpið var lagt fram föstudaginn 16. október 2009 samkvæmt upplýsingum á vef Alþingis²⁶. Ef farið er yfir þær upplýsingar sem sjá má á vef þingsins (og þær sem ég hef sjálfur úr tölvupóstum stjórnar Hagsamtaka heimilanna), þá gekk málið svona fyrir sig:

1. Fyrsta umræða fór fram síðdegis mánudaginn 19. október og var málinu vísað til félags- og tryggingamálanefndar, ráðstöfun sem hefði alveg getað gengið upp, ef tryggt hefði verið að efnahags- og viðskiptanefnd þingsins hefði verið beðin um umsögn.
2. Nokkrum klukkutímum áður en fyrsta umræða átti sér stað, fékk ég hringingu frá nefndarviði, þar sem óskað var eftir að fulltrúar Hagsmunasamtaka heimilanna mættu á fund félags- og tryggingamálanefndar kl. 11:00 að morgni þriðjudagsins 20. október. Jafnframt var óskað eftir því að samtökin skiluðu inn umsögn sinni eins fljótt og auðið var. Fór hún frá okkur ríflega eitt eftir miðnætti aðfararnótt þriðjudagsins. Reikna ég með að aðrar umsagnir hafi verið unnar í viðlíka flýti, a.m.k. kvarta margir umsagnaraðilar um lítinn tíma.
3. Föstudaginn 23. október var frumvarpið "rifið úr nefnd", eins og Þór Saari orðaði það í þingræðu sinni við 2. umræðu. Leita þurfti afbrigða til að fjalla um málið svona stuttu eftir að þingskjali var dreift.
4. Önnur umræða hófst kl. 11:38 en var frestað í 29 mínútur kl. 13:01, vegna þess að nefndin þurfti að skjóta saman fundi til að ræða athugasemd frá Þór Saari, hélt umræðan síðan áfram kl. 13:30 og lauk með atkvæðagreiðslu kl. 14:20 og var frumvarpinu þá aftur vísað til nefndar.
5. Þrátt fyrir að nær allir sem tóku þátt í 2. umræðu kvörtuðu yfir því að málið hefði ekki fengið næga umræðu (bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, þó ekki samfylkingarþingmenn), þá var málið keyrt áfram. Félagsmálanefnd hélt fund undir

²⁶ Frumvarpið var þingmál nr. 69 á 138. löggjafarþingi 2009-2010 en upplýsingar um ferli þess er að finna hér: <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=138&mnr=69>

stiga í Alþingishúsinu og afgreiddi málið úr nefnd á nokkrum mínútum. Vel innan við 19 mínútum.

6. Þriðja og síðasta umræða hófst 19 mínútum eftir að atkvæðagreiðslu annarrar umræðu lauk. Umræðan tók 5 mínútur og lögin samþykkt með 32 atkvæðum gegn einu atkvæði Þórs Saari. 30 þingmenn voru fjarstaddir vegna þess að það var búið að gefa út að ekki yrðu þingfundir þennan dag og stór hluti þeirra sem var fjarverandi voru við jarðaför.

Aldrei hefur verið gefinn skýring á þessum flýti, en hugsanlega var ástæðan að mánudaginn 26. október hófst þing Norðurlandaráðs í Reykjavík og það því loknu var kjördæmavika. Mér tel hins vegar öruggt, að fjármálafyrirtækin hafi þegar verið komin svo langt með óleyfilegt samráð sitt, að þau hafi þrýst á um að þetta óleyfilega samráð yrði bakkað uppi með lögum. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 20. október, sem finna má í málsskjölum félags- og tryggingamálanefndar, segir þannig:

Þá skal þess sérstaklega getið að með bréfi, dags. 21. september sl., heimilaði Samkeppniseftirlitið Samtökum fjármálafyrirtækja að taka þátt í viðræðum við framkvæmdar- og löggjafarvaldið um samræmd viðbrögð við greiðsluferfiðleikum illa staddra heimila. Tekið var fram að yrði niðurstaða viðræðnanna að móta þurfi sameiginlegt verklag fjármálafyrirtækja væri skylt að sækja um undanþágu fyrir slíku samstarfi. Ekki hefur reynt á veitingu slíkrar undanþágu.

Þarna er skýrt tekið fram, að engin undanþága hafði verið veitt til fjármálafyrirtækjanna um samráð vegna þeirra atriða sem frumvarpið og síðar löggin náðu yfir. Í því ljósi er margt ansi furðulegt sem gerðist í framhaldinu.

Viku síðar var blásið til hátíðar, þegar undirritaðar voru nokkrar verklagsreglur um skuldaúrræði. Morgunblaðið fjallar um væntanlega undirritun í blaðinu 30. október²⁷ og tilgreinir að hátíðardagurinn sé daginn eftir.

Og daginn eftir var vissulega skrifað undir samkomulag um þrenns konar úrræði, þ.e. greiðslujöfnun húsnæðislána, greiðslujöfnun bílalána og bílasamninga og samkomulag um sértæka skuldaaðlögun. Fullbúin skjöl um þessar verklagsreglur/samkomulag voru lögð fram. Vísað var til þess að allt byggði þetta á lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og

²⁷ „Samið um úrræði vegna skuldavanda“, tekið af vef mbl.is, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/30/samid_um_urraedi_vegna_skuldavanda/

gjaldeyrishruns. Eins og ég bendi á að ofan var frumvarpið lagt fram á Alþingi þann 16. október og ofangreind umsögn Samkeppniseftirlitsins er frá 20. október. Það skýtur því skökku við að samkomulagið um sértæka skuldaaðlögun var tilbúið í drögum þann 12. október eða fjórum dögum áður en frumvarpið var lagt fram, 8 dögum áður en Samkeppniseftirlitið segir að engin heimild til samráðs hafi verið veitt, 11 dögum áður en lög in voru samþykkt í miklum flýti á Alþingi og 19 dögum áður en blásið var í herlúðrana í tilefni undirritunar samkomulagsins. Enda kom í ljós, að samkomulagið gekk gegn inntaki laganna í nokkrum veigamiklum atriðum. En hvaða máli skiptir það? Orð fjármálafyrirtækjanna hafa meira vægi en lög frá Alþingi.

Ég sat síðar í nefnd á vegum félagsmálaráðherra, var tilnefndur af Hreyfingunni, til að meta framkvæmd laganna. Ég benti ítrekað á þetta atriði á fundum nefndarinnar, en það hentaði hvorki formanni nefndarinnar að skoða það nánar né fulltrúa Samfylkingarinnar sem öllu réði. Ég benti líka á það í blogg færslum að reglurnar hreinlega brutu gegn lögnum og sendi þingmönnum ábendingar þar um. Öllum virtist nákvæmlega sama, enda nokkuð ljóst, að Alþingi og stjórnvísan færu **aldrei** að ganga gegn vilja fjármálafyrirtækjanna.

Rammagrein – Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um frumvarp að lögum nr. 107/2009

Í símtali frá nefndarsviði Alþingis síðdegis 19. október var ég beðinn um sjá til þess að fulltrúi Hagsmunasamtaka heimilanna mætti á fund félagsmála- og tryggingarnefndar kl. 11:00 morguninn eftir og jafnframt að samtökin sendu inn umsögn sína um frumvarp á þingskjali 121, aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldmiðilshruns. Samtökin lögðust í að skrifa umsögn og eru megin drættir hennar:

- Hagsmunasamtök heimilanna hafa tekið tillögur félagsmálaráðherra til ítarlegrar skoðunar. Samtökin telja að margt sé vel gert í þessum tillögum en annað missi gjörsamlega marks, hafi ætlunin verið að leiðrétta þann órétt sem heimilin hafa verið beitt undanfarin ár.
- Líkja má aðgerðum fjármálafyrirtækjanna við að þau hafi spilað rússneska rúllettu með fjöregg þjóðarinnar.
- Hagsmunasamtök heimilanna hafa gert þá kröfu að leiðrätt verði sú hækkun á höfuðstóli húsnæðislána sem fjárglæfrar fjármálafyrirtækjanna orsökðu. Samtökin telja furðulegt, að lántakendur skuli eiga að bera tjón sitt að fullu, eins og ráðherra gerir ráð fyrir í tillögum sínum.
- Með tillögum félagsmálaráðherra, sem birtar voru 30. september 2009, er ráðherra að staðfesta þessa eignarupptöku hjá öllum þeim heimilum sem geta eingöngu nýtt sér þær almennu aðgerðir sem boðaðar eru í tillögnum. Hagsmunasamtök heimilanna geta alls ekki fallist á slíka staðfestingu og munu berjast gegn fyrirhugaðri eignaupptöku með öllum tiltækum ráðum.

- Með því að viðurkenna þessa eignaupptöku, er félagsmálaráðherra að binda fjölmarga áttuga- og íbúðafjötrum. Fólk mun ekki geta fært sig til, hvorki farið í stærra húsnæði né minnkað við sig um ókomna framtíð.
- Hagsmunasamtök heimilanna fagna því að fara eigi í leiðréttingu á greiðslubyrði húsnæðislána. Samtökin telja þó að sú útfærsla sem felst í tillögum félagsmálaráðherra bæði ganga of stutt og vera of flókin.
- Gagnrýni samtakanna á þessa aðferð er því tvíþætt. Samtökin telja aðferðina allt of flókna til að bjóða fólki upp á hana og að tilgangur hennar sé að tryggja að engin leiðrétting skulda heimilanna komi til.
- Samtökin sjá alveg þann kost við tillögu ráðherra, að greiðslubyrðin mun léttast strax 1. nóvember samkvæmt þessari leið, en sjá það fyrir að þetta sé svikalogn og stormurinn sem fylgir gæti orðið mörgum erfiðari en hamfarir undanfarinna mánaða.
- Hagsmunasamtök heimilanna vilja ítreka kröfu samtakanna um að sett verði afturvirk 4% þak á hækkanir höfuðstóls verðtryggðra lána. Við teljum að það sé sanngjörn og réttlát leið til að leiðrétta þann misrétt sem heimilin voru beitt í aðdraganda kreppunnar og þau hafa þurft að súpa seyðið af síðast liðið ár eða svo.
- Hagsmunasamtök heimilanna geta ekki fallist á að greiðslujöfnunarvísitala verði notuð til að ákvarða greiðslubyrði verðtryggðra eða gengistryggðra lána til langframa. Samkvæmt útreikningum samtakanna felst í þessu gildra, þar sem telja á fólki trú um að verið sé að slaka eitthvað á innheimtuklónni, þegar ekkert slíkt er í gangi.
- Hagsmunasamtök heimilanna vilja ítreka þá skoðun, að ekki verði nein sátt í samfélaginu, nema fólk fái fjárhagstjón sitt bætt. Samtökin skilja ekki þau rök, að sjálfsgat mál sé að verja sparnað fólks í peningainnistæðum, en gjörsamlega ómögulegt að verja sparnaðinn ef hann er í fasteignum fólks.
- Það er mat Hagsmunasamtaka heimilanna, að í tillögum ráðherra felist mikilsverð viðurkenning á þeirri kröfu að samtakanna, að þörf sé fyrir almennar aðgerðir til að leiðrétta stöðu heimilanna. Tillögurnar veita vissulega ákveðið skjól til skamms tíma, en allt bendir til að heimilin verði gerð brottræk úr skjólinu innan fárra ára.
- Ráðherra hefur sagt að tillögurnar leggi vissan þrýsting á lánastofnanir að halda verðlagi stöðugu og verðlagsbreytingum í lágmarki. Með því hámarka þær væntanlega endurgreiðslu af lánunum. En eins og oft, þá eru fleiri en ein leið að hverju marki. Lánastofnanir geta einnig hámarkað væntanlega endurgreiðslu með því að stuðla að því, að verðlagsbreytingar verði alltaf minni en launabreytingar, þó svo að verðlagsbreytingarnar séu miklar. Lykillinn að hámarks endurheimtum lánveitenda felst því í kaupmáttaraukningu, ekki tiltekinni þróun verðlags.
- Ráðherra hefur sagt fleira sem vekur upp ýmsar spurningar. Svo sem að hans fólk hafi verið að vinna í þessum tillögum frá því í sumar. Sé það rétt, þá telja samtökin að tími sé til kominn að skipta um mannskap í verkinu. Að það hafi tekið tvo eða þrjú mánuði að breyta fyrri greiðslujöfnunarúræðum úr því að vera ekki með neitt þak á framlengingu lánstíma í að vera með 3 ára hámark á framlenginguna, er ekki góður vitnisburður um afköst starfsmanna vinnuhópsins.
- Heimilin hafa þurft og eiga á næstu árum að bera fullan kostnað af hruninu. Ef það er ekki stökkbreyttur höfuðstóll lána og gríðarleg hækkun greiðslubyrði til langframa, þá eiga þau á meðan

dregið er aðeins úr greiðslubyrðinni að bera 30-40% hærri skatta, ef eitthvað er að marka ný framlagt fjárlagafrumvarp.

- Og sé það ekki nóg, þá á að eigna þjóðfélagshópum saman á næstu árum, þar sem hækkun launa, t.d. kennara, verkafólks eða bankamanna, mun leiða til hækkaðrar greiðslubyrði lána.
- Meðan ekkert er gert til að rétta af efnahagsreikning heimilanna, þá eru þessar tillögur ófullnægjandi, þó vissulega sé eitthvað jákvætt í þeim.
- Það sem meira er, með tillögnum er heimilunum enn einu sinni sýnd langatöng og staðfestur sá grunur samtakanna, að það sé ætlun og eindreginn vilji stjórnvalda að heimilin í landinu eigi að fjármagna kennitölulflakkarabankana með fasteignum sínum. Þjóðnýta á heimili landsmanna og kóróna þannig getuleysi þriggja ríkisstjórna á einu ári til að gera eitthvað sem mark er á takandi fyrir heimilin í landinu.
- Ef þetta er réttlæti ríkisstjórnarinnar, biðja samtökin allar góðar vættir að forða okkur frá ranglæti hennar.
- Tillögur ráðherra eru ekkert annað en stríðsyfirlýsing.

Fjármálafyrirtækin sendu fljótlega frá sér reglur sem þau sögðu að væru til að bregðast við lögum nr. 107/2009. Málið var bara að reglurnar brutu gegn ákvæðum laganna án þess að opinberir aðilar gerðu nokkra einustu athugasemd við það.

En byrjum á að skoða helstu markmið laganna, eins og þau eru sett fram í athugasemdum með frumvarpinu:

Meginverkefni nýju bankanna á næstu mánuðum verður að leiða þessi skuldamál til lykta gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Við það þarf að taka mið af þeim varúðarfærslum eða niðurfærslum sem gerðar hafa verið við flutning útlána til nýju bankanna. Mikilvægt er að þetta gerist sem hraðast til þess að koma í veg fyrir að skuldavandi heimila og fyrirtækja vindi ekki (sic) enn frekar upp á sig. Þá er mikilvægt að færa niður skuldir að því sem raunhæft hefur verið talið í mati á efnahag nýju bankanna... Eftirgjöf eða skuldbreytingar á lánum heimila og fyrirtækja er því í raun lokahnykkurinn á því skuldaaðlögunarferli sem hófst með setningu neyðarlaganna í október.

.. Skynsamlegast er talið að taka á vandanum með skuldbreytingum og skuldaeftirgjöf fremur en halda einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum í spennitreyju skulda..

Þarna er sagt beint út, að færa þurfi skuldir niður „að því sem raunhæft hefur verið talið í mati á efnahag nýju bankanna“. Gert er ráð fyrir eftirgjöf, en ekki virðisaukningu. Út frá þessu má álykta, að

matið á eignum bankanna átti að ráða ferðinni, en ekki vera grundvöllur fyrir þeirri virðisaukningu og hagnaði sem bankarnir tóku til sín á næstu árum.

Um tilgang frumvarpsins segir:

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna skýra stefnuyfirlýsingu frá Alþingi og stjórnvöldum um að kröfuhafar skuli leita samninga við skuldara um endurskipulagningu og leita sameiginlega lausna á fjárhagslegum vanda einstaklinga, heimila og fyrirtækja, með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Ég held að þessi tilgangur frumvarpsins hafi almennt verið hunsaður af fjármálafyrirtækjum. Svo ég tali bara fyrir sjálfan mig, þá hóf ég tilraunir til samninga við Dróma seint í ágúst 2009. Þar til krafan var seld Arion banka í árslok 2013, þá reyndi Drómi aldrei að leita samninga við mig um skuldir mínar. Í febrúar 2016 aðstoðaði ég fyrirtæki vegna lána hjá ónefndu fjármálafyrirtæki og í því tilfalli hafði hvorki heyrst hósti né stuna frá fjármálafyrirtækinu í 4 ár, þar til að gerð var krafa upp á margfalda fjárhæð þess sem lán fyrirtækisins stóðu í á síðasta greiðsluseðli, en á þeim tíma voru lán í skilum. Svona var þetta nánast í öllum tilfellum, þegar ég hef verið að aðstoða lántaka. Fjármálafyrirtækin voru ekki að leita samninga við skuldara, heldur sendu fáránlega endurútreikninga mörgum árum eftir að síðasti greiðsluseðill hafði verið sendur út. Með þessu juku þau að sjálfsögðu vaxtatekjur sínar, hlóðu á lánin vanskilakostnaði og oftast en ekki ýmsum öðrum kostnaði sem varð til úr engu.

Þá eru það greinar laganna, sem snúa að einstaklingum:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars

vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

2. gr.

Einstaklingar og heimili.

Í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga skal fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skal miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Heimilt er eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði að móta með samkomulagi sínu á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem gildi tímabundið.

Verklagsreglur sem settar eru skv. 1. mgr. skulu m.a. taka til eftirtalinna atriða:

1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til eðlilegrar framfærslu.
3. Mats á aðstæðum skuldara, m.a. fjölskyldugerð, húsnæði og sérstökum aðstæðum.
4. Skilyrða sem kunna að verða sett fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánessamninga.
5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.

Þarna kemur mjög skýrt fram að horfa eigi til þess að nota eftirgjöf skulda „til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignarstöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis“. Einnig er talað um að „hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði“. Svo er fjármálafyrirtækjunum veitt heimild til að hafa samráð um verklagsreglur.

Í blogg pistli 21. október 2009, *Enn eitt vígið fallið - Veð á að duga fyrir skuldum - Stórskuldugir fá mestu afskriftirnar*²⁸, fjalla ég um frumvarpið að lögunum. Les ég greinilega allt annað úr lögunum, en bankarnir og að ég tali nú ekki um þá sem fjalla seinna um ýmis úrræði sem samþykkt hafa verið.

Byrjun þó á tilvitnun í athugasemdum með frumvarpinu. Um 2.gr. frumvarpsins segir m.a.:

²⁸ Sjá <http://marinogn.blog.is/blog/marinogn/entry/967526/>

Greinin tekur aðeins til einstaklinga [og heimila]. Hér eru lagðar til meginreglur um hvert eigi að vera viðmið samningsaðila þegar breytingar eru gerðar á eldri lánasamningum svo ná megi þeim markmiðum sem greinin kveður á um. Markmiðið er að skuldir verði aðlagðar eignum og greiðslugetu. Við mat á greiðslugetu er eðlilegt að horft sé til tekna undanfarið ár og framtíðarmöguleika. Við mat á virði eigna er eðlilegt að litið sé til markaðsverðs, þar sem það hefur myndast, eða opinbers mats á eignum sem standa til tryggingar, eins og til dæmis fasteignamats eða mats á bifreiðum ef slíkt mat er til. Forsenda þess að niðurfærsla höfuðstóls skuldar og vaxta sé raunhæf og sanngjörn er að lántaki geti greitt af þeirri fjárhæð. Ef lántaki getur til dæmis ekki greitt af nýjum höfuðstól skuldar, sem tekur mið af virði eigna, er líklegt að forsendur lántaka séu brostnar og leita verði annarra lausna, eins og til dæmis sölu eigna.

Í bloggfærslunni velti ég fyrir mér ýmsum atriðum, sem hanga í lausu lofti:

1. Eignir eiga að duga fyrir skuldum: Hvaða eignir og hvaða skuldir? Er þetta þá ekki jafngilt lykjalögum, þ.e. að hægt er að skila lykluðum gegn niðurfellingu áhvílandi skulda. Fjármálafyrirtækin voru að sjálfsögðu með annan skilning og vildu fá 10% meira en fólk átti.
2. Laga á skuldastöðu að greiðslugetu og eignastöðu: Það getur ekki hafa átt að þýða annað en að allar skuldir umfram þetta eigi að falla niður. Hafi fólk greiðslugetu sem er minni en nemur virði eignar, þá átti að selja eignir. Kannast ekki við að það hafi verið stundað. Í staðinn var fundin út 110% eignastaða og sumar skuldir lagaðar að henni. Námslánaskuldir voru, t.d., undantekningarlaust undanskildar, einnig flestar veltuskuldir að ég tali nú ekki um ábyrgðir, en þó þær séu ekki innheimtanlegar skuldir meðan skuldari stendur í skilum, þá geta þær fallið á ábyrgðarmann og þar með breytt öllum forsendum endurskipulagningar skulda viðkomandi. Í engu af þeim málum, þar sem skuldari leitaði til mín um aðstoð eða ráðleggingar, fór fram greiðslumat, þ.e. greiðslugeta skuldara var ekki metin. Samt segir í lögunum að horfa skuli til greiðslugetu viðkomandi einstaklings.
3. Stórskuldugir fá mestu afskriftir: Já, þannig hefur það alltaf verið vegna þess, að fjármálafyrirtæki urðu hvort eð er að afskrifa tapaðar skuldir. Þau eru skyldug samkvæmt lögum að færa lán án trygginga á varúðarreikninga og algengast er að slík lán séu hjá þeim sem skulda mest.

Umsögn mín um frumvarpið var frekar einföld:

Raunar má segja að á frumvarpinu séu þannig ágallar, að betra sé að fresta afgreiðslu þess og freista þess að gera það betra.

Því miður varð félagsmálanefnd ekki við þeirri beiðni okkar í Hagsmunasamtökum heimilanna að fresta málinu og vinna það betur. Frumvarpið varð að lögum föstudaginn 23. október 2009. 33 þingmenn tóku þátt í atkvæðagreiðslunni, af þeim sögðu 32 „já“, en Þór Saari sagði „nei“. 30 þingmenn voru fjarverandi, flestir voru við jarðaför, þar sem búið var að segja að enginn þingfundur yrði þennan dag, sem var síðasti starfsdagur þingsins í hálfan mánuð vegna þings Norðurlandaráðs, sem haldi var í Reykjavík þetta árið, og kjördæmaviku sem fylgdi á eftir.

Mér komu í huga ljóðlínurnar „Þeir hafa okkur svikið/kratarnir með spikið“, þegar mér varð ljóst að ófullkomið frumvarp um einhverjar mikilvægustu aðgerðir fyrir heimilin eftir hrun höfðu verið samþykktar án fullnægjandi umræðu. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þá formaður félags- og tryggingamálanefndar, sagði mér síðar að nefndarfundur um málið milli 2. og 3. umræðu hefði farið fram undir stiga á göngum Alþingis. Hún hvorki mælti fyrir meirihlutaálitinu né greiddi atkvæði um lögin. Ég sendi Eygló Harðardóttur og Lilju Mósesdóttur harðorð mótmæli yfir því að þetta mál hafi verið afgreitt með þessum hraða. Lilja svaraði mér því, að hún hefði haldið að þetta væri það sem við hjá HH vildum.

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sendi Guðfríðu Lilju og nefndarmönnum félags- og tryggingamálanefndar, tölvupóst hinn 22. október, þar sem hann varar við afgreiðslu þess. Framsendi hann þennan póst á mig. Í lok póstsins segir hann:

Frumvarpið er afgreitt með allt of miklum hraða frá nefndinni og er óbreytt einfaldlega vont mál. Ekki láta þitt fyrsta mál sem formaður félags- og tryggingamálanefndar fara frá nefndinni með þessum hætti. Þetta verður að skoða betur og afgreiða í meira samráði við aðra.

Í einkasamtali við mig, sagði Guðfríður Lilja, að hún hefði verið mjög ósátt til við frumvarpið og hafði viljað vinna það betur. Þrýstingur frá Árna Páli Árnasyni, félagsmálaráðherra, og þingmönnum Samfylkingarinnar í nefndinni hafi hins vegar orðið til þess að frumvarpið hafi verið afgreitt úr nefndinni þarna að morgni 23. október gegn hennar vilja. Það var síðan Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaformaður nefndarinnar, sem mælti fyrir álitni nefndarinnar bæði við 2. og 3. umræðu.

Ég vil síðan benda á texta 2.gr. (og raunar 3.gr. líka), þar sem segir: „Heimilt er eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem gildi tímabundið.“ Þetta ákvæði gengur þvert á ábendingu Samkeppniseftirlitsins í umsögn sinni um frumvarpið, en þar segir um þetta:

Samkeppniseftirlitið telur afar mikilvægt að eftirlitið hafi kost á því að fylgjast með og afmarka samstarf það sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þannig að markmið laganna nái fram að ganga, án þess að hagsmunum neytenda af virkri samkeppni sé fórnað. Það verður best gert með því að beita núgildandi heimildum samkeppnislaga um undanþágu frá banni við samráði. Verði ekki fallist á það leggur Samkeppniseftirlitið eindregið til að heimildin verði afmörkuð nánar og allur vafi tekinn af því að samkeppnislög gildi um starfsemi fjármálafyrirtækja að öðru leyti.

Já, fjármálafyrirtækjunum var veitt opin heimild um það hvernig samráði þeirra var háttað.

En fleiri steina átti eftir að taka úr.

Ekki liðu nema nokkrir dagar þar til tilkynnt var um samkomulag stjórnvalda við fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og íbúðalánasjóð um úrræði vegna skuldavanda einstaklinga og heimila og framkvæmd þeirra²⁹. Samhliða undirritun þess voru birt nokkur skjöld, m.a. verklagsreglur um sérstaka skuldaaðlögun einstaklinga³⁰.

Í fyrstu grein verklagsreglnanna um sértæka skuldaaðlögun segir m.a.:

..Reglurnar eru settar með hliðsjón af 2.gr. laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem samþykkt var á Alþingi þann 23. október 2009...

Er þetta mjög merkilegt, vegna þess að verklagsreglurnar eru samhliða drögum að reglunum sem Hagsmunasamtökum heimilanna bárust og eru dagsett 12. október 2009 eða fjórum dögum áður en þingskjal nr. 69 með frumvarpi að lögum nr. 107/2009 var lagt fram á þingi³¹ og heilum 11 dögum áður en frumvarpið varð að lögum. Nema von að félagsmálaráðherra lá svona mikið á að koma málinu í gegn um þingið að það þoldi ekki fullnægjandi umræðu. Hann var einu sinni sem oftár að láta undan þrýstingi fjármálafyrirtækjanna, sem höfðu séð ofsjónum yfir því að Ráðgjafastofa um fjármála heimilanna, síðar Umboðsmaður skuldara, færi með úrvinnslu skuldamála heimilanna. Slíkt

²⁹ Samningar vegna skulda einstaklinga og heimila undirritaðir, mbl.is, 30.10.2009, sjá http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/31/samningar_um_greidslujofnun_og_skuldaadlogun_undirr/

³⁰ Skjalið er að finna á vef velferðarráðuneytisins, sjá https://www.velferðarraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/2-Undirritun_-_verklagsreglur_um_sertaka_skuldaadlogun.pdf

³¹ Aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns, ferill máls, þingskjal nr. 69, 138. löggjafarþing 2009-2010, <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=138&mnr=69>

fyrirkomulag gat nefnilega leitt til þess að skuldari fengi betri niðurstöðu en kröfuhafanum væri þóknanleg.

Þegar verklagsreglurnar eru skoðaðar, þá kemur í ljós, að þær uppfylla ekki ákvæði 2.gr. laganna. Hvorki hvað varðar að laga skuldastöðu að greiðslugetu né að hámarka gagnkvæman ávinning aðila af eftirgjöf skulda. Raunar var það þannig, að umsókn skuldara um sértæka skuldaaðlögun var nánast undantekningarlaust hafnað, ef ekki var sýnt fram á greiðslugetu upp á 100% af markaðsvirði veðsettra eigna. Til frekari skýringar segir í 11.gr.: „Með veðsettum eignum er átt við íbúðarhúsnæði sem samrýmist fjölskyldustærð og að jafnaði eina bifreið.“

Sárafaír gátu nýtt sér sértæka skuldaaðlögun. Samkvæmt skýrslu Maríu-nefndarinnar, svo kölluðu, frá september 2011³² sóttu aðeins 927 einstaklingar/fjölskyldur um sértæka skuldaaðlögun frá gildistöku verklagsreglnanna fram til 31. maí 2011. Á þeim tímapunkti höfðu 675 umsóknir verið samþykktar, flestra hjá Arion banka eða 418 og næstflestar hjá Íslandsbanka, 1777. Landsbankinn hafði aðeins samþykkt 40 af 109 umsóknum, en hafnað 34, meðan Byr samþykkti einnig 40 af 152 og hafði þá hafnað 17. Þetta úrræði, sem kynnt hafði verið í nóvember 2009 sem skjótvirkt og skilvirkt var nánast gjörsamlega ónýtt, enda var það allt of flókið og seinlegt í vinnslu og bara fyrir fólk með miklar tekjur. Eftirlitsnefndin er mér sammála um að úrræðið hafi ekki virkað eins og skyldi. Í skýrslu skuldaleiðréttingarhópsins frá nóvember 2013³³ kom fram að lækkun skulda vegna sértækra skuldaaðlögunar hafi numið 7,3 ma.kr. og að 824 aðilar hafi nýtt sér það. Það þýðir að hver hafi fengið tæpar 8,9 m.kr. felldar niður.

Þegar haft er í huga, að sértæk skuldaaðlögun var eina aðgerðin sem boðið var upp á, sem átti að veita heilstæða lausn fyrir skuldara, þ.e. á öllum skuldum þeirra, þá er skelfilegt til þess að hugsa að fjármálafyrirtækin hafi nánast haldið fólkið frá því að fara þessa leið. Eftirlitsnefndin gerði athugasemd við þetta í skýrslu sinni:

Því hefur verið lýst í kafla 6.1.5, Úrvinnsla og niðurstaða greiðslumats, að framkvæmd bankanna á úrræðinu er ekki í samræmi við ákvæði verklagsreglnanna. Nefndin getur fallist á það að vissulega þurfi að gera stöðumat í byrjun til að geta metið hvaða úrræði henti hverjum og einum. Eðlilegt hlýtur að teljast að einstaklingar/heimili eiga að geta sótt um sértæka skuldaaðlögun í framhaldi af vinnslu slíks mats. Bankarnir hafa ekki boðið þeim sem hafa

³² Þriðja skýrsla eftirlitsnefndar til efnahags- og viðskiptaráðherra, samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns, bls. 40. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. September 2011. Sjá: <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/utgafa/frettir/eldri-frettir/evr/nr/2917>

³³ Höfuðstólslækkun húsnæðislána, bls. 53. Forsætisráðuneytið. Nóvember 2013.

gengið í gegnum stöðumat upp á að leggja inn umsókn um sértæka skuldaaðlögun heldur ákveða þeir sjálfir hvort mál eru send til vinnslu á grundvelli úrræðisins sértæk skuldaaðlögun eða ekki. Skuldararnir geta því ekki sjálfir knúið fram slíka skoðun. Þetta verklag skýrir að hluta til hvers vegna svo fáum málum er hafnað, enda eru í menginu af mögulegum málum aðeins þau mál sem bankarnir sjálfir meta tæk í úrræðið sértæka skuldaaðlögun.³⁴

Á grunni laga nr. 107/2009 var aftur farið í aðgerðir nánast upp á dag 13 mánuðum síðar. Voru það aðgerðir sem boðaðar voru með lúðrablæstri í Þjóðmenningarhúsinu í byrjun desember 2010 og áttu að byggja á vinnu og útreikningum sérfræðingahópsins svokallaða, en ég átti sæti í þeim hópi. Fjallað er sérstaklega um þá vinnu í kaflanum Sérfræðingahópurinn.

En aftur að verklagsreglunum. Í blogg færslunni *Sértæk skuldaaðlögun er hengingaról og fátæktargildra* frá 6. nóvember 2009 fjalla ég um sértæku skuldaaðlögunina. Þar segi ég m.a.:

Á vef Samtaka fjármálafyrirtækja hefur verið birt samkomulag fjármálafyrirtækja um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun. Hryllilegt plagg í alla staði, enda var aðkoma lántaka engin að skjalinu, að því að ég best veit.

Í skjalinu er margt fróðlegt að sjá, en eitt vantar alveg. Hvað eftir annað er lántökum stillt upp sem einhverjum óreiðumönnum, en hvergi er minnst einu orði á þátt aðildarféлага Samtaka fjármálafyrirtækja í því að koma lántökum í þá stöðu sem hugsanlega neyðir viðkomandi til að leita þeirra nauðasamninga sem skjalið lýsir. Hvergi er ýjað að þeim ágreiningi sem er í gangi um lögmæti gengistryggðra lána eða forsendubrest verðtryggðra lánasamninga vegna markaðsmisnotkunar fjármálafyrirtækja á undanförunum árum. Nei, fjármálafyrirtækin vantar ekkert annað en að líma á sig vængina og geislabauginn.

Hvet ég alla að lesa þetta skjal vel áður en þeim dettur í hug að sækja um þá aðgerð sem þar er lýst. Auk þess er ég sannfærður um að verklagsreglurnar brjóti í bága við 1. mgr. 2. gr laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns, en þar segir m.a.:

Skal miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði.

³⁴ Sama, bls. 44.

Í skjalinu er urmull atriða sem hvetja til "óþarfa kostnaðar og óhagræðis", að ég tali nú ekki um hve oft er sniðgengið það markmið "að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila".

Einnig brýtur samkomulagið í bága við 2., 5. og 6. tölulið 2. gr. þar sem segir:

2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til eðlilegrar framfærslu.

5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.

6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.

Ákvæði 2. töluliðar er augljóslega brotið í 7. gr. samkomulagsins, þar sem segir "að framfærslukostnaður sé metinn sem næst viðmiðunartölum Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna", en Ráðgjafastofan segir á vef sínum að í viðmiði hennar sé " einungis [...] tekið tillit til nauðsynlegra útgjalda að mati Ráðgjafarstofu." Þetta eru því mjög þröngt ákvörðuð framfærsla sem á ekkert skylt við "eðlilega framfærslu". Það haf og himinn milli "nauðsynlegra útgjalda" og "eðlilegrar framfærslu".

Ákvæði 5. töluliðar er ítrekað brotið, þar sem ekkert tillit er tekið til forsendubrests og vafa um lögmæti krafna. Það er heldur enginn rökstuðningur fyrir því að miðað er við 110% mörk við greiðslugetu eða skýrt út hvers vegna neyða á lántaka til að selja eignir til að lækka skuldabyrði lána sem þegar hefur verið gert ráð fyrir að séu metnar langt yfir sannvirði sínu.

Ákvæði 6. töluliðar er einnig ítrekað brotið, þegar ekki er gerð krafa um samræmt mat á ýmsum þáttum, svo sem hvað telst hæfilegt húsnæði, ekki er skilgreint hvað átt er við með orðunum "skal greiðslugeta ráða fjárhæð skuldbindinga sem greitt er af og fleiri slíkar geðþótta ákvarðanir má nefna, sem ekkert hafa með "hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda" að gera.

Loks vil ég enn og aftur benda fjármálafyrirtækjum, að við lántakar erum **viðskiptavinir þeirra, ekki mjólkurkýr. Mörg þessara fyrirtækja (eða undanfarar þeirra) tóku þátt í mjög grófri aðför gegn okkur og ollu gríðarlegu tjóni. Það er því öfugsnúið, að við séum glæpamennirnir sem eigum að tapa eigum okkar. Staðreyndin er sú að fjármálafyrirtækin eru, með fáum undantekningum, hinir seku og skulda okkur bætur, ekki öfugt.**

Við þetta má bæta, að Ásta Sigrún Helgadóttir, þá forstöðumaður Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna og síðar umboðsmaður skuldara, sagði á fundi í Seðlabankanum haustið 2009, að

framfærsluviðmiðum Ráðgjafastofunnar var eingöngu ætlað að gilda í stuttan tíma í hverju tilfalli. Um væri að ræða naumhyggjuviðmið, sem knýja ætti skuldara til að fylgja rétt á meðan viðkomandi væri að komast yfir erfiðasta hjallinn. Fjármálafyrirtækin gerðu hins vegar þessi framfærsluviðmið að langtíma viðmiði fyrir skuldug heimili. Fólk átti að þrúka á naumhyggjuviðmiðum árum og jafnvel áratugum saman, ef marka mátti reglur fyrirtækjanna.

Ég var svo sem ekki einn um að gagnrýna þessar reglur, þó djúpt yrði á því að nokkur utan Hagsmunasamtakanna þyrði að tjá sig opinberlega. Eftir að umræðan um Víglandarskjölin hófst, þá skrifaði Sigurður G. Guðjónsson grein sem birtist á Pressunni. Hún bar fyrirsögnina „Steingrímur vildi ekki stela“. Í einum undirkafla greinarinnar fjallar Sigurður um lög nr. 107/2009 sem hann kallar „skjaldborgarlögin“. Þar segir Sigurður:

Á þeirri rúmu viku sem liðin er síðan Víglandur Þorsteinsson sendi bréf sitt til þingamanna hefur komið fram að Steingrímur J. Sigfússon vildi hvorki stela frá kröfuhöfum þrotabankanna né fara gegn Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Steingrímur J. Sigfússonar virðist hins vegar hafa viljað setja efnahag einstaklinga, heimila og fyrirtækja í uppnám í þágu kröfuhafa þrotabankanna, þrátt neyðarlögin og þær heimildir sem þau veittu FME. Engu virðist hafa breytt þar um, þó samráðherra Steingríms J. Sigfússonar í norrænu velferðarstjórninni, Árni Páll Árnason, fengi samþykkt á Alþingi 30. október 2009 frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins – lög nr. 107/2009.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu sagði að lögin væru lokahnykkurinn á því skuldaaðlögunarferli sem hafist hafi með setningu neyðarlaganna. Í almennum athugasemdum var líka tekið fram að meginverkefni nýju bankanna á næstu mánuðum yrði að leiða til lykta skuldamál gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, og að við þá vinnu þyrfti að taka mið af þeim varúðarfærslum eða niðurfærslum sem gerðar hefðu verið við flutning útlána til nýju bankanna.

Lög nr. 107/2009 fengu viðurnefnið Skjaldborgarlögin. Ekki vegna þess að þau slægju skjaldborg um þá hagsmuni sem þeim var ætlað að vernda, heldur vegna þess að þau slógu skjaldborg um nýju bankana og útlánin sem flutt höfðu verið til þeirra frá þrotabönkunum með stjórnvaldsákvörðunum FME í október 2008.

Skjaldborgarlögin fólu einnig í sér víðtækt og ólögmett valdframsal Alþingis, sem fer með löggjafarvald samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kröfueigendum – nýju bönkunum – var falið að setja reglur um framkvæmd skuldaleiðréttingar samkvæmt Skjaldborgarlögunum.

Skjaldborgarlögin reyndust því ekki lokahnykkurinn á því skuldaaðlögunarferli sem hófst með neyðarlögunum, vegna þess að Steingrímur J. Sigfússon vildi ekki stýggja kröfuhafa þrotabankanna og láta þá leita réttar síns um lögmæti stjórnvaldsákvarðana FME fyrir dómstólum hér á landi.³⁵

Mikið hefði ég viljað Sigurður hefði birt þessa grein svona eins og fimm árum fyrr.

Staðreyndin er, að ENGIN aðgerð olli eins miklu tjóni fyrir heimilin í landinu en að láta fjármálafyrirtækin komast upp með reglur sínar. Það sem meira var, að þegar „leiðréttingin“ kom árið 2015, þá sá ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar til þess, að fjármálafyrirtækin fengju fyrst endurgreitt, það sem þó höfðu gefið eftir vegna þeirra úrræða sem komu út úr lögum nr. 107/2009! Alveg merkilegur andskoti af ríkisstjórn, sem stýrt var af mönnum, sem fannst allt í lagi að geyma peninga sína í skattaskjólum.

Nefnd félagsmálaráðherra um lög nr. 107/2009

Samkvæmt öðru af bráðabirgða ákvæðum laga nr. 107/2009 var að ráðherra ætti að „skipa starfshóp með fulltrúum allra þingflokka, sérfræðingum og fulltrúum hagsmunaaðila“. Síðan segir:

Hópurinn skal meta árangurinn af framkvæmd laganna og skoða álitæfni sem upp koma við framkvæmdina, sem og álitæfni tengd þinglýsingum og stöðu síðari veðhafa, samkeppnisréttarleg álitæfni sem tengjast lögunum og þörf á takmörkun á gildistíma laganna.

Þá skal starfshópurinn skoða stofnun nýs embættis umboðsmanns skuldara sem m.a. skuli gæta hags og réttinda skuldara, beita sér fyrir því að áhrif laga þessara séu í samræmi við markmið þeirra, vinna að því að tryggja jafnræði, sanngirni og gagnsæi í samskiptum og samningum fjármálafyrirtækja við skuldara og taka við og meðhöndla ábendingar og mál um misbeitingu laganna.

Starfshópurinn skal skila ráðherra fyrstu tillögum sínum og drögum að lagabreytingum eftir því sem efni standa til en þó eigi síðar en 1. mars 2010 og síðan eftir þörfum. Ráðherra skal að því búnu leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögunum.

Lögin voru samþykkt 23. október og starfshópurinn átti að skila af sér eigi síðar en 1. mars. Þá er náttúrulega algjör óþarfi að skipa hann fyrr en seinni hluta janúar, ekki satt? Málin þróuðust þannig,

³⁵ Sigurður G. Guðjónsson. Steingrímur vildi ekki stela. Pressan. 2. febrúar 2015. <http://www.pressan.is/pressupennar/LesaSigurdurG/steingrimur-vildi-ekki-stela> - Sótt 02. feb. 2015.

að Hreyfingin óskaði eftir því við mig, að ég yrði fulltrúi þeirra í starfshópnum. Ákvað ég að verða við þeirri beiðni.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 22. janúar 2010, kom í ljós, að Árni Páll Árnason, félagsmálaráðherra, hafði ákveðið að fara ekki að lögunum, því fyrir utan formann nefndarinnar, Magnús Pétursson, ríkissáttasemjara, og mig, þá sátu eingöngu þingmenn í nefndinni. Líklegast var ég allt í senn sérfræðingarnir og fulltrúar hagsmunaaðila (já, í fleirtölu). Frá Sjálfstæðisflokknum sat í nefndinni Unnur Brá Konráðsdóttir, Lilja Mósesdóttir var fulltrúi VG, Guðmundur Steingrímsson fulltrúi Framsóknar og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir frá Samfylkingunni. Auk þess var Práinn Bertelsson, sem var utan flokka, í nefndinni, en mætti aldrei.

Ekki þurfti nema þennan fyrsta fund til að átta sig á hvert starfið myndi stefna. Þar vorum við mætt ég, Magnús, Lilja, Sigríður og Guðmundur. Skrifaði ég í glósur mínar frá þeim fundi orð eins af þingmönnum: „Hópar hafa fengið sem ekki áttu að fá!“

Þó starfið hafi gengið ágætlega og oft skapast góð umræða, þá varð niðurstaða þess mikil vonbrigði og í anda þess að fjármálafyrirtækin áttu að ráða öllu.

María Thejll var fyrsti gestur nefndarinnar, en hún var formaður nefndarinnar sem átti að hafa eftirlit með lögunum. Ýmislegt áhugavert kom fram í hennar máli, en áhugaverðast var að 1. febrúar 2010 voru reglugerðir, sem ráðherra átti að gefa út, ekki einu sinni til í drögum! Á næstu fundum fengum við í heimsókn fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu, frá Samtökum fjármálafyrirtækja og bönkunum, frá skattinum, félagsmálaráðherrann sjálfan, en áhugaverðasti gesturinn var án efa Þorsteinn Þorsteinsson, fulltrúi fjármálaráðherra í samningum við kröfuhafa frá sumrinu 2009.

Gestir nefndarinnar höfðu alls konar skoðun á lögum nr. 107/2009 og færstar voru þær til þess fallnar að breyta skoðun minni á lögunum og þeim reglum sem bankarnir settu. Jafnvel fulltrúar bankanna töldu lögin ekki nógu góð og reglurnar ekki nógu víðtækar. Guðjón Rúnarsson, SFF, sagði hreint út að ákvarðanir bankanna yrðu byggðar á viðskiptalegum sjónarmiðum. Þar með var ljóst að bankarnir höfðu alfarið ákveðið að sniðganga markmið laganna. Þegar ég spurði hvort ekki þyrfti að útkljá lagaleg ágreiningsmál, þá var því einfaldlega svarað, að ekki yrði tekin afstaða til slíks ágreinings, sem er í andstöðu við 5. tölulið 2.gr. laganna! Ljóst var að bankarnir ætluðu ekki að láta lögin trufla sig við að ná í það sem þeir gætu. Fólk átti að sætta sig við eignatap, þrátt fyrir að það hafi verið bankarnir, vissulega forverar þessara, sem sköpuðu það tjón sem fólk þurfti að taka á sig. Gestur okkar frá Skattinum sagði hreint út, að hún teldi verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun gjörsamlega ótækar!

Hópurinn hittist örugglega 10 sinnum, ef ekki oftast á tímabilinu frá 22. janúar til 7. maí. Hann lagði fyrir ráðherra langan lista af athugasemdum og ábendingum. Sumar voru teknar til greina, en flestar hunsaðar. Eftir á að hyggja, þá var þetta góður vettvangur til skrafs og ráðagerða og komumst við flest í tæri við upplýsingar, sem ekki hefði verið auðvelt að nálgast á annan hátt. Margt var nánast ríkisleyndarmál á þessum tíma, en hefur komið fram ýmist í opinberum skjölum eða með leka í fjölmiðla. Starf hópsins styrkti hins vegar skoðun mína að lög nr. 107/2009 voru þverbrotin af fjármálafyrirtækjunum og þau túlkuðu lögin eins og þeim sýndist. Það sem meira er, að eftirlitsnefndin með lögnum, Maríu-nefndin svo kallaða, var ekkert að velta fyrir sér hvort verklagsreglur bankanna væru í samræmi við ákvæði laganna. Hún skoðaði bara hvort fyrirtækin færu eftir reglunum. Skýrslur Maríu-nefndarinnar sýndu líka hve aðgerðir bankanna voru árangurslitlar nema að tilgangurinn hafi verið að bankarnir eignuðust stóran hluta allra eigna í samfélaginu eða tækist að binda fólk og fyrirtæki í skuldaklafa til langs tíma. Sú aðgerð heppnaðist mjög vel, eins og ofurhagnaður bankanna frá hruni ber vott um.

Sérfræðingahópurinn

Líklegast er hægt að fella vinnu sérfræðingahópsins, svo kallaða, undir aðgerðir ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur.

Í október 2010 hafði Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, samband við mig. Vildi hann fá mig, sem fulltrúa skuldara, inn í hóp sérfræðinga sem skoða átti og meta tillögur sem fram höfðu komið um leiðir til að leysa úr skuldavanda heimilanna. Var haft samband við mig beint, en ekki Hagsmunasamtök heimilanna, þrátt fyrir að líta átti svo út að ég væri fulltrúi þeirra. Stjórn HH var mótfallin veru minni í sérfræðingahópnum, því hún óttaðist að þetta væri gildra og ætlunin væri að fá mig og HH til að skrifa undir hugmyndir sem væru okkur andsnúnar. Ég ákvað þrátt fyrir það, að taka þátt í þessari vinnu, þar sem bæði taldi ég nauðsynlegt að komast í nákvæmari tölur um skuldastöðu heimilanna og kynnast betur þankagangi fjármálafyrirtækjanna. Einnig taldi ég, ólíkt félögum mínum, að það væri skylda okkar að taka þátt í svona starfi, þegar stjórnvöld hefðu loksins samband við okkur.

Byrjaði þetta á því að stjórn HH átti fund með nokkrum ráðherrum ríkisstjórnar Jóhönnu í Stjórnarráðinu miðvikudaginn 6. október, 2010. Á fundinum voru Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, Steingrímu J. Sigfússon, fjármálaráðherra, Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra og Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar og Friðrik Ó Friðriksson, Andrea J. Ólafsdóttir, Ólafur Garðarsson og ég frá

Hagsmunasamtökum heimilanna. Á fundinum tilkynnti Jóhanna okkur að til stæði að kalla saman stóran fund allra helstu aðila til að fjalla um skuldamál heimilanna. Lýsti hún yfir vilja til samvinnu og samstarfs. Lítið kom út úr þessu fundi annað en að fólk hafi skipst á skoðunum og síðan að stefnt væri að öðrum fundi viku síðar. Sá fundur átti eftir að verða öðru vísi en við áttum von á.

Fundur í Þjóðmenningarhúsinu

Miðvikudaginn 13. október var okkur í stjórn HH boðið til fundar um skuldavanda heimilanna í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Var þetta kynntur sem samráðsvettvangur stjórnar og stjórnarandstöðu um skuldavanda heimilanna. Auk framangreindra ráðherra voru þarna mættir til viðbótar bankastjórar bankanna þriggja, þ.e. Birna Einarsdóttir, Höskuldur Ólafsson og Steinþór Pálsson, Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, Ásta H. Bragadóttir, starfandi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, Hrafn Magnússon og Arnar Sigmundsson frá Landsamtökum lífeyrissjóðanna, Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara, Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, þingmennirnir Lilja Mósesdóttir, Þór Saari, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Bragi Sveinsson og Helgi Hjörvar, Einar M. Árnason, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, og við stjórnarmenn HH. (Hafi ég gleymt einhverjum, biðst ég afsökunar á því.) Það sem kemur hér fyrir neðan byggir á glósum mínum frá fundinum. Í þeim er ekki haft orðrétt eftir fólki.

Jóhanna sagði að þessi hópur þyrfti að takast á við tvíþætt verkefni:

1. Skuldaúrræði, en staðan væri sú að úrræðin væru annað hvort ekki nægjanleg eða fólk væri ekki að nýta þau. Því þyrfti að skoða hvernig hægt væri að virkja úrræðin betur.
2. Möguleikar á niðurfærslu skulda. Ræða þyrfti þetta mál í botn og leiða aðila saman til að fá á hreint vankanta, kostnað og takmarkanir.

Hún lagði áherslu á að það væri hagur allra að úr rættist og ekki mætti láta staðar numið í vinnunni þó ekki fengist niðurstaða strax. Tilkynnti hún að skipaður yrði hópur sem myndi vinna áfram í málinu. (Var hún þar að vísa til sérfræðingahópsins sem síðar var skipaður.)

Steingrímur J. Sigfússon tók næst til máls. Birti hann á glærum ýmsar tölur um stöðu heimilanna:

- Heildarskuldir með veði í fasteign væru um 1.200 ma.kr.
 - 682 ma.kr. eru áhvílandi með allar skuldir innan veðrýmis (m.v. fasteignamat)
 - 512 ma.kr. eru áhvílandi á eignum þar sem hluti (125 ma.kr.) eru umfram veðrými
- Eftir væri að taka tillit til dóma Hæstaréttar um gengistryggð lán.
- Til viðbótar væru 132 ma.kr. sem ekki væru með veði
- Skipting lána:

- Gengistryggð lán: 119 ma.kr.
- Verðtryggð lán: 1.117 ma.kr.
- Óverðtryggð lán: 96 ma.kr.
- Bankar: 512 ma.kr.
- Íbúðalánasjóður: 645 ma.kr. (þar af beint til einstaklinga 598 ma.kr.)
- Lífeyrissjóðir: 175 ma.kr.
- Miðað við 598 ma.kr. hjá ÍLS, þá þýddi 15,5% niðurfærsla 92,7 ma.kr. lækkun, en væri hún 18% væri upphæðin 107,7 ma.kr.³⁶

Steingrímu vildi að farið væri í skilvirkar aðgerðir og sagði það brýnt. Hjólin færu ekki í gang fyrr en þetta gerðist og velti upp spurningunni hvað gerðist, ef þetta væri ekki gert. Hann taldi ríkið ráða við þetta og valið væri á milli þess að gera þetta núna eða dreifa yfir lengri tíma.

Þá var komið að kröfueigendum að lýsa því að þetta væri ekki hægt. Skipti þá engu máli hvort sá sem tók til máls var frá bönkunum, ÍLS eða lífeyrissjóðunum. „Við getum þetta ekki!“ Verður að viðurkennast, að þegar litið er til hagnaðar bankanna á árunum frá hrúni og út árið 2017, þá er það vandræðalegt að rifja upp orð bankastjóranna um að bankarnir þeirra hefðu ekki efni á þessu.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SFF, viðurkenndi að sértæka skuldaaðlögunin, frá árinu áður, væri ekki að virka. Er það alveg eins og við hjá HH vöruðum við, sbr. umfjöllun um lög nr. 107/2009. Hann vildi hins vegar vísa fólki á félagslega kerfið! Ákaflega göfugmannlegt.

Friðrik O. Friðriksson, formaður HH, fór í stuttu máli yfir stöðuna eins og HH hafði greint hana og úrræði sem samtökin höfðu lagt fram. Fékk hann mjög góðan stuðning frá Ástu Sigrúnu, umboðsmanni skuldara, Gísla Tryggvasyni, talsmanni neytenda, Ögmundi Jónassyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Þór Saari, Gunnari Braga Sveinssyni, Guðbjarti Hannessyni, Lilju Mósesdóttur, Helga Hjörvar og Einari M. Árnasyni. Allir þessir aðilar töldu hugmyndir HH ýmist einu raunhæfu úrræðin eða mjög mikilvægt innlegg inn í að finna réttmæta niðurstöðu.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, hnýtti nokkuð í bankastjórana. Bæði gangrýndi hann þá fyrir að vilja ekki ræða tillögur HH og síðan að þeir væru að hrósa sér af því að 80% viðskiptavina væri

³⁶ Þessar tölur sýna að orðaskak um að „leiðréttingin“ hefði átt að vera 300 ma.kr. byggði á sandi. 15,5% niðurfærsla hefði aldrei þýtt meira en 173 ma.kr.

í skilum. Taldi hann það vera hrikalegt hlutfall, en ekki eitthvað til að stæra sig af. Vildi hann að bankarnir horfðust í augu við eigin ábyrgð og taldi þá í mikilli afneitun.

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, var einnig harðorður í garð bankanna og ekki síður lífeyrissjóðanna. Hélt hann ágæta skammarræðu yfir þeim, en hélt eins og margir aðrir að barátta HH væri eina ljósglætan í þessu öllu.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, taldi bankana ekki hafa kynnt sér tillögur HH. Þær væru byggðar á sanngirnissjónarmiðum. Taldi hann enga sanngirni felast í því að fólk beri forsendubrestinn, meðan bankarnir hirtu afsláttinn af lánasöfnunum.

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra, var ekki ánægður með bankana. Vildi hann að þeir hættu að nota innheimtudeildir sínar til að hreinsa upp eignir heimilanna og var ekki hrifinn af tillögu Guðjóns Rúnarssonar að vísa á félagslega kerfið. Hann vildi að bankarnir gæfu strax upp hvaða afslátt þeir hefðu fengið, þannig að hægt væri að hugsa í lausnum.

Slík var orrahríðin sem beint var að bankastjórnunum, að Steinþór Pálsson bað sér vægðar. Sagðist ekki vera kominn til að karpa og heldur ekki til að hvítþvo sig.

Steingrímur og Jóhanna lokuðu fundinum. Steingrímur fagnaði hreinskilnum umræðum. Hann sagði að nauðsynlegt væri að fara í afskriftir. Spurningin væri bara um hvort fara ætti í stóra aðgerð strax eða dreifa þessu yfir lengri tíma. Tölurnar töluðu sínu máli um að ástandið væri alvarlegt. Ríkið tæki þátt eins og þyrfti. Hann vildi fá að vita hvort til væri lausn og hvað hún kostaði, en hvatti til þess að allir kæmu að borðinu. Jóhanna taldi umræðurnar gagnlegar, þó greinilega bæri mikið á milli. Hún taldi líka að vandi væri meiri og verri en vanskilatölur sýndu. Velti hún því upp hvort hægt væri að fara samningaleiðina út úr vandanum. Það ætti að vera viðfangsefni næstu daga og var líklegast að vísa í sérfræðingahópinn.

Fundurinn í Þjóðmenningarhúsinu var virkilega góður. Bara að framhaldið hefði verið á sama veg. Bara að Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir hefðu staðið við orð sín um þátttöku ríkisins og að ljúka ætti málinu með samningum. Bara að Ögmundur Jónasson og Guðbjartur Hannesson hefðu staðið við stóru orðin sín um að bankarnir ættu að koma hreint fram. Bara að Árni Páll hefði staðið við að ríkið ætti að ryðja hindrunum úr vegi. Bara, bara, bara.

Í hönd fór vissulega áhugaverð vinna, en niðurstaðan var án aðkomu lántaka. Niðurstaðan var sú sem bankarnir vildu og ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur lét blekkjast af barlómi bankanna sem höfðu ekki efni á einu eða neinu, þrátt fyrir að safna upp yfir 600 ma.kr. í hagnað á sama tíma og þeir gátu ekki rétt hlut viðskiptavina sinna. Ekki beint trúverðugt í baksýnispeglinum.

Vinna hópsins

Sérfræðingahópurinn kom fyrst saman 17. október 2010. Hópin skipuðu eftirtaldir aðilar:

Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar,

Gísli Óttarsson, Samtök fjármálafyrirtækja

Porkell Sigurgeirsson, Landsamtök lífeyrissjóðanna

Sigurður Geirsson, Íbúðalánasjóður

Rafn Sigurðsson, fjármálaráðuneytinu, starfsmaður hópsins

Yngi Örn Kristinsson

Marinó G. Njálsson, Hagsmunasamtökum heimilanna (þó ég væri þar ekki í þeirra umboði)

Já, þetta voru bara karlar, eins og þeir einir geti bjargað heiminum!

Ég vil byrja á því að taka fram, að almennt áttum við mjög gott samstarf í hópnum. Vissulega deildum við um fjölmörg atriði, enda voru menn með ólík viðhorf, en þegar búið var að fá tölur á hreint, þá var oftast ekki langt á milli manna. Samstarf mitt við Sigurð Geirsson var virkilega gott og hefði ég treyst honum einum til að koma með sanngjarna og réttláta tillögu um úrlausn skuldavanda heimilanna. Ég er bara ekki viss um að hinir fulltrúar kröfuhafa hefðu samþykkt þær. Réttssýnni manni um þessi mál, hef ég ekki hitt meðal fulltrúa lánveitenda og þó víðar hefði verið leitað.

Já, við áttum almennt gott samstarf, en það hófst þó ekki fyrr en eftir að Yngvi Örn hélt um 20 mínútna tölu yfir mér, þar sem hann sagði að hann hefði verið settur í hópinn mér til höfuðs. Lýsti hann algjöru frati í allar tillögur HH og fór ófögrum orðum um samtökin, tillögur okkar og mig sjálfan. Ætlaði hann greinilega að koma mér úr jafnvægi, en það tókst ekki. Eftir að hann hafði lokið máli sínu, þá þakkaði ég honum fyrir hreinskilnina og spurði hvort við gætum þá ekki snúið okkur að viðfangsefninu. Ég gerði mér alveg grein fyrir að fjármálafyrirtækin litu á mig sem höfuðandstæðinginn, en það væri algjör misskilningur. Markmið mitt með þessari vinnu var að hjálpa fjármálafyrirtækjunum að halda viðskiptavinum sínum og viðskiptavinunum að vera áfram í viðskiptum við bankann sinn. Var ræða Yngva ekki rædd frekar og áttum við bara mjög gott samstarf

þann tíma sem vinnan stóð yfir. Verð ég að viðurkenna, að mér fannst þetta útspil hans í besta falli kjánalegt og í versta falli vandræðalegt fyrir hann.

Fyrir það fyrsta, þá breyttist tilgangur sérfræðingahópsins nokkuð frá því sem samþykkt hafði verið bæði í Þjóðmenningarhúsinu og á fundi okkar í HH með ráðherrunum. Eins og nefnt er að ofan nefndi Jóhanna Sigurðardóttir tvö atriði sem þyrfti að skoða, þ.e. hvernig væri hægt að fá skuldarræðin til að virka og svo ræða vankanta, kostnað og takmarkanir mögulegra úrræða. Hópurinn velti því miður að mestu fyrir sér kostnaði, en ekki öllu hinu. Er það fyrst og fremst ástæðan fyrir því að ég skilaði séráliti með skýrslu hópsins.

Verkefni hópsins var afmarkað sem hér segir:

Markmið aðgerða

1. Fólk hafi þak yfir höfuðið.
2. Skuldsett fólk nái endum saman.
3. Byrðum dreift á sanngjarnan hátt.
4. Aðgerðir skilvirkar, áhrifa gæti fljótt.
5. Umsýslukostnaður sem minnstur.

Meta átti sérstaklega

1. Áhrif á efnahagslíf og atvinnustig.
2. Áhrif á ríkissjóð í bráð og lengd.
3. Áhrif á eigna- og tekjudreifingu landsmanna.
4. Áhrif á greiðslubyrði lántaka
5. Áhrif á stöðu lífeyrissjóða í bráð og lengd.
6. Áhrif á fjárhag íbúðalánasjóð.
7. Áhrif á fjárhag banka og annarra lánastofnana.
8. Áhrif á efnahagslega hvata einstaklinga og lánastofnana.
9. Áhrif á framtíðarskipan og fjármögnun íbúðarlána.

Ef hópurinn hefði nú bara gert það sem lagt var upp með. En hann gerði það ekki. Í staðinn fór hann í að finna út hvað væri hægt að gera fyrir minnstan pening. Látum það liggja á milli hluta í bili.

Í hönd fór mikil vinna í að greina tölur og búa til reiknilíkön. Rafn Sigurðsson hafði veg og vanda af að safna tölum saman, setja upp fyrstu líkön og keyra tölur inn í þau. Var það byggt á gögnum frá Skattinum og því að miklu leiti frá árslokum 2009. Fyrir mig var ómetanlegt að komast í þessi gögn, því þau ekki bara sýndu vandann svart á hvítu, heldur líka skýrðu út hvers vegna úrræðin, bæði þau sem þegar stóðu til boða og ekki síður þau sem seinna komu, virkuðu ekki eins og þau áttu að gera.

Skoðum fyrst nokkrar tölulegar staðreyndir ýmist teknar upp úr skýrslu sérfræðingahópsins eða séráliti mínu:

1. Fasteignaskuldir heimilanna:

Fasteignaskuldir heimila 1. október 2010.

Milljarðar króna

| | |
|------------------------------|-------|
| Verðtryggð fasteignalán | 1.236 |
| Gengistryggð fasteignalán 1) | 117 |
| Óverðtryggð fasteignalán | 39 |
| <hr/> | |
| Fasteignalán, alls | 1.392 |

1) Fyrirvari var gerður um þessa fjárhæð vegna hugsanlegrar niðurstöðu dóma Hæstaréttar.

Fasteignaskuldir heimila eftir lánveitanda 1. október 2010

| | |
|-----------------------|-----|
| Íbúðalánasjóður | 579 |
| Lífeyrissjóðir | 183 |
| Bankar og sparisjóðir | 630 |
| <hr/> | |

| | |
|-------------------|-------|
| Fasteignalán alls | 1.392 |
|-------------------|-------|

2. Greining á fasteignaskuldum heimilanna í árslok 2009

- A. Fyrst er tala frá árslokum 2008. Í árslok 2008 voru skuldir heimilanna um 235% af ráðstöfunartekjum.
- B. Alls töldu tæplega 100.000 manns fram fasteign til skatts árið 2009, 41.196 einhleypir og 58.769 samskattaðir aðilar.
- C. 72.761 heimili taldi fram fasteignaskuldir í skattframtölum vegna tekjuársins 2009 að upphæð 1.196 ma.kr.
- D. Að meðaltali voru fasteignaskuldir hæstar hjá fólki á fertugsaldri, hvort heldur hjá einstaklingum eða sambúðarfólki.
- E. Ráðstöfunartekjur höfðu ekki afgerandi áhrif á húsnæðisskuldir, hvorki einstaklinga né sambúðarfólks.
- F. Í árslok 2009 voru yfir 20.000 heimili með yfirveðsettar eignir miðað við fasteignamat eignar. Yfir 1.220 heimili voru með yfirveðsetningu umfram 200% af fasteignamati. (Hafa skal í huga, að ekki var búið að dæma gengistrygginguna ólöglega og því eru lánin uppfærð að fullu.)
- G. 78,5% heimila í vanda³⁷ höfðu keypt fasteign sína árin 2004 til 2008, þ.e. eftir að bankarnir fóru út á fasteignalánamarkaðinn og fram að hruni þeirra.
- H. Um helmingur heimila í vanda voru með elsta einstakling undir 40 ára.

Í skýrslu sérfræðingahópsins er fjárhagsvandi heimilanna greindur á eftirfarandi hátt:

Fjárhagsvandi heimila er tvíþættur. Annars vegar skuldavandi sem á rætur að rekja til þess að eigið fé heimila í húsnæði hefur rýrnað verulega, því saman hefur farið hækkun lána vegna verð- og gengistryggingar og lækkun fasteignaverðs. Hins vegar greiðsluvandi sem stafar af hækkun greiðslubyrði lána, lækkun tekna s.s. vegna atvinnuleysis, tap eigna s.s. hlutafjár, stofnfjár og inneigna í peningamarkaðssjóðum. Skuldavandi og greiðsluvandi þurfa ekki að fara saman. Flest heimili eru í þeirri stöðu að eigið fé hefur rýrnað umtalsvert og mörg eru með neikvæða eiginfjárstöðu, en reyna engu að síður sitt besta að standa í skilum með sín lán. Heimili geta verið í greiðsluvanda þó eigið fé sé jákvætt. Heimili geta verið í greiðsluvanda jafnvel þótt eigið fé sé jákvætt.

Meirihluti hópsins ákvað að viðfangsefni hans væri eingöngu að leita upp þá, sem væru samkvæmt útreikningi hópsins, í greiðslu- eða skuldavanda, þ.e. ekki var gerð tilraun til að skoða næstu hópa við.

³⁷ Miðað er við forsendur meirihluta hópsins og þessi tala skýrð betur síðar.

Einnig var litið mjög stíft á yfirskuldsetningu sem vandamál, en ekki eins mikið horft á hvort skortur væri á greiðslugetu, þrátt fyrir að enn væri veðrymi á eign. Þetta síðasta skiptir mjög miklu, vegna þess að fjölmargir aðilar lentu í vanskilum og með eignir sínar á nauðungasölu út af slíkum greiðsluvanda. Í slíkum tilfellum gátu fjármálafyrirtæki verið að yfirtaka eignir langt undir fasteignamati eigna og þar með tapaði lántakinn ekki bara heimilinu sínu, heldur einnig óveðsettum eignarhlut sínum í eigninni, þ.e. eiginfé.

Ég gerði ágreining í hópnum um marga hluti, en þó ekkert eins mikið og þau neysluviðmið sem notuð voru til að finna út getu heimila til að greiða af lánum. Sigurður Snævarr vildi miða við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara með 50% álagi, en ég taldi það of lágt viðmið. Var því sæst á að skoða einnig þau viðmið með 100% álagi. Eins og ég nefni annars staðar í bókinni, þá gerði Ásta Sigrún Helgadóttir athugasemd við notkun Seðlabankans á þessum viðmiðum í greiningu sérfræðinga bankans á skuldavanda heimilanna og gerði ég athugasemd hennar að minni. Í fyrsta lagi vantar fjölmarga útgjaldaliði inn í neysluviðmið umboðsmanns skuldara og voru þeir yfirleitt meðhöndlaðir einstaklingsbundið, svo sem kostnað vegna ungabarna, símnotkun, tryggingar og bifreiðar svo fátt eitt sé nefnt. Annað er að þessi framfærsluviðmið eru naumhyggjuviðmið sem fólk gæti hugsanlega lifað við í 2-3 mánuði, en ekki árum saman. Þess vegna var 50% álagið alveg örugglega allt of lágt og 100% álagið í tilfellum fjölmargra heimila.

En þegar þessi viðmið voru notuð, þá var reiknuð eftirfarandi skipting á hópum í vanda:

Lægra neysluviðmið (neysluviðmið Umboðsmanns skuldara + 50%)

| | Einhleypir | Hjón/sambýlisfólk | Alls |
|--|------------|-------------------|--------|
| Eiga ekki fyrir neyslu | 1.981 | 1.670 | 3.651 |
| Eiga fyrir neyslu en eru í greiðsluvanda | 4.683 | 2.419 | 7.102 |
| Eru í greiðsluvanda | 6.664 | 4.089 | 10.753 |
| Eru í skuldavanda | 9.341 | 11.007 | 20.348 |
| Eru bæði í greiðslu og skuldavanda | 3.449 | 1.917 | 5.366 |
| Eru í greiðslu- eða skuldavanda | 12.556 | 13.179 | 25.735 |

Hærra neysluviðmið(neysluviðmið Umboðsmanns skuldara + 100%)

| | Einhleypir | Hjón/sambýlissólk | Alls |
|--|------------|-------------------|--------|
| Eiga ekki fyrir neyslu | 4.033 | 3.064 | 7.097 |
| Eiga fyrir neyslu en eru í greiðsluvanda | 6.324 | 4.342 | 10.666 |
| Eru í greiðsluvanda | 10.357 | 7.406 | 17.763 |
| Eru í skuldavanda | 9.341 | 11.007 | 20.348 |
| Eru bæði í greiðslu- og skuldavanda | 4.729 | 3.336 | 8.065 |
| Eru í greiðslu- eða skuldavanda | 14.969 | 15.077 | 30.046 |

Samkvæmt lægri viðmiðunum voru 25.735 heimili í greiðslu- og/eða skuldavanda, en 30.046 samkvæmt efri viðmiðunum. Rétt er að benda á, að á bilinu 3.651 - 7.097 heimili áttu ekki fyrir eðlilegri neyslu. Athugið að hér er eingöngu verið að skoða hóp þeirra ríflega 72.760 heimila með fasteignaskuldir! 35,4% þeirra voru miðað við lægri neysluviðmið í greiðslu- og/eða skuldavanda, en 41,3% sé miðað við efri neysluviðmiðin. Óhætt var að segja, að skuldabyrði fasteignalána var að sliga stóran hluta heimila.

Niðurstaða meirihluta hópsins

Hópurinn notaði neysluviðmiðin, tölur Skattsins og nýuppfærða stöðu lána heimilanna til að reikna út hve mörgum úr greiðsluvanda-/skuldavandahópunum hver og ein aðgerð nýttist, þ.e. hve margir færu frá því að vera í vanda í að vera hægt að koma til móts. Þar sem hver aðgerð virtist henta mjög takmörkuðum fjölda heimila í vanda, þá varð niðurstaðan ekkert sérstaklega glæsileg. Í sjálfu sér mátti ekki búast við öðru, því tillögurnar voru ekki á neinn sérstakan hátt miðaðar við að leysa vanda sérstakra hópa heimila. Þær voru almennar og þó ein þeirra hétu *sértæk skuldaaðlögun*, þá var hún ekki miðuð að þörfum heimilanna, heldur þörfum fjármálafyrirtækjanna að afskrifa tapaðar skuldir. Og 110% leiðin var og er enn klikkaðslega vitlaus leið til að bjarga skuldaranum. Margrét Tryggvadóttir, fyrrverandi þingkona, sagði einhverju sinni um þá leið: „Til þess að skilja hugtakið 110%-leið þarf maður fyrst að skilja 100%-leiðina og hún heitir nú bara gjaldþrot á íslensku.“³⁸

Samanteknar niðurstöður

³⁸ Þessi orð eru fengin úr ræðu Margrétar í framsögu hennar um leiðréttingu á höfuðstóli íbúðalána og minna vægi verðtryggingarinnar hinn 20/10/2011, 13. Fundur 140. Lögjafarþings, umræða um mál 16. (sjá: <http://www.althingi.is/alttext/140/10/r20121827.sgml>)

| | Kostnaður milljarðar kr. | Fækkun heimila í vanda eftir aðgerð | |
|---|-----------------------------|-------------------------------------|---------------------------|
| | | Neysluviðmið UMS +50% | Neysluviðmið UMS +100% |
| Sértæk skuldaaðlögun | 18-26 | 2.100 (29,5%) | 2.100 (19,6%) |
| Flöt lækkun skulda um 15,5% | 185 | 1.500 (21,0%) | 2.100 (19,6%) |
| Niðurfærsla skulda m.v. upphaflega lánsfjárhæð | 155 | 1.250 (17,6%) | 1.750 (16,4%) |
| Lækkun skulda að 110% verðm.eigna | 89 | 900 (12,6%) | 1.050 (9,8%) |
| Lækkun skulda að 100% verðm.eigna | 125 | 1.250 (17,6%) | 1.470 (13,8%) |
| Stiglækkandi niðurfærsla skulda að 90% af verðm.eigna | 150 | 1.450 (20,5%) | 1.800 (16,7%) |
| Hækkun vaxtabóta | 2 á ári, 40 ef varanlegt | 1.450 (20,5%) | 1.070 (10,0%) |
| Lækkun vaxta í 3% | 24 ári 240, ef varanlegt | 2.600 (36,3%) | 3.770 (35,3%) |

Upplýsingarnar í töflunni að ofan urðu niðurstaða meirihluta sérfræðingahópsins. Ég hafði hins vegar margt út á aðferðafræði meirihlutans að setja og skilaði séráliti. Þar reyndi ég að bæta úr ýmsu sem vantar í skýrslu meirihlutans, en fyrst og fremst nota ég sérálitið til að varast að tengja nafn mitt við niðurstöður sem ekki voru neinar niðurstöður. Best ég rifji upp markmiðin:

1. Fólk hafi þak yfir höfuðið.
2. Skuldsett fólk nái endum saman.
3. Byrðum dreift á sanngjarnan hátt.
4. Aðgerðir skilvirkar, áhrifa gæti fljótt.
5. Umsýslukostnaður sem minnstur.

Ótrúlega stór hópur fólks missti heimilin sín eftir að fjármálafyrirtækin komu fram með óskaaðgerðirnar sínar. Byrðum var aldrei dreift á sanngjarnan hátt, heldur hefur niðurstaðan alltaf verið að bankinn fær sitt upp í topp og ekkert afskrifað nema það sem er sannanlega tapað. Árið 2015 var enn stór hópur heimila í „skilvirkum“ aðgerðum hjá bönkunum. Vegna þess hve málin drógust á langinn, þá hlóðst viðbótarkostnaður á lánin og hann var ekki gefinn eftir fyrir en búið er að ná öllu öðru fram. Ég þekki allt of mörg dæmi um þetta, fyrir utan að tala af eigin reynslu.

Fyrir utan að markmiðin náðust ekki, þá „gleymdist“ alveg að meta hin ýmsu áhrif:

1. Áhrif á efnahagslíf og atvinnustig.
2. Áhrif á ríkissjóð í bráð og lengd.
3. Áhrif á eigna- og tekjudreifingu landsmanna.
4. Áhrif á greiðslubyrði lántaka
5. Áhrif á stöðu lífeyrissjóða í bráð og lengd.
6. Áhrif á fjárhag íbúðalánasjóð.
7. Áhrif á fjárhag banka og annarra lánastofnana.
8. Áhrif á efnahagslega hvata einstaklinga og lánastofnana.
9. Áhrif á framtíðarskipan og fjármögnun íbúðarlána.

Nema náttúrulega áhrifin á fjármálafyrirtækin og þau voru oft stórlega misskilin.

Sérálit mitt

Mér varð snemma ljóst að hugmyndir mínar um nálgun á viðfangsefninu nutu ekki hljómgrunns. Ákvað ég því að útbúa mitt sérálit. Fór ég leynt með, að ég væri að vinna að sérálitinu og hélt vinnu minni áfram eins og ekkert hefði í skorist. Kom ég því áfram að fullu að vinnu hópsins hélt áfram að beina henni eins og ég gat inn á þá braut, sem ég taldi rétta. Eftir að það, sem ég hafði skrifað inn í skýrslu hópsins, var nánast allt strikað út, þá var endanlega ljóst, að ég ætti ekki annan kost en að skila séráliti. Eftir að ég síðan skilaði því inn og óskaði eftir því að Sigurður Snævarr skilaði því til ráðherranna með skýrslu hópsins, þá voru mér ekki vandaðar kveðjurnar, eins og ég hefði fram eitthvað meinsæri.

Ástæðan fyrir því að ég skilaði inn séráliti var ekki hugmyndafræðilegur ágreiningur í vinnunni. Hún var heldur ekki óánægja með úrvinnslu gagna eða ósætti við félagi mína í hópnum. Ég og Gísli Óttarsson höfðum þekkt lengi og alltaf verið gott á milli okkar. Sigurður Snævarr er einfaldlega þannig maður, að engum dettur í hug að vera eitthvað í nöp við hann. Samstaf okkar Yngva Arnar hafði verið mjög gott, eftir að hann var búinn að koma ræðunni sinni frá. Rafn var skólafélagi minn út Háskóla Íslands. Þorkell var ákaflega viðmótsþíður maður og gott að vinna með honum. Nú, ég hef sagt það áður að ég hefði treyst Sigurði Geirssyni fullkomlega til að vinna þessa vinnu einn og koma með niðurstöðu sem lántakar hefur allir sem einn skrifað upp á.

Nei, ástæðan fyrir séráliti mínu var fyrst og fremst, að mér fannst aðalskýrsla hópsins ekki skila því sem lagt var upp með varðandi vinnu hans. Ekki var heldur tekið í mál að skoða hugmyndir sem kviknuðu meðan á vinnu hópsins stóð. Mér fannst hópurinn ekki skilgreina hópa skuldara nægilega skýrt og þar með viðfangsefnið. Hafi menn ekki skilgreint viðfangsefnið rétt, þá er hætt við að niðurstaðan einblíni ekki á það sem skiptir máli. Í rammagreininni *Hver er staða heimilanna, hver er vandinn og hvað þarf að gera?* birti ég mína greiningu og hugmyndir að lausnum. Hún er lítið breytt frá færslu með sömu fyrirsögn, sem ég birti á blogginu mín 23. nóvember 2010. En það sem mér fannst verst, var að eftir alla þessa greiningarvinnu að hópurinn hafi ekki lagt í að koma með eigin hugmyndir eða að ekki hafi verið leitað til hópsins, eftir að hann skilaði niðurstöðu sinni, til að fullvinna einhverja hugmynd. Kannski var það gert, en bara til fulltrúa fjármálafyrirtækjanna.

Ég lagðist í talsverðar þælingar um það hvernig væri hægt að bregðast við stöðu mismunandi heimila. Því miður ákváðu stjórnvöld og fjármálafyrirtæki að hunsu sérálit mitt. Fannst mér það ótrúlega kjánalegt, því það skiptir engum máli hvaða skoðun þessir aðilar hafa á mér sem vandræðagemsa, þá getur engan sakað að skoða hvaða vandræðagensinn er að kvabba. Raunar var þetta svo kjánalegt, að forsætisráðuneytið birti ekki einu sinni sérálit mitt með aðalskýrslunni fyrr en eftir því var gengið.

Mat á áhrifum

Það sem mér fannst verst við aðalskýrsluna, að ekki var gerð tilraun til að meta hvaða áhrif niðurstöðurnar hefðu á þau níu atriði sem lagt var upp með að yrði gert. Ég gerði hins vegar tilraun til þess í séráliti mínu, eins og kemur fram hér fyrir neðan:

„Sérfræðingahópurinn átti að meta áhrif aðgerða (leiða) á eftirfarandi þætti:

- Áhrif á efnahagslíf og atvinnustig
- Áhrif á ríkissjóð í bráð og lengd.

- Áhrif á eigna- og tekjudreifingu landsmanna.
- Áhrif á greiðslubyrði lántaka
- Áhrif á stöðu lífeyrissjóða í bráð og lengd.
- Áhrif á fjárhag Íbúðalánasjóð.
- Áhrif á fjárhag banka og annarra lánastofnana.
- Áhrif á efnahagslega hvata einstaklinga og lánastofnana.
- Áhrif á framtíðarskipan og fjármögnun íbúðarlána.

Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu. Þó er ljóst að öll niðurfærsla lána mun hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið ef heimilin nota þann pening, sem annars hefði farið í greiðslu lána, til aukinnar neyslu. Misjafnt er eftir leiðum hve mikil lækkun á greiðslubyrði kemur fram. Miðað við greiðslubyrði upp á 5.000 kr. á hverja milljón á mánuði, þá hefur 100 milljarða lækkun höfuðstóls í för með sér 500 milljóna kr. lækkun afborgana. Ekki er sjálfgefið að allur sá peningur fari í neyslu, en geri hann það getur það þýtt allt að 100 m.kr. í hærri virðisaukaskatt til ríkisins á mánuði eða 1,2 milljarða kr. á ári. Ruðningsáhrif 6 milljarða á ári (12x500 m.kr.) geta verið umtalsverð, en höfundur hefur ekki þekkingu til að meta þau.

Áhrifin á ríkissjóð í bráð og lengd veltur á því hvort hann þurfi að hlaupa undir bagga með ÍLS eða ekki.

Áhrifin á eignadreifingu landsmanna geta ekki orðið nema jákvæð, þar sem fleiri fjölskyldur geta haldið heimilum sínum. Því fleiri sem njóta aðgerðanna, því jákvæðari verða áhrifin. Ruðningsáhrif aukinnar neyslu munu verða til þess að störfum fjölgar, sem styrkir tekjur heimilanna. Hvort það verði til þess að tekjudreifing aukist eða minnki er erfitt að segja. Tekjutenging í breyttum tillögum HH mun auka á jöfnuð í þjóðfélaginu.

Lækkun höfuðstóls lána kemur strax fram í lægri greiðslubyrði. Þar sem tillögur HH ná til allra lántaka, þá breytist greiðslubyrði þeirra allra. Það á líka við um niðurfærslu miðað við upphaflegan höfuðstól og vaxtalækkun.

Annað sem ekki má gleyma eru eignirnar sem verið er að verja með hverri aðgerð. Ekkert fer á milli mála að eftir því sem aðgerð er víðtækari, þá er verið að aðstoða fleiri við að halda eignum sínum. Fasteignamat þess húsnæðis sem er með áhvílandi fasteignalán nemur tæplega 1.900 milljörðum, breyttar tillögur HH ná til eigna að verðmati um 1.300 milljarðar.

Staða lífeyrissjóðanna er mjög völt um þessar mundir. Gæði eignasafna sjóðanna hafa versna mjög mikið og á eftir að leysa úr mörgum málum vegna þess. Húsnæðislán sjóðanna hafa tekið á sig högg eins og aðrar eignir. Sum lán hafa misst veð eða eru á skertu veði. Almenn niðurfærsla á borð við

tillögur HH, auka líkurnar á því að eftirstöðvar lána lífeyrissjóðanna hafi tryggt veð að baki sér. Vissulega tapast 15,5% af húsnæðislánum sjóðanna, en í staðinn hafa þeir í höndunum traust lán og öruggara greiðsluflæði.

Áhrifin á Íbúðalánasjóð er á margan hátt sambærileg við stöðu lífeyrissjóðanna. Hluti niðurfærslu lánanna verður bara viðurkenning á þegar töpuðum kröfum eða kröfum sem líklegast myndu tapast ef ekkert væri gert. Í öðrum tilfellum styrkist tryggingin að baki lánunum. Mikilvægust er sú tiltekt sem verður í lánasafni sjóðsins. Líklegt er að ÍLS geti ekki borið niðurfærsluna án þess að eitt af þrennu komi til: 1) framlag úr ríkissjóði; 2) hækkun vaxta; eða 3) samningar við lánardrottna.

Áhrifin á banka og aðrar lánastofnanir verða margvísleg. Löngu tímabær endurskipulagning skulda mun eiga sér stað. Vandí flestra fjármálafyrirtækja um þessar mundir er að stór hluti lánasafna þeirra eru það sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kallar í nýjustu skýrslu sinni „non-performing loans“, hér kölluð óvirk, þ.e. lán sem ekki er verið að greiða af, þar sem þau eru annað hvort í vanskilum eða frystingu. Samkvæmt AGS er um 63% allra lána bankakerfisins óvirk, þegar miðað er við kröfuupphæð lánanna, en 45% þegar miðað er við bókfært virði lánanna. Eitt helsta markmið þessara aðgerða er að fjölga í hópi virkra lána og um leið fækka í hópi óvirkra. Með því mun efnahagur fjármálafyrirtækjanna styrkjast og framtíð þeirra verða tryggð. Fyrirtæki sem er með um 37% heimtur af kröfum sínum er í slæmum málum og þó heimturnar færu upp í 85%, þá er rekstrarhæfi þess ennþá mjög dapurt.

Áhrifin á efnahagslega hvata einstaklinga og lánastofnana, þá getur sá hvati ekki annað en aukist með víðtækum leiðréttingum lána heimilanna. Núverandi ástand einkennist að algjöru vantrausti heimilanna á lánakerfið. Fólk þorir ekki að fara út í miklar lántökur, þar sem það veit ekki nema innan fjármálakerfisins sitji menn á svíkráðum. Brennt barn forðast eldinn. Náist ekki sátt milli lánveitenda og lántaka, þá mun landið ekki ná að rísa úr öskustónni og kreppan mun dýpka. Í stað hvata til uppbyggingar verður hræðsla ríkjandi og stöðnun. Afleiðingin af því eru frekari vanskil, fleiri nauðungarsölur og fjölgun gjaldþrota. Fólk mun flytjast úr landi ef því finnst það ekki njóta sanngirni og réttlætis. Um leið og fólki líður betur gagnvart viðskiptabankanum sínum, þá mun það hafa mikið efnahagsleg áhrif. Það mun taka mörg ár fyrir sárin að gróa og tortrygginn mun líklegast verða mikil um ókomin ár hjá þeim fjölskyldum sem eru að upplifa ástandið á eigin skinni. Ef vel tekst til við leiðréttingu lána heimilanna, þá mun okkur vonandi auðnast að stytta tímenn sem endurreisnin tekur.

Áhrif á framtíðarskipan og fjármögnun íbúðarlána verður mikil. Í fyrsta lagi, þá verðum við að horfast í augun við að verðtryggingin er barn síns tíma. Ísland er fyrsta þjóðfélagið sem fer í gegn um fjármála- og skuldakreppu með verðtryggingu sem megin lánaformið. Annars staðar hefur ein leið stjórnvalda til að leiðrétta misvægi launa og skulda verið að auka á verðbólgu og henda skuldum á

verðbólguþalið. Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa t.d. ákveðið að fara þá leið. Þar á að prenta peninga og hruga þeim út í hagkerfið til þess að mynda þenslu og verðbólgu. Hér á landi er það ekki hægt, þar sem verðbólga mun bara hækka höfuðstól verðtryggðra lána. Af þessum sökum er ákaflega mikilvægt að hverfa frá verðtryggingu lána neytenda eins fljótt og hægt er. Ekkert mælir í sjálfu sér gegn því að fyrirtæki og fagaðilar taki verðtryggð lán, en þau eiga ekki að vera í boði á neytendamarkaði. Hagsmunasamtök heimilanna hafa sett fram tillögur um framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins. Þar er í grófum dráttum lagt til að verðtrygging detti út í áföngum með því að setja til að byrja með 4% þak á árlega verðbætur. Þetta þak lækki árlega uns það hverfi. Í stað verðtryggðra lánakerfisins komi óverðtryggð lán með þak á vexti. Gert er ráð fyrir að vextir geti verið fastir, breytilegir eða fljótandi. Lántakar semji við lánveitendur til skamms tíma um kjör lánanna, en sé jafnframt frjálst að flytja sig á milli lánastofnanna með lágmarkstilkostnaði. Með þessu fáist meiri samkeppni um veitt lán og markaðurinn verði virkari. Öll lán greiðist upp við eigendaskipti sem þýðir jafnframt að nauðsynlegt er að afnema stimpilgjöld. Þar sem lán eru greidd upp við eigendaskipti, þá þurfi lánveitendur ekki að fjármagna hvert lán nema til 6 - 8 ára í senn, þó svo að greiðslubyrði lánanna miði við 20 - 40 ára lánstíma.“

Frávik frá tillögum HH

Ég vil taka það fram, að ég lagði til í sérfræðingahópnum breytingu á útfærslu Hagsmunasamtaka heimilanna á flötu niðurfærslunni. Mér finnst ég þurfa að skýra út hvers vegna ég gerði það, en tek fram að félagar mínir í stjórn samtakanna voru ekki ánægðir með þetta frumhlaup mitt. Hjá samtökunum var nefnilega alltaf litið svo á, að það væri ekki á valdi þeirra að gera upp á milli lántaka á grunni efnahags. Allir hefðu lent í tjóni og allir ættu rétt á því að fá tjón sitt bætt. Ég er alveg sammála því sjónarmiði, en taldi í ljósi upplýsinga sem birtust í gögnum sérfræðingahópsins, vera réttlætlanlegt að koma með þessa frávikstillögu.

Hvers vegna að breyta tillögunni? Jú, gögnin, sem sérfræðingahópurinn var að vinna með, sýndu að eitthvað verulega einkennilegt var í gangi. Dæmi voru um að einstakir húsnæðiseigendur væru með feikigóðar tekjur, áttu þokkalega eign, en voru með slíka yfirsuldsetningu á húsnæði sínu, að það skar í augu. Á þessu gátu verið margar ástæður, en lækkun fasteignamats var ekki ein af þeim. Líklegast er að lán hafi verið veitt út á markaðsvirði eignarinnar meðan gögn okkar sýndu fasteignamat eignarinnar. Hvers vegna átti að leiðrétta lán, þegar mismunandi forsendur eru notaðar við lántöku og við leiðréttingu? Önnur ástæða var, að í mörgum tilfellum var eins og húsnæðislán væru nánast upp á punt. Viðkomandi var sterkefnaður, með háar tekjur, en jafnframt með fasteignalán, sem ég gat ekki litið öðruvísi á en það væri vegna vaxtamunaviðskipta. Þó mörgum þyki vextir fasteignalána þokkalega háir, þá eru þeir lægri en vextir almennra lána. Það getur því verið

ábatasamt, að taka lán á lágum vöxtum (og kallað það fasteignalán) til þess að kaupa verðbréf sem gæfu mun hærri ávöxtun.

En hver var tillaga mín? Hún var að sett yrðu inn skerðingarmörk vegna tekna, en þó yrði tekið tillit til fjölskyldustærðar. Hugmyndir mína um skerðingarmörk voru meira sett fram sem innlegg í umræðuna, en að nákvæmlega þessi skerðingarmörk yrðu notuð. Dæmi sem ég setti fram var sem hér segir:

Skerðingar fari að gæta við ráðstöfunartekjur upp á 3,5 m.kr. fyrir einstaklinga og hækki um 660.000 kr. með hverju barni. Áhrif 15,5% leiðréttingarinnar minnki hlutfallslega með auknum ráðstöfunartekjum þar til þær ná 5,0 m.kr. hjá einstaklingi (að viðbættum áhrifum vegna barna). Hjá hjónum hefjist skerðing við ráðstöfunartekjur upp á 6,0 m.kr. og hækki um 660.000 kr. með hverju barni. Leiðréttingin lækki hlutfallslega uns ráðstöfunartekjur eru komnar í 8,0 m.kr. hjá hjónum (að viðbættum áhrifum vegna barna). Þetta má sjá nánar í eftirfarandi töflu, sem sýnir bil ráðstöfunartekna sem skerðing nær yfir í þessu dæmi. Þó hér sé eingöngu sýnt fyrir allt að fjögur börn, þá heldur upphæðin áfram að hækka með fjölda barna. Tölur eru í milljónum króna:

| | | Barnlaus | 1 barn | 2 börn | 3 börn | 4 börn |
|---------------|--------------------|----------|--------|--------|--------|--------|
| Einstaklingur | Skerðing hefst | 3,5 | 4,16 | 4,82 | 5,48 | 6,14 |
| | Afsl. fellur niður | 5,0 | 5,66 | 6,32 | 6,98 | 7,64 |
| Hjón | Skerðing hefst | 6,0 | 6,66 | 7,32 | 7,98 | 8,64 |
| | Afsl. fellur niður | 8,0 | 8,66 | 9,32 | 9,98 | 10,64 |

Ástæðan fyrir því að lagt er til að fjöldi barna hafi áhrif, er að því fleiri sem börnin eru, er líklegt að húsnæðið sé stærra og þar af leiðandi dýrara.

Tekið skal fram, að þessi tillaga, hefði hún verið samþykkt, hefði gert það að verkum, að við hjónin hefðum fengið verulega skerta leiðréttingu.

Þegar „Leiðrétting“ ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar var sett fram og eftir skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um leiðréttingu húsnæðislána, kom fram mikil gagnrýni á að hinir ríku hefðu fengið mest. Útfærsla á leiðréttingunni í þeim dúr, sem lagði fram í sérfræðingahópnum, hefði alveg slegið á þá gagnrýni, þar sem hinir tekjuhærri og efnameiri hefðu í flestum tilfellum ekki fengið neina leiðréttingu.

--- Rammagrein byrjar ----

Hver er staða heimilanna, hver er vandinn og hvað þarf að gera?

Birt sem bloggfærsla 23.11.2010

Inngangur

Á undanförunum vikum hafa komið fram alls konar upplýsingar um greiðslu- og skuldavanda almennings. Ekki er alltaf ljóst hvenær vandinn er greiðsluvandi og hvenær hann er skuldavandi. Það er heldur ekki ljóst hvor vandinn er alvarlegri.

Skoðum nokkrar staðreyndir sem komið hafa fram í opinberri umræðu á síðustu vikum:

- Eignir landsmanna voru, skv. Tíund ríkisskattstjóra, metnar á 3.804 milljarða í árslok 2009 og skuldir 1.892 milljarðar, þ.e. hrein eign, mismunur á þessum tveimur tölum, upp á 1.912 milljarða, þar af á efnaðasti hópurinn, en til hans teljast 3.632 fjölskyldur (geta verið einstaklingar eða hjón), um 630 milljarða í hreinni eign.
- Fasteignir einstaklinga og hjóna voru metnar á 2.500 milljarða um síðustu áramót (31.12.2009), þannig að aðrar eignir námu 1.300 milljörðum. Samkvæmt Tíund voru aðrar eignir en fasteignir, innstæður og verðbréf um 410 milljarðar, verðbréfaeign var upp á 270 milljarða og innstæður 635 milljarðar (alls 1.315 milljarðar). Hrein eign í fasteignum, þ.e. fasteignamatsverð mínus lán vegna fasteignakaupa, nam 1.300 milljörðum.
- Heildarhúsnæðisskuldir almennings vegna kaupa á lögheimili eru rúmlega 1.300 milljarðar. Af þeim eru verðtryggðar skuldir ríflega 1.100 milljarðar, gengistryggðar um 120 milljarðar og óverðtryggðar tæplega 100 milljarðar. Skuldir með veði nema um 1.200 milljörðum og er sú tala notuð til viðmiðunar. Áætluð greiðslubyrði af þessum 1.200 milljörðum eru 132 milljarðar miðað við að árlega séu greiddar 60.000 kr. af hverri milljón.
- Samkvæmt tölum fjármálaráðuneytisins og birtar voru á fundi í Þjóðmenningarhúsinu í október (2010), þá eru fasteignaskuldir almennings sem eru með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði 125 milljarðar umfram fasteignamat. Heildarfasteignaskuldir þessa hóps nema um 520 milljörðum, þannig að um 20% skuldanna eru án veðtryggingar. Greiðslubyrði af 125 milljörðum er 7,5 milljarðar á ári og 31,2 milljarðar af 520 milljörðum.
- Aðrar skuldir heimilanna nema á bilinu 7-800 milljörðum.

- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis mun lækka um 10% þegar nýtt fasteignamat tekur gildi 1. desember nk. Það þýðir að um 50 milljarðar færast upp fyrir veðrýmismörkin af því sem áður var innan veðrýmis.
- Gengisdómar Hæstaréttar munu lækka höfuðstólsstöðu gengistryggðra lána um líklegast 20 - 30%, þó dæmi séu bæði um meiri lækkun og minni. Vandamálið er að ákvarða hvaða lán falla undir fordæmi Hæstaréttardómanna. Þó svo að öll lánin geri það, þá verður lækkun gengisbundinna skulda heimilanna ekki nema 24 - 36 milljarðar vegna áhrifa verðtryggingar og/eða vaxta.
- Skattskyldar tekjur samkvæmt skattframtölum voru árið 2009 955,6 milljarðar kr. Þessar tekjur dreifast almennt mjög jafnt á þjóðina fyrir utan að tekjuhæstu 5%-in hafa um 18,1% teknanna eða 177 milljarða.
- Sé litið til fjármagnstekna, þá kemur í ljós efnaðasti hópurinn er með mun hærri hluta af fjármagnstekjum, en stærð hans segir til um. Þannig voru uppgæfnar (og áætlaðar) fjármagnstekjur tæplega 140 milljarðar árið 2009, en þar af komu um 67 milljarðar í hlut efnaðasta hópsins eða um 48%. Hann fékk 37% af vaxtatekjum af innstæðum, 72% af vaxtatekjum af verðbréfum, rúm 60% alls arðs og 81% af söluhagnaði af hlutabréfum.
- Vanskil heimilanna hjá bankakerfinu eru um 15% samkvæmt upplýsingum sem komu fram á fundi í Þjóðmenningarhúsinu. Þessi tala er eitthvað á reiki og misjöfn eftir bönkum.
- Samkvæmt skýrslu AGS er innheimtuvirði útlána í bankakerfinu 3.700 milljarðar, af því eru um 2.400 milljarðar lán sem ekki er verið að greiða af. Bókfært virði er um 1.700 milljarðar, þar af er ekki verið að greiða af 765 milljörðum.
- Neysla er mæld af Hagstofunni árlega. Nýjustu tölur eru fyrir tímabilið 2006 - 2008, en það tímabil lýsir að einhverju leiti mikilli neyslu, en á móti hefur verðbólga verið um 10% frá árslokum 2008. Fyrst má nefna að meðalneysla í könnun Hagstofunnar var 2,7 milljónir á hverja neyslueiningu. Þannig er fyrsti fullorðni á heimili 1,0 eining, aðrir fullorðnir 0,7 einingar hver og börn 0,5 einingar. Hjón með tvö börn eru þá 2,7 neyslueiningar. Sé neyslan skoðuð eftir ráðstöfunartekjuhópum, þá kemur í ljós að meðaltal næst hæsta tekjuhópsins (3. af 4) er undir meðaltali allra. Þetta bendir til þess að þeir sem eru með mestar ráðstöfunartekjurnar halda uppi neyslu í þjóðfélaginu.

Greining á stöðu heimila

Skipta má heimilum upp í nokkra hópa:

Hópur 0: Fólk í framfærsluvanda, þ.e. tekjur þess eru ekki að standa undir eðlilegri framfærslu heimilisins. Telur um 7.000 fjölskyldur. Hafa skal í huga að hluti þessa hóps er ungmenni yfir 18 ára sem búa í foreldrahúsum.

Hópur 1: Fólk í greiðsluvanda, þ.e. skuldir eða upphæð húsaleigu er hærri en greiðslugeta þeirra segir til um. Telur 17.700 fjölskyldur sem eru í eigin húsnæði og örugglega 4-5.000 fjölskyldur sem eru í leiguhúsnæði. (Ath. að fjölskyldur í hópi 0 eru einnig í þessu hópi.)

Hópur 2: Fólk með skuldir umfram eignir, þarf þó ekki að vera vandamál. Miðað við núverandi fasteignamat og stöðu lána um síðustu áramót eru ríflega 20.000 fjölskyldur í þessum hópi.

Hópur 3: Fólk á leið í greiðsluvanda, þ.e. fólk sem hefur t.d. nýtt sér úttekt á séreignarsparnaði, náð að selja seljanlegar eignir og lausamuni eða á annan hátt getað losað pening eða fengið til þess að greiða skuldir. Gæti líka verið fólk sem sér fram á atvinnumissi eða tekjulækkun og síðan þeir sem sjá fram á að skuldir hækki örar en greiðslugetan, o.s.frv. Líklegast í kringum 20.000 fjölskyldur sem er í eigin húsnæði og 5 - 8.000 sem eru í leiguhúsnæði. (Hagstofan telur hátt í 50.000 fjölskyldur í hópum 1 og 3.)

Hópur 4: Fólk sem heldur sjó, en hefur dregið úr neyslu til þess að standa í skilum. Ég met þetta vera í kringum 20.000 fjölskyldur.

Hópur 5: Fólk sem er vel sett og húsnæðisskuldir eru meira upp á punt en af nauðsyn. Hátt í 4.000 fjölskyldur.

Hópur 6: Fólk sem er með það háar ráðstöfunartekjur að það fer létt með að greiða af húsnæðislánum. Um 18.000 fjölskyldur.

Hópur 7: Fólk með engar húsnæðisskuldir og býr í eigin húsnæði. Gæti vissulega verið í hópi 1 eða 3, en það hefur ekki verið kannað. Um 30.000 fjölskyldur.

Hópur 8: Fólk með tvær eignir og hefur greiðslugetu til að standa undir annarri eigninni. Talið vera um 1.100 fjölskyldur.

Hafa skal í huga að fólk í með skuldir umfram eignir þarf ekki að vera í vanda, en það hefur orðið fyrir miklum hækkunum á skuldum sínum, sem ekki er óeðlilegt að tekið sé tillit til. Fólk í hópi 2 er líka í öðrum hópum, þ.e. það getur verið í greiðsluvanda (hópur 1), að baksa við að halda sig frá því að fara í hóp 1 (hópur 3), er að berjast við að halda sjó (hópur 4), er með húsnæðisskuldir upp á punt (hópur 5) eða ræður vel við skuldir sínar, þar sem það hefur góðar tekjur (hópur 6). Í umfjöllun hér er horft til þess fólks, sem er í erfiðleikum vegna stöðu sinnar í hópi 2, ekki þeim sem er í góðum málum. Fólk í hópi 5 er yfirleitt líka í hópi 6, þó á því séu vissulega undantekningar, sbr. lífeyrisþega. eru oft sama fólk eða a.m.k. er mikil skörun á milli hópanna. Loks er fólk í hópi 8 oftast líka í einum eða fleiri af hópum 1 - 6.

Markmið aðgerða

Það sem þarf að gera, er (og í þessari röð):

1. Að fækka eins og kostur er í hópum 0 og 1 með ýmsum úrræðum. Með þessu er fækkað í hópi 2 í leiðinni.
2. Koma í veg fyrir að fólk leki úr hópi 3 niður í hóp 1.
3. Hjálpa þeim sem verða áfram í hópum 1 sem hraðast í gegn um það ferli sem virðist vera óumflýjanlegt, þ.e. nauðungarsölu, greiðsluaðlögun eða gjaldþrot, en best væri að gera það án þess viðkomandi séu gerðir að sakamönnum eða annars flokks þjóðfélagsþegnum.
4. Færa sem flesta úr hópi 3 yfir í nýja útgáfu af hópi 4, þar sem fólk getur tekið upp eðlilega lífshætti.
5. Hjálpa þeim sem eftir verða í hópi 3 með sömu úrræðum og þeir sem eru hópi 1 njóta.

Hafa skal í huga, að ekki verður fækkað í hópi 0 með skuldaúrræðum og því er ekki fjallað frekar um hann hér. Áskorun var hins vegar beint að ráðherrum um að gleyma því fólk, sem þar er, og þarf á tekjuúrræðum að halda.

Úrræði fyrir þá sem eru með tvær eignir eru þegar fyrir hendi. Bankarnir buðu svo upp á 110% leið, en hjá a.m.k. sumum er fresturinn útrunninn til að nýta sér hana.

Leiðir

Þær leiðir sem gætu komið til greina og sumar eru í boði:

Leið 1: Leið Hagsmunasamtaka heimilanna, þ.e. flöt leiðrétting á verðtryggð lán með 4% þaki á árlegar verðbætur frá 1.1.2008, gengisbundnum lánum breytt í verðtryggð lán miðað við stöðu 1.1.2008 og þau fái sama þak á árlegar verðbætur og óverðtryggð húsnæðislán fá þak á vexti frá sama tíma. Mætti framkvæma hana með þaki á upphæð, eign eða ráðstöfunartekjur allt að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

Leið 2: Aðlögun skulda að eignarstöðu, sem er útfærsla af sértækri skuldaaðlögun, oft vísað til sem 80-110% leiðar, þar sem skuldir eru strax færðar niður í 110% af eign og ef ekki er greiðslugeta fyrir því, þá má fara með hana niður í 80% og munurinn á 80 og 110 er sett á 3 ára biðlán. Einnig má útfæra þetta sem niðurfærslu í eitthvað annað hlutfall, svo sem 100%, 70% eða 60%.

Leið 3: Greiðslumat, þ.e. að setja fólk einfaldlega í greiðslumat og laga skuldir að greiðslugetu með fyrirvara varðandi breytingar á greiðslugetu á næstu 3 - 6 árum.

Leið 4: Hækkun vaxtabóta og húsaleigubóta til að gera fólk kleift að greiða hærri upphæð, en

almennar tekjur ráða við.

Leið 5: Hjálpa fólki að skipta um húsnæði og fara í ódýrara. Hægt er að útfæra þetta á ýmsa vegu, en tryggja yrði að fólk væri ekki að tapa eigin fé í leiðinni.

Leið 6: Kaupleiga, lánardrottinn taka yfir eign og leigi til baka.

Leið 7: Lyklafrumvarpsleið, þ.e. að lánardrottinn taka yfir eign og skuldari er laus allra mála.

Leiðir mátaðar

Máta verður leiðirnar við hvern um sig af hópum 1 til 4. Langar mig að gera hér tillögu og skal tekið fram, að þetta eru mínar vangaveltur en ekki stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna, þó svo að við hefðum rætt málin um daginn.

Hópur 1 (greiðsluvandi): Mér finnst rétt að nota fyrst leið 1 (flöt leiðrétting) og síðan leið 3 (greiðslumat) á þá sem leið 1 dugar ekki fyrir. (Hafa skal í huga, að leið 2 kallar hvort eð er á greiðslumat og því er kjánalegt að það ekki til að ákvarða greiðslugetu lántaka.) Leið 4 (vaxtabætur og húsaleigubætur) gætu fækkað í hópi 1, en finna þarf þá blöndu af leiðum sem kosta minnst en bjarga flestum. Þannig gæti leið 5 (skipta í minna) hjálpað fólki að komast í minna húsnæði og um leið slá verulega á skuldir. Leið 7 (lyklafrumvarpsleið) þýddi vissulega að fólk stæði eignarlaust eftir, en höfum í huga að sumir eru einfaldlega búnir að skuldsetja sig svo mikið að þeir munu ekki ráða við greiðslubyrðina sama hvað er gert. Hluti af hópi 1 endar í greiðsluaðlögun, nauðungarsölu og gjaldþroti, en fækka verður þeim hópi eins og kostur er eða viðurkenna að það sé annar kosturinn, en hinn sé að fara í ígildi þeirra aðgerða eftir samningaleið. Hluti af hópi 1 er líka hreinlega í þannig vanda að veruleg hækkun tekna er það eina sem dugar.

Hópur 2 (yfirsuldsettir): Þetta er hálfgerður vandræðahópur. Innan hans getur verið fólk úr öllum hinum hópunum, þ.e. sumir sem fá úrlausn með hópum 1, 2 og 4 og aðrir sem þurfa ekki úrlausn, þar sem staða þeirra er ekkert vandamál. Hafa skal í huga að yfirsuldsetning getur verið skammtíma vandamál, sem leysist hratt þegar fasteignamarkaðurinn kemst í gang, en fyrir stóran hluta þess hóps sem keypti á árunum 2005 - 2008, þá verður ekki undið ofan af skuldsetningunni nema með því að færa skuldir niður. Leiðir 1 (flöt leiðrétting) og 2 (aðlögun skulda) eru því fyrsta skrefið og líklega skiptir ekki máli hvor er farin. Ef það dugar ekki, þá eru viðkomandi líklegast jafnframt í hópi 1 og þurfa því þau úrræði sem þar hafa verið nefnd.

Hópur 3 (á leið í greiðsluvanda): Í fljótu bragði þá mun einhver útfærsla af leið 1 (flöt leiðrétting) henta þessum hópi best. Hluti af þessum hópi getur einnig verið í hópi 2 (yfirsuldsettur) og þar þarf þá að bæta við einhverri útfærslu af leið 2 (aðlögun að eignarstöðu).

Hópur 4 (halda sjó): Margt er líkt með honum og hópi 3, en líklegast þarf ekki að ganga eins langt í útfærslunni. Þak á eignir og ráðstöfunartekjur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar þyrfti ekki að koma á óvart sem slík útfærsla á leið 1. Hugsanlega væri hægt að setja mál hluta hópsins á bið og sjá hvernig fasteignamarkaðurinn þróast á næstu árum. Stór hluti hópsins er með lága skuldsetningu og tillögulega viðráðanlega greiðslubyrði. Fyrir þennan hóp er leiðréttingin sanngirnismál og ekki má hansa það viðhorf.

Hópur 8 (tvær eignir): Þessi hópur hefur þegar fengið úrræði, en það má einfalda verulega. Í mínum huga er um einfalda skuldajöfnun að ræða, sem á að renna hratt og vel í gegn án mikillar skriffinnsku eða pappírssöfnunar. Eftir að eign hefur verið skilað, þá er samt ekki útilokað að viðkomandi tilheyri hópum 1, 2 eða 3.

Aðrir hópar eru ekki í vanda með húsnæðislánin sín að sinni og þurfa því ekki úrræði, nema viðkomandi tilheyri einnig öðrum hópi eða hópum.

Lán á yfirskuldsettum eignum

Nú er fasteignaverð vonandi að nálgast botninn. Yfirskuldsett húsnæði í dag getur verið með verulegt veðrými innan 5 ára, þó höfuðstóll lána hafi ekki verið færður niður.

Bankarnir hafa þegar gert ráð fyrir að talsverður kostnaður falli til vegna greiðsluvanda heimilanna og ÍLS gerir ráð fyrir að sokkinn kostnaður sé um 25 milljarðar. Lán umfram veð eru í dag allt að 125 milljarðar, þar af liggja 17 milljarðar í lánum ÍLS. Ef eingöngu þessi hópur er skoðaður þá er nauðsynlegt að geta í hvernig þessi tala getur breyst.

Atriði til hækkunar eru:

- Lækkun fasteignamats um 8,6%: Þýðir að ákveðinn hluti lána að upphæð 114 milljarðar sem er í dag með milli 91 -100% veðsetningu fer upp fyrir 100% mörkin. Varlega áætlað eru þetta 4,9 milljarðar. Einnig mun hækka sá hluti um 520 milljarða lána sem er fyrir ofan veðrými úr 125 milljörðum í 159 milljarða (án tillits til annarra atriða).
- Hækkun vegna verðbóta um 3% á þessu ári: Ofan á um 1.200 milljarða gerir þetta 36 milljarðar. Hluti af þessu er á 520 milljarðana sem þegar eru á yfirveðsetningu og annað á þeim 114 milljörðum til viðbótar sem eru á 91-100% veðsetningu í dag.
- Áhrif greiðslujöfnunar á eftirstöðvar höfuðstóls: líklega vel undir 10 milljörðum miðað við stöðu lána um síðustu áramót.

- Vanskilakostnaður sem leggst á höfuðstól: Getur verið umtalsverð fjárhæð, sbr. dóm í Héraðsdómi Suðurlands sl. föstudag, þar sem um 50% lagðist ofan á höfuðstól sem þegar hafði meira en tvöfaldast.

Atriði til lækkunar eru:

- Dómar Hæstaréttar, þó endanleg niðurstaða sé ekki fengin, þá eru línurnar að hluta skýrar. Ekki er ljóst hve mikil áhrif dómarnir hafa á höfuðstól gengistryggðra lána, hvað þá lán umfram veðrými, þ.e. hversu stór hluti gengistryggðra lána er á eignum með neikvætt eigið fé. Gefum okkur að 50% gengisbundinna lána falli undir fordæmisgildi dómanna og áhrifin verði 30% lækkun höfuðstóls, þá er upphæðin 15 - 20 milljarðar.
- Úrræði sem fólk hefur nýtt sér: 46.400 eru með verðtryggð lán í greiðslujöfnun, 2.500 með gengisbundin lán í greiðslujöfnun, 1.500 hafa nýtt sér lækkun höfuðstóls gengisbundinna lána, 1.300 hafa nýtt sér lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána, 1.500 hafa nýtt sér aðlögun höfuðstóls að 110% af veðrými og 950 eru með lán í frystingu.
- Fleiri dómar Hæstaréttar: Í þeim verður tekist á um forsendubrest og hvort vextir gengistryggðra fasteignalána eiga að vera verðtryggðir eða óverðtryggðir og bera þá viðeigandi vexti Seðlabankans.
- Hugsanleg lög frá Alþingi: Samkvæmt frumvarpi, þá munu lántakar fá að velja milli þriggja lánaforma.
- Niðurstöður í hugsanlegum álitum ESA og EFTA-dómstóls: Telji ESA og/eða EFTA-dómstóllinn að neytendaverndarsjónarmið hafi verið að engu höfð, þá gæti álit þeirra lækkað kröfuupphæð lánanna verulega.

Bara út frá ofangreindum atriðum er hreinlega óskynsamlegt að nota skuldsetningu sem vogarskál til að meta hversu brýnt er að bregðast við fjárhagsvanda heimila. Einnig má benda á, að samkvæmt tölum úr skattskýrslum, þá er verulegur hópur fólks með bæði eignarstöðu í öðrum eignum og ráðstöfunartekjur til að ráða við slíka yfirskuldsetningu.

--- Rammagrein lýkur ---

Aðgerðir í kjölfar niðurstöðu sérfræðingahópsins

Einu sinni sem oftast var blásið til fundar í Þjóðmenningarhúsinu. Í þetta sinn var það 3. desember 2010. Kynnt var Viljayfirlýsing um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna³⁹. Aðgerðunum var skipt upp í nokkra liði, sem farið verður nánar í hér fyrir neðan. Athygli vekur að ríflega 13 mánuðum eftir setningu laga nr. 107/2009 er enn verið að koma með aðgerðir sem byggja á lögunum. Staðfesti það bara skoðun okkar hjá Hagsmunasamtökum heimilanna, að fyrri aðgerðir hafi verið ófullnægjandi og ekki fylgt nægilega ákvæðum laganna. En atriði í viljayfirlýsingunni eru hér í stuttri endursögn minni og skoðun minni á hverjum lið:

1. Aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila:

- a. Aðlögun íbúðaskulda að verðmæti veðsettra eigna og greiðslugetu: Þetta var ný útgáfa af 110% leiðinni svo kölluðu með skurðpunktum á upphæðir og tekjutengingu, en lánveitendum var heimilt að fara talsvert umfram þau mörk.

Umsögn mín: Þó þessi aðgerð komi heimilunum vissulega vel, þá hef ég alltaf talið að viðmið við fasteignamat hafi verið rangt. Eðlilegra hefði verið að miða við greiðslugetu í formi greiðslumats líklegt og gert er við lántöku. Vísað er í að verið sé að fella niður „óinnheimtanlegar skuldir“. Hvernig geta „óinnheimtanlegar skuldir“ ráðist af skuldastöðu? Þær hljóta að miðast við greiðslugetu, því (eins og ég hef oft sagt áður) getur einstaklingur verið með greiðslugetu fyrir margfaldri skuldsetningu húseignar og þar með væru skuldirnar ekki óinnheimtanlegar og á hinn bóginn getur einstaklingur eingöngu haft greiðslugetu upp á 20-30% skuldsetningu húseignar og því geta allar skuldir umfram þá skuldsetningu í reynd verið óinnheimtanlegar nema að viðkomandi verði gert að selja eign sína. Fjármálafyrirtækjum er hins vegar skylt að færa á varúðarreikning skuldir, sem eru ekki lengur með veðtryggingu, og því eru aðgerðirnar fyrst og fremst miðaðar við reikninga fjármálafyrirtækjanna, en ekki stöðu heimilanna.

Framkvæmdin á þessu varð síðan sú, að það sem var umfram 110% var almennt sett í biðlán, sem félli niður að nokkrum árum liðnum eða þegar greitt hafði verið að hluta annarra lána í samræmi við samning milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar.

- b. Sértæk skuldaaðlögun: Með þessu úrræði er heimilt að fær skuldir sem svara til 70% til 100% af verðmæti fasteignar á biðlán. Ef staðið var við greiðslur annarra lána í 3 ár, þá átti biðlánið að falla niður.

³⁹ Sjá: <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir1/Viljayfirlýsing-um-adgerdir-v.-skuldavanda-heimilanna.pdf>

Umsögn mín: Þetta var sú leið sem sjaldan var farin og styðja tölur það. Í skýrslunni Höfuðstólslækkun húsnæðislána⁴⁰ kemur fram á bls. 53 að heildarlækkun lána vegna sértækrar skuldaaðlögunar hafi í janúar 2012 verið 7,3 ma.kr. og í skýrslu fjármálaráðherra um leiðréttinguna⁴¹, þá kemur fram að 5,9 ma.kr. hafi dregist af leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána vegna sértækrar skuldaaðlögunar. Er því ljóst af þessu, að lítið reyndi á þessa aðgerð og fjármálafyrirtækin fengu hana að mestu endurgreidda.

- c. Sjálfskuldarábyrgðir: Gert var ráð fyrir að sjálfskuldarábyrgðir⁴² umfram eignastöðu og/eða greiðslugetu ábyrgðarmanns yrðu felldar niður.

Umsögn mín: Greinilegt er að þetta atriði gleymdist alveg í framkvæmd. A.m.k. hafa ansi mörg mál komið upp hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, þar sem sjóðurinn er að hunsa þetta úrræði. Með fullri virðingu fyrir þeim sem undirrituðu þetta samkomulag, þá gengu held ég örugglega flestir þeirra gegn því.

- d. Lánsveð: Ekki mátti ganga á lánsveð á tímabili sértækrar skuldaaðlögunar.

Umsögn mín: Gjörsamlega kraftlaust úrræði. Bæði að fáir sóttu um sértæka skuldaaðlögun og ekki var á nokkurn hátt tekið á vandræðum þessa hóps.

2. Vettvangur kröfuhafa: Kröfuhöfum var veitt heimild til samráðs.

Umsögn mín: Ég hef aldrei geta skilið þetta umfangsmikla samráð sem lánveitendur máttu hafa. Að mínu mati dró það úr afköstum kerfisins, tryggði að skuldarar áttu ekki neinn möguleika á samningum og dró úr samkeppni.

3. Sérstakt átak til að ná til heimila í vanskilum: Lánveitendur áttu að vera vakandi fyrir vanskilum og grennslast fyrir um ástæður.

Umsögn mín: Örugglega hið besta mál hafi því verið fylgt eftir. Kannast ekki við að svo hafi verið, því einhverjum mánuðum síðar varð mér á að eiga ekki innistæðu á réttum reikningi svo hægt væri að skuldfæra fyrir greiðslukorti. Minn fyrrverandi viðskiptabanki hafi ekki samband á annan hátt en að loka kortinu daginn eftir. Sýnir því miður að þetta úrræði, sem og fleiri, voru falleg á blaði, en hunsuð í framkvæmd.

⁴⁰ Sjá: <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/hofudstolslaekkun-husnaedislana.pdf>

⁴¹ Skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra um lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána (Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.) <http://www.althingi.is/altext/pdf/144/s/1486.pdf>

⁴² Skilgreining á sjálfskuldarábyrgð á síðu Umboðsmanns skuldara: „Sjálfskuldarábyrgð er ábyrgð sem gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuld sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að aðalskuldari hefur ekki staðið við skyldu sína. Ekki er nauðsynlegt að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara eftir að greiðslufall verður. Í raun ábyrgist ábyrgðarmaður greiðslu skuldar sem hún væri hans eigin. Ef ábyrgðarmenn eru fleiri en einn ábyrgist hver um sig fulla greiðslu. Þetta samband ábyrgðarmanna er kallað óskipt ábyrgð (in solidum).“

4. Vaxtabætur: Sérstök hækkun vaxtabóta var framlengd.
Umsögn mín: Besta mál. Þessi aðgerð var framlengd um eitt ár, þ.e. vegna greiddra vaxta árið 2011, þegar þær voru 12,6 ma.kr.⁴³ Vegna vaxta ársins 2012 voru vaxtabæturnar síðan lækkaðar í 9,1 ma.kr. og voru þær þá að raungildi 93 milljónum kr. hærri en árið 2008, þrátt fyrir gríðarlega hækkun vaxtakostnaðar og líklegast fjölgun greiðenda.
5. Ný tegund vaxtaniðurgreiðslu: Lagðir voru 6 ma.kr. í þessa nýju vaxtaniðurgreiðslu.
Umsögn mín: Já, hér var kynnt til sögunar ný tegund vaxtaniðurgreiðslna, enda verið að bregðast við auknum vaxtagreiðslum heimilanna. Þær voru hins vegar að virðist allar og gott betur „endurgreiddar“ þegar kom að „leiðréttingunni“. (Samkvæmt skýrslu um fjármála- og efnahagsráðherra hefðu 12.312 m.kr. af 12.284 m.kr.⁴⁴ komið til frádráttar „leiðréttingunni“, ef önnur úrræði sem fólk hafði fengið hefðu ekki þegar verið búin að setja leiðréttingar upphæðina í 0 kr.)
6. Nauðungarsölur: Koma átti í veg fyrir að bjóða upp lögheimili skuldara og sýna átti gerðarþola „nærgætni og virðing[u]“.
Umsögn mín: Þetta var enn einn svona fallegur texti sem gleymdist að láta lögmennt og sýslumenn vita af. Held að engum þessara aðila hafi verið kunnugt um þetta eða fylgt því eftir.
7. Húsnæðismál: Þar segir m.a.: „Lánveitendur munu vinna með ríki, sveitarfélögum og félagasamtökum við að koma á fót fjölbreyttum húsnæðislausnum í samræmi við niðurstöður“ nefndar félags- og tryggingamálaráðherra um lausnir í húsnæðismálum.
Umsögn mín: Ég hef svo sem ekki séð, að þetta hafi gengið eftir, nema í því felist stórfelld sala eigna til einkaleigufélaga, sem síðan hafa keyrt leiguverð upp úr öllu.
8. Framlag til húsaleigubóta: Ríkið lofaði að skerða ekki húsaleigubætur.

Í lokin er tekið fram að einstakir liðir kalli á „frekari útfærslu í samstarfi aðila“. Áhugavert að ekki var gert ráð fyrir aðkomu skuldara, frekar en svo oft áður.

Við undirritun viljayfirlýsingarinnar var þáverandi félagsmálaráðherra, Guðbjartur Hannesson, með glærुकynningu, þar sem hann fór yfir bæði stöðuna í skuldamálum heimilanna og hvað í úrræðum yfirlýsingarinnar fælist. Í kynningu ráðherra er fullt af áhugaverðum atriðum:

⁴³ Tölur fengnar úr grein Steingríms J. Sigfússonar, alþingismanns og fyrrverandi fjármálaráðherra, *Vaxtabætur skornar niður við trog*, sem birtist 28. janúar 2014. Sjá: <http://www.visir.is/vaxtabaetur-skornar-nidur-vid-trog!/article/2014701289943>

⁴⁴ Einnig fengið úr grein Steingríms J. Sigfússonar.

- „Hellingur þeirra sem eru í greiðsluvanda skulda meira en nemur verðmælti eigna“ (sic): Þetta þýðir þá jafnframt, eins og ég bendi á að ofan, að greiðsluvandi þarf ekki að tengjast yfirskuldsetningu. Því miður tóku þessar aðgerðir ekki frekar en aðrar á greiðsluvanda einstaklinga með lægri skuldsetningu, svo sem lífeyrisþega sem með ráðdeild hafði tekist að búa áfram í húsnæði sínu, enda það ódýrara, en að fara í nýja eign á uppsprengdu verði.
- „49,3% heimila taldi sig á þessum tíma eiga erfitt með að ná endum saman“: Flest heimili höfðu orðið fyrir tekjusamdrætti samhliða samdrætti í samfélaginu og hækkun afborgana lána. Þegar haft er í huga að yfir 60% heimila voru með gengistryggð bílalan, þá er ekki að undra að stór hluti þeirra hafi átt í erfiðleikum með að ná endum saman. (Þetta var meira að segja áður en Árna Páls-lögin hækkuðu greiðslubyrðina enn meira.)
- Vandinn óx með fjölda barna og var meiri hjá einhleypum en sambúðarfólki: Kemur svo sem ekki á óvart.

Á glæru um markmið:

- „Vinna hratt“: Þetta var í desember 2010. Haustið 2017 var fólk enn að bíða eftir úrlausn sinna mála. Niðurstaða í einu og einu máli er að detta inn, miðað við færslur sem fólk setur á facebook. Þó tilfelli séu vonandi ekki mörg, þá tafist vinnan óheyrilega. Sjálfur lent ég í því að það tók yfir 5 ár að fá niðurstöðu í málum okkar hjóna. (1.991 dag til að vera nákvæmur!)
- „Taka á mikilli veðsetningu íbúðarhúsnæðis“: Meðan ekki er skilgreint hvað telst mikil veðsetning, þá er þetta marklaust. Enn og aftur er síðan fallið í það að telja veðsetninguna vera vandamálið, en ekki greiðslugetuna.
- „Að aðgerðirnar séu viðhlítandi og ekki þurfi að grípa til frekari aðgerða að öllu óbreyttu“: Þetta atriði eitt sagði mér að niðurstöður vinnu sérfræðingahópsins höfðu ekki verið skoðaðar. Þrátt fyrir að ég hafi ekki verið sáttur við niðurstöðu þeirrar vinnu, þá sagði hún ekkert um að fálmkenndar aðgerðir, sem kynntar voru í viljayfirlýsingunni, væru fullnægjandi.

Kostnaður af þeim hluta sem fellur undir niðurfærslu skulda er síðan tilgreindur og var hann sagður sem hér segir (tekið beint upp úr kynningu ráðherra):

Skuldir færðar niður á milli 90 og 100 ma.

- Bankar 56 ma.
- Íbúðalánasjóður 12 ma.
- Lífeyrissjóðir 10-15 ma.
- Því til viðbótar 35 ma. v/gengistryggðra lána

- Í heildina eru áhrifin af breytingum á gengistryggðum lánum um 50 ma. kr. en um 15 ma. falla inn í niðurfellinguna.
- Bankarnir búnir að afskrif 20. ma.

Þá var gert ráð fyrir að niðurfærsla að 110% myndi snerta um 12-13 þúsund heimili og sértæk skuldaaðlögun næði til 1.500 heimila.

Svo upphæðirnar séu teknar saman:

1. Heildarupphæð: 90-100 ma.kr.
2. Bankarnir voru búnir að „afskrifa“ 20 ma.kr.
3. Aðeins 15 ma.kr. af 50 ma.kr. vegna gengistryggðra lána féllu undir þessa 90-100 ma.
4. Hluti annarra lána, en gengistryggðra var áætlaður 75-85 ma.kr.

Þessar tölur er gott að hafa í huga síðar, þegar ég skoða hvað kom út úr öllu þessu brölti bankanna.

Það er hins vegar rétt að áréttu, að sérfræðingahópurinn gerði ráð fyrir að gengislánin væru meðhöndluð sérstaklega og því var hópurinn EKKI að fjalla um þau í vinnu sinni.

Úrræði fjármálafyrirtækjanna - orð og efndir

Ég upplifði viðbrögð fjármálafyrirtækjanna við hruninu og síðar forsvarsmanna Dróma við gjaldþroti SPRON, eins og sjálfsgagt væri að viðskiptavinir fyrirtækjanna borguðu allt upp í topp, þrátt fyrir að fljótlega kæmu í ljós alls konar vafasöm háttsemi stjórnenda og eigenda fyrirtækjanna á mánuðunum og árunum fyrir hrun. Við vissum svo sem ekki þá allt sem við vitum núna, en lítið fór á milli mála, að rekstur fjármálafyrirtækjanna hafði ekki alltaf verið innan þess sem lög um fjármálafyrirtæki kváðu á um eða önnur lög sem áttu við um starfsemi fyrirtækjanna. Mér var t.d. sagt af konu, sem þekkir til hæstaréttardómara, að gengislánadómarnir 16. júní 2010 hafi verið auðveldir fyrir Hæstarétt. Lög in um bann við gengistryggingunni hafi verið svo skýrt í lögnum, greinargerðin með lögnum hafi verið afdráttarlaus og umræðan á þingi líka. Ekki þurfti heldur að kafa djúpt til að finna umsögn Samtaka banka- og verðbréfafyrirtækja, forvera Samtaka fjármálafyrirtækja, þar sem samtökin vara við að með samþykkt frumvarps að lögum nr. 38/2001 verði gengistryggð lán gerð ólögleg.

Fyrstu vikurnar eftir hrun bankanna þriggja og stofnun þeirra nýju, var samt eins og menn vildu stíga varlega til jarðar. Reyndist almennt auðvelt fyrir fólk og fyrirtæki að fá frestanir á gjalddögum lána, svo kallaðar frystingar, í allt að 1 ár. Nýju bankarnir gengu þó almennt ekki það langt né heldur sparisjóðirnir, en hægt var að fá 1 árs frystingu hjá Íbúðalánasjóði og framlengja hana í allt að þrjú ár. Fljótlega rjótlaði þó doðinn af bönkunum og þeir breyttu um stíl. Núna átti að allt að gerast á þeirra forsendum. Þeir voru ekki gömlu bankarnir og báru enga ábyrgð á syndum þeirra.

Við þessa stefnubreytingu fór eiginlega allt í hnút. Almennigur áttaði sig á því, að réttlætið yrði ekki sótt til bankanna og því varð krafan háværi um að stjórnvöld gripu til ráðstafana.

Fyrstu viðbrögð stjórnvalda voru almenn tilmæli til fjármálafyrirtækja í október og nóvember 2008. Þau héldu illa og þegar innheimtuaðgerðir og fjárnámsaðgerðir fóru að verða áberandi, sérstaklega í desember 2008 og janúar 2009, fór þrýstingur á stjórnvöld vaxandi að grípa til aðgerðar til varnar heimilunum. Það var í þessu andrúmslofti sem Hagsmunasamtök heimilanna voru stofnuð, en eins og greinir frá í köflunum um samtökin, þá var nánast fyrsta verk samtakanna eftir stofnun þeirra að mótmæla handtökuskipunum Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumann Sunnlendinga, á hendur fólki sem ekki hafði mætt til fjárnámsaðgerða. Fljótlega eftir að ný ríkisstjórn tók við í febrúar 2009 var lagt fram frumvarp um stöðvun nauðungarsölu til að þvinga kröfuhafa til að slá aðeins af hraðanum og hörkunni.

Samkomulag um greiðsluerfiðleikaúrræði

Stærsta skref minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur var þó líklegast samkomulagið um greiðsluerfiðleikaúrræði sem Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra fékk í geng og var undirritað 3. apríl 2009⁴⁵.

Grundvallaratriði samkomulagsins voru að lánveitendur áttu að tryggja lántakendum sínum greiðsluerfiðleikaúrræði að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Að greiðsluerfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysi eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
- Að aðrir lánadrottnar lántakanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluerfiðleika ef þörf er talin á því.
- Að greiðslubyrði lántakanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu.
- Að greiðslubyrði lántakanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum og/eða lengingu lánstíma rúmist innan greiðslugetu.
- Að fyrir liggja samþykki síðari veðhafa þegar það á við.

Greiðsluerfiðleikaúrræðin voru eftirfarandi:

1. Samningar um uppgjör vanskila

Að unnt sé að semja um dreifingu á vanskilum allt að 18 mánuði. Inni í samningsfjárhæð eru áfallandi gjalddagar á samningstíma auk vaxta og gjalda sem til kunna að falla á samningstímanum. Áskilið er að á meðan samningur er í gildi og lántaki greiðir réttilega umsamdar fjárhæðir verði ekki hafin lögfræðinnheimta á viðkomandi fasteignaveðláni. Lögfræðinnheimta annarra krafna á hendur lántaka getur leitt til þess að samningurinn falli úr gildi.

2. Rýmingarfrestur í kjölfar nauðungarsölu

Að tekið verði aukið tillit til aðstæðna gerðarþola/leigjenda við rýmingu í kjölfar nauðungarsölu og veittur verði rýmingarfrestur allt að þremur mánuðum frá söludegi.

3. Heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu

Að komið verði til móts við lántakendur sem hafa keypt fasteign en ekki getað selt fyrri eign vegna aðstæðna á fasteignamarkaði með frystingu greiðslna. Eiga lántakendur að geta óskað eftir frestun á greiðslum vegna annarrar eignar eða beggja. Almenn skilyrði að seinni

⁴⁵ Sjá frétt á vef velferðarráðuneytisins (áður félags- og tryggingamálaráðuneytis) frá 3. apríl 2009 <http://www.velferðarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4331>

fasteignin hafi verið keypt á tímabilinu frá 1. júlí 2006 til 3. apríl 2009 og að veðsetning að lokinni greiðslufrestun verði ekki meiri en 100% af markaðsvirði eignarinnar.

4. **Skuldbreyting vanskila**

Að boðið verði upp á skuldbreytingu vanskila með því að bæta vanskilum við höfuðstól eða með því að gefa út nýtt skuldabréf eftir ákvörðun kröfuhafa.

5. **Frestun á greiðslum**

Að lántakandi geti óskað eftir frestun á greiðslu afborgana, að hluta eða fullu, og vaxta og verðbóta, eftir atvikum, í allt að eitt ár í senn og með möguleika á framlengingu í samtals allt að þrjú ár.

6. **Lenging lánstíma**

Að mögulegt verði að lengja lánstíma lána að því marki sem það getur gagnast lántakanda enda rúmist lenging lánstíma innan lánareglna viðkomandi lánveitanda.

Þetta er svo sem ekki flókinn texti. Úrræðin höfðu flest verið reynd hjá Íbúðalánasjóði, ýmist í frá ágúst 2008 eða lengur.

Greinilegt var þó frá byrjun, að fyrirtækjunum hugnaðist ekki úrræðin. Þau voru vissulega kynnt á vefsíðum bankanna og Samtaka fjármálafyrirtækja, en þegar fólk sótti eftir að nýta sér úrræðin, þá gekk það allt of oft á vegg. Starfsfólk bankanna hafði fyrir það fyrsta ekki nokkra hugmynd hver þessi úrræði væru. Lentu viðskiptavinir í því að þurfa að útskýra fyrir starfsmönnum út á hvað þau gengu. Vildi nú svo til, að ég var með viðskipti hjá öllum bönkunum þremur (fasteignalán hjá tveimur þeirra) og síðan með mál hjá slitastjórn SPRON/Dróma. Ég fór því til Landsbankans, Nýja Kaupþings og slitastjórnar SPRON og óskaði eftir að nýta mér úrræðin. Benti ég viðmælendum mínum á, að ég gæti nýtt mér tvönn úrræði, þ.e. heimild til greiðslufrestunar vegna sölutregðu og frestun á greiðslum. Það tók mig um tvo mánuði að fá Landsbankann til að fallast á að leyfa mér að nýta úrræðið sem bankinn hafði skrifað upp á að bjóða viðskiptavinum sínum. Nýja Kaupþing (Arion banki) svaraði mér ekki. SPRON veitti frest á einu láni í 3 mánuði og FF/Drómi gaf mér 4 mánuðum seinna svarið: „Nei“, án frekari skýringa.

Hvaða gagn er af úrræðum sem fjármálafyrirtækin ætluðu aldrei að bjóða? Nákvæmlega ekkert.

Á þeim tíma, þegar ég óskaði eftir þessum úrræðum hjá Nýja Kaupþingi og slitastjórn SPRON var ég með öll mín lán í skilum. Sum voru í frystingu, en ég var hvergi með nein vanskil. Þau komu ekki til fyrr en eftir að fjármálafyrirtækin og Drómi neituðu mér um að nýta mér úrræði sem mér áttu að standa til boða. Ég held ekki, að ég hafi verið einn um þetta, heldur að þetta hafi verið reglan.

Fjármálafyrirtæki hefur nefnilega ekki tak á viðskiptavini sínum meðan hann er skilvís greiðandi og

viðskiptavinur, sem fjármálafyrirtækið hefur ekki tak á, er ekki að borga fjármálafyrirtækinu allt það sem hægt væri að fá frá honum. Slíkur viðskiptavinur er ekki nógu hagkvæmur fyrir bankann. Hann faðir minn átti einu sinni fund með framkvæmdastjóra eins af atvinnulífssjóðunum, þeim sem síðar mynduðu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Framkvæmdastjórinn sagði við hann einhvern á þennan hátt: „Það slæma við þig, Njáll, er að við höfum ekkert tak á þér.“ Þarna var hann að vísa til þess, að fyrirtækið sem faðir minn rak, var ekki í neinum vanskilum og þann sem ekki er í vanskilum er ekki hægt að ráðskast með.

Því miður, þá held ég að bankarnir hafi of mikið horft til þess hvernig væri hreinlega hægt að koma fólki í vanda með því að standa ekki við þau úrræði, sem þeir höfðu þó skuldbundið sig að bjóða. Það tókst þeim svo sannarlega og með því varð til nokkuð drjúgur hluti vaxtatekna bankanna, þ.e. með því að hunsa viðskiptavinina sína, hunsa úrræði sem áttu að standa viðskiptavinum til boða, hunsa dóma og tefja mál á allan þann hátt sem þeim datt í hug. Svo ég lýsi bara niðurstöðunni hjá okkur hjónum, fórum við að lokum 110% leiðina. Hluti lána lenti á biðláni og öll sú upphæð, auk talsverðrar upphæðar í viðbót, voru vextir og kostnaður sem lagst hafði á eftir að fjármálafyrirtækin neituðu okkur um að nýta úrræðin frá apríl 2009. Við óskuðum ekki eftir neinni niðurfellingu skulda, þegar við lögðum fram beiðnina um að nýta úrræðin. Við vildum bara fá að nýta úrræðin og nýta tímann til að grafa okkur í gegn um skafllinn. Fjármálafyrirtækin ákváðu hins vegar af góðsemd sinni að bæta heilu snjóflóði við það sem við áttum að koma okkur í gegn um. Og til hvers? Þó það hafi ekki orðið í okkar tilfalli, þá varð það niðurstaðan hjá mörgum öðrum, þ.e. að hirða allt af fólki svo hægt væri að selja eignina einhverju einkavinafasteignafélagi á spotprís.

Við gerum allt mun betur en aðrir

Eftir að Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna var breytt í Umboðsmann skuldara og Umboðsmanni falin umsýsla margra greiðsluerfiðleikamála, þá kom fljótlega upp togstreita milli Umboðsmanns og fjármálafyrirtækjanna. Fyrirtækin vildu ekki að Umboðsmaður væri að skipta sér af málum sem þau höfðu haft alræðisvald yfir. Fjölmargir einstaklingar höfðu samband við mig um skuldamál sín og enn fleiri rötuðu inn á borð Hagsmunasamtaka heimilanna. Mörg þessara mála voru sama marki brennd. Til að fá greiðsluaðlögun samþykkt varð að vera samkomulag um nauðasamninginn meðal kröfuhafa. Allir urðu að vera með. Af þeim sem leituðu til mín, þar sem þeim hafði verið hafnað um greiðsluaðlögun, þá virtist vera munstur. Einn kröfuhafi lagðist gegn greiðsluaðlöguninni meðan hinir samþykktu. Þetta var nóg til að samningurinn var ekki samþykktur. Málið var, að svo virtist sem kröfuhafarnir skiptu þessu á milli sín. Arion banki í einu máli, Íslandsbanki í því næsta, þá

Landsbankinn, Lýsing, Drómi og hvað þau heita nú öll þessi fyrirtæki. Ég varð alveg gáttaður á að sjá þetta og neita að trúa því, að þetta hafi verið tilviljun.

Oftast leiddi þetta til þess, að viðskiptabanki viðkomandi skuldara fékk málið til sín og gat beitt „sínun“ aðferðum á málið. Bankarnir höfðu viljað fá skuldaúrvinnslumálin til sín og höfðu gagnrýnt hve langan tíma úrvinnsla málanna hafði tekið hjá ráðgjafarstofunni og síðar líka hjá Umboðsmanni. Mín upplifun er hins vegar að þá fyrst drógust málin á langinn, þegar þau komu á borð bankanna, að ég tali nú ekki um Dróma, þar sem allt var drepíð í dróma.

Eitt gerðu fjármálafyrirtækin vissulega betur en Umboðsmaður, en það var að tryggja að vextir, dráttarvextir og kostnaður bættust á kröfurnar. Skipti engu máli, þó tafir væru fyrirtækinu að kenna, allir þessi liðir fitnuðu, eins og púkinn á fjósbitanum. Hef ég séð nokkuð mörg uppgjör, þar sem vanskilakostnaður hefur hlaupið á milljónum, ef ekki milljónatugum, vegna þess tíma, þegar bankinn var að vinna í málunum.

Þegar þessi mál voru að mestu færð til bankanna, þ.e. allt nema greiðsluáðlögunin, eftir undirritun viljayfirlýsingarinnar í Þjóðmenningarhúsinu í desember 2010, þá fyrst fóru málin að dragast. Þá höfðu þau algjört vald yfir málunum og lántakinn var settur undir þetta ofurvald. Hann gat ekki leitað neitt, því þó hann leitaði til Umboðsmanns, þá var Umboðsmaður valdalaus. Löggjafinn hafði nefnilega séð til þess, að úrræði Umboðsmanns voru bitlaus og ekki skuldbindandi.

Að drepa í Dróma

Einn hópur viðskiptavina fór sýnu verr út úr þessum málum, en aðrir. Það voru fyrrum viðskiptavinir SPRON, Frjálsa fjárfestingabankans og Netbankans (NB). Þar máttu menn ekki bara sætta sig við að ganga nokkrum sinnum milli Pílatasar og Heródesar, heldur voru þeir líka sendir til Rómar. Svo ég segi bara af ferðalagi minna lána, þá byrjuðu þau hjá gjaldfærum fjármálafyrirtækjum. Næst var hluti þeirra sendur yfir til Nýja Kaupþings, sem gat ekki tekið neinar ákvarðanir nema tala við slitastjórn SPRON. Hinn hlutinn átti stutta viðkomu hjá slitastjórninni, sem datt það snjallræði í hug að stofna Dróma og senda lánin þangað. Nú Drómi höndlaði þau og innheimti í nokkur ár án þess að hafa innheimtuleyfi. Nýja Kaupþing, sem þá hét orðið Arion banki, ákvað að skila Dróma hluta lánanna sem bankinn hafði fengið, en þó er eiginlega enginn viss hver hafði lögsögu yfir lánunum. Drómi sagði Arion banki og Arion banki sagði Drómi. Því hafði ég engan til að semja við um hluta lánanna í um heilt ár meðan menn voru að velta fyrir sér hvernig væri hægt að draga málin á langinn og ná í meiri kostnað. Tekið skal fram að ég var að tala við fólk sem átti að hafa vit á hlutunum.

Einn aðili virtist alveg vera grunlaus um þennan vanda viðskiptavina Dróma, en það var Hlynur Jónsson, formaður slitastjórnar. Þegar óánægja viðskiptavina Dróma náði enn einu sinni hæstu hæðum, þá var Hlynur fenginn í viðtal í Kastljós. Í þessu viðtali kannast Hlynur ekkert við óánægju viðskiptavinanna og segir allt í lukkunnar velstandi hjá fyrirtækinu. Mér ofbauð svo ummæli hans, að ég sendi honum eftirfarandi tölvupóst:

Hlynur Jónsson, formaður slitastjórnar SPRON og FF

Sæll Hlynur

Ég vona að þetta erindi berist til þín. Jafnframt þætti mér vænt um að þú staðfestir móttöku þess.

Þú komst ákaflega þægilega fyrir í Kastljósinu í kvöld. Yfirvegaður og svaraðir spurningum eins og þú og Drómi væruð með allt á hreinu. Ég verð að viðurkenna að ég man vart eftir einu atriði sem var sannleikanum samkvæmt miðað við mín samskipti við fyrirtækið. Ekki eitt einasta atriði sem þú svaraðir passaði við þá meðhöndlun sem málefni okkar hjóna hafa fengið hjá ykkur. Ekki eitt.

En þar sem þér er svo mikið í mun að leysa út málefnum viðskiptavina, þá vil ég gefa þér tækifæri til að leiðrétta allt sem ekki hefur verið gert fyrir okkur, þannig að frásögn þín í Kastljósi standist. Við hjónin hljótum bara að hafa verið svona óheppin að hafa alltaf lent milli skips og bryggju, þegar þið af hjartahlýju ykkar voruð önnur kafin við að passa upp á hag viðskiptavinanna. Bara svo þú þurfir ekki að yfirheyra fjöldann allan af starfsmönnum um samskipti þeirra við okkur hjónin (sem hafa verið á mínum herðum) þá er hér skjal sem flýttir fyrir þér. Ég á líka afrit af hátt í 30 tölvupóstum máli mínu til stuðnings, en ég held að það sé auðveldara fyrir þig að lesa bara skjalið.

Nú vil ég óska enn og einu sinni eftir því að semja við ykkur um skuldir okkar hjóna. Ég hef óskað eftir því við Ástu S. Helgadóttur, umboðsmann skuldara, að hún (eða embætti hennar) hafi milligöngu eða íhlutun varðandi þá samninga. Einnig væri hægt að nýta þjónustu Sýslumannsins í Reykjavík eða Sýslumannsins í Kópavogi, en svona milliganga telst til hlutverka sýslumanna. Loks getum við nýtt okkur tilsjónarmann, sem umboðsmaður hefur skipað með umsókn okkar vegna tveggja eigna... En hvað sem við gerum, þá finnst mér brýnt að hraða málum. Bæði er að þið hafið stefnt okkur (sem er sérkennileg leið til að leysa málefni viðskiptavina á farsælan hátt, eins og þú talaðir um í Kastljósi) og sent á okkur beiðni um nauðungarsölu (önnur óskiljanleg aðgerð þegar þið segist vera að reyna að „finna lausn á

málinu sem vonandi báðir aðilar geta sætt sig við“ eins og Gunnar Sv. Friðriksson orðaði það svo smekklega í pósti til mín 7.10.2011). Hægt væri að leysa bæði þessi mál með einfaldri aðgerð, ef þið eruð tilbúin að hlusta og hafið vilja til samninga..

Kv.

Marinó G. Njálsson

Tekið skal fram að þetta var eins og að kasta vatni á gæs og ekki kom neitt af viti frá fyrirtækinu. Nú vill svo til að annar slitastjórnarmaður Dróma var Jóhann Pétursson, æskuvinnur minn, skólafélagi og samherji hjá Gróttu tuttugu af fyrstu 25 árum ævi minnar. Ég hélt í einfaldni minni, að ég gæti átt fund með Jóhanni og rætt málin eins og maður við mann. En hann var genginn í björg með mörgum öðrum. Ég vil þó taka fram, að ég átti einstaklega góð samskipti við fjölmarga starfsmenn Dróma. Margir þeirra gáfust upp á að vinna hjá fyrirtækinu og undrar mig ekki.

Því miður var reynsla mín líka veruleiki þeirra sem voru fastir í fjötrum Dróma. Ég hef ekki tölu á öllum þeim einstaklingum, sem leituðu til mín varðandi samskipti sín við fyrirtækið. Af öllum þeim fjölda fékk einn úrlausn mála sinna og við hann var gerður samningur sem ekki mátti fjalla um opinberlega. Ég get þó sagt að viðkomandi fékk verulega eftirgjöf skulda án þess að fyrir því væru neinar sérstakar ástæður aðrar en að starfsmanni Dróma virtist líka við viðkomandi.

En sögu Dróma lauk einn daginn. Fjármálaeftirlitið varð loks að grípa í taumana, þegar dómstólar fetu fingur út í það, að Drómi hefði ekki innheimtuleyfi og vísaði frá máli fyrirtækisins sem var fyrir dómi. Á sama tíma hafði huldufélag Seðlabanka Íslands, Hilda hf., allt í einu blandast í málið. Vildu menn halda því fram, að það væri í raun Hilda sem ætti flest lán sem Drómi hafði verið að innheimta. Ég hef svo sem mínar efasemdir, þar sem frumrit skuldabréfa virðast ekki alltaf finnast. Dæmi er um að slík frumrit hafi fundist í útlöndum í vörslu lögmætra eigenda, sem jafnframt hafa fyrir löngu afskrifað kröfuna.

Það er kannski orðum aukið, að sögu Dróma hafi lokið. Réttara væri að segja, að skipt hafi verið um umbúðir, en innihaldið var það sama. Hilda tók sem sagt yfir umsýslu lánasafnanna, en það var gert með sama starfsfólki og áður og í sama húsnæði og áður. Skiltið með nafni Dróma var fjarlæggt og nýtt með nafni Hildu var sett upp. Umboðsmaður Alþingis komst síðar að því að Seðlabankinn hefði ekki lagaheimild til að eiga Hildu og gæti því ekki tekið neinar ákvarðanir varðandi félagið! Allt var einhvern veginn á sömu bókinu lagt.

Langavitleysan hélt áfram. Næst gerðist það, að Arion banki gerði samning við Hildu um kaup á lánasöfnum fyrirtækisins. Það er að sjálfsgöðu gert með ábyrgð Seðlabanka Íslands á pakkanum (þó hann hefði ekki lagaheimild) og það verður því Seðlabankinn sem borgar, ef lánasöfnin reynast Arion banka verðminni en gengið var út frá. Ég hef hins vegar talsverðar efasemdir um, að Hilda hafi verið eigandi allra þeirra lána sem færðust yfir í Arion banka. Mér býður í grun að í einhverjum tilfellum séu (eins og áður segir) lögmætir eigendur lánanna bankar á meginlandi Evrópu. Hollandi og Sviss svo nánar sé tiltekið. Sami grunur segir mér að kröfurnar hafi verið afskrifaðar fyrir löngu og hvorki Arion banka eða Hildu sé heimilt að krefja skuldara um greiðslu á þessum lánnum enda er það skilyrði fyrir því að geta innheimt af láni, að vera annað hvort kröfueigandi eða að kröfueigandi hafi falið viðkomandi innheimtuna. Svo þarf náttúrulega viðkomandi að hafa innheimtuleyfi sé verið að innheimta í nafni þriðja aðila.

A.m.k. gerðist það, þegar ég lauk mínum samningum loks við Arion banka í nóvember 2014, að ég hef ekki, mars 2021, fengið í hendur frumrit allra þeirra lána sem uppgjörð náði til. Varðandi uppgjör við Dróma þegar við hjónin nýttum okkur lög um fólk með tvær eignir, þá hafa skjöl vegna uppgjörsins aldrei borist og því liggja enn engar sannanir á borðinu, að Drómi eða Landsbankinn hafi verið réttmætir eigendur þeirra krafna sem á þeirri eign hvíldu. Árið 2009, þegar ég óskaði eftir staðfestu afriti af þeim lánnum, þá tókst hvorugum aðila að leggja fram frumrit skjalanna, en í staðinn var tekið ljósrit af eldra staðfestu afriti og það stimplað! Ég ákvað hins vegar ekki að gera ekki veður út af því, þar sem í einfaldni minni tók ég skýringar starfsmanna fjármálafyrirtækjanna góðar og gildar um að pappírarnir einfaldlega myndu ekki í öllum glundroðanum sem ríkti. Auk þess var ég ekki að víkja mér á nokkurn hátt undan skuldbindingum mínum. Þetta var náttúrulega kjánaleg einfaldni, því ég hefði getað fengið allar þessar kröfur í hausinn frá einhverjum þriðja aðila og það getur enn gerst.

Lokaorð

Fúskið, sem var í gangi hjá flestum fjármálafyrirtækjum á árunum eftir hrun, var yfirgengilegt. Vandinn var að dómstólar trúðu öllu bullinu frá þeim og tóku skjöl gildi þvert á bókstaf laganna. Frumrit skuldaskjala er EINA sönnun fyrir því að kröfuhafi eigi kröfu og geti innheimt hana. Kröfuhafi skal síðan árita hverja einustu greiðslu á skuldabréfið og getur ekki innheimt síðari gjalddaga hafi slíkt ekki verið gert. Svo segir í konungstilskipun frá 9. febrúar 1798. Afrit skuldabréfs, sem ekki er staðfest samrit frumrits, er ekki gilt til að staðfesta eignarhald kröfu. Flökkusaga segir, að maður nokkur, sem ekki vildi una að Drómi taldi sig eiga kröfu, komst að því eftir nokkra eftirgrennslan að skuldin hans hafði verið seld til útlanda, þar sem hún hafði verið notuð til að fá skattalegar afskriftir. Samt hélt Drómi áfram að innheimta kröfuna. Þær eru óteljandi sögurnar af frumritum sem

fjármálafyrirtæki hafa ekki geta lagt fram til að staðfesta að þau væru réttir kröfueigendur. Staðfest samrit er ekki sönnun, nema samritið hafi verið útbúið í viðurvist skuldara og frumritið hafi verið til staðar. Og ljósrít af staðfestu samriti er ekki einu sinni pappírins virði. Það hefur EKKERT lagalegt gildi. En meðvirkni dómstólanna er slík að maður efast um hlutleysi þeirra. Eins og ég nefni að framan, þá á ég enn eftir að fá afhent frumrit nokkurra skuldabréfa sem sannanlega eru uppgreidd í samræmi við uppgjör við Dróma, Landsbankann og Arion banka. Strangt til tekið gæti ég fengið þau í bakið og skuldir mínar hækkað um milljónatugi bara sisvona. Og svo vilja fjármálafyrirtækin að við treystum þeim. Sýnið að þið eruð traustsins verð og þá má endurskoða hvort þið eruð traustsins verð.

Þúsundir fjölskyldna misstu heimilið sitt og allan sinn sparnað, þegar kennitölufylklarnir töldu sig ekki bera neina ábyrgð á athæfi gömlu kennitölnnar. Allt í einu voru starfsmenn sem höfðu verið hjá Kaupþingi en voru núna hjá Arion banka, Glitni en voru núna hjá Íslandsbanka og Landsbanka Íslands en voru núna hjá Landsbankanum, bara ekki sama fólkið vegna þess að vinnuveitandinn var kominn með nýtt nafn og kennitölu. Það bar ekki ábyrgð á verkum sínum hjá gömlu kennitölnni og hafði breyst úr slepjuglum sölumanni ólöglegra lána í blóðþyrstan innheimtumann uppsprengdra lána, þar sem ekkert var gefið eftir. Bankarnir stunduðu líka ótrúlega óheiðarleg vinnubrögð, sem fólust í því að senda umboðslaust starfsfólk til að semja við skuldara, bjóða þeim ásættanlegt uppgjör sem skuldarinn samþykkti með trega, bara til að segja þeim nokkrum dögum síðar að lánanefnd bankans hafi ekki samþykkt tilboð bankans! Þegar ég settist niður með starfsmanni Arion banka árið 2014 var það fyrsta sem ég spurði viðkomandi, hvort hann hefði umboð til að semja við mig. Arion banki hafði nefnilega áður stundað þessi vinnubrögð gagnvart konu sem ég var að aðstoða.

Hrunið verður ekki gert upp nema svipuganga heimilanna verði rannsökuð. Lóa Pind gerði ágætan þátt um nokkrar fjölskyldur, en fara þarf dýpra. Samkvæmt opinberum tölum misstu um 15% heimila með húsnæðisskuldir í október 2008 húsnæðið sitt til lánadrottna. Á þessum heimilum bjuggu líklega ekki undir 25.000 manns, þar af um 10.000 börn. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er með sérstakt ákvæði til að vernda börn í þessari stöðu. Ég efast um að ákvæðið hafi verið ofarlega í huga hrægamma kröfuhafanna, þegar börnunum var vísað af heimilum sínum.

En fólk missti ekki bara eigur sínar. Fjölskyldur sundruðust, hjónabönd slitnuðu, fólk flúði til útlanda, margir veiktust illa og svo eru það þeir sem bundu enda á líf sitt. Sjálfur fékk ég nokkur bréf þar sem fólk lýsti því yfir að það sæi ekki tilgang með lífinu og það hygðist stytta sér aldur. Allt eldra fólk fyrir utan einn á miðjum aldri. Það hafði kannski lent í hruninu 1983-5 og var að missa heimilið sitt í annað sinn. Gat ekki hugsað sér að byrja upp á nýtt. Ég veit ekki til að neinn þessara hafi gert alvöru úr og fylgist ég með nokkrum þeirra reglulega á Facebook.

Lífsgæði margra skertust verulega á árunum eftir hrun. Margir hafa ekki enn náð að rétta úr kútnum. Svo má ekki gleyma því, að þó ástandið hafi skánað og er jafnvel orðið gott, þá er það ekki orðið eins gott og ef lífsgæðin hefðu ekki skerast. Má líkja þessu við tvær línur með jafnan vöxt. Þær lágu hvor ofan í annarri frá 2000 til 2007, en árið 2008 féll önnur um nokkur þrep niður og það myndaðist bil á milli þeirra. Eftir það liggja þær samhliða með þetta sama bil alltaf á milli þeirra. Hópurinn sem skertu lífsgæðin er núna kannski 3-5 árum á eftir hinum, sem áður voru á sama stað. Sumir drógust enn lengra aftur úr í lífsgæðum og það verður viðfangsefni félagsfræðinga, samfélagsfræðinga, sálfræðinga og heilbrigðisvísinda framtíðarinnar að rannsaka þessi áhrif, jafnvel á komandi kynslóðir.

En í þessu öllu græddu bankarnir á tá og fingri. Skáluðu fyrir góðum árangri eins og fyrir hrun, þó ekki fari fyrir sögum af gulláti í þetta sinn. Forkólfarnir hafa fengið dóma og sumir þurft að sitja af sér. Ég hefði frekar kosið, að þeir hefðu rekið fyrirtækin sín betur, þannig að hvorki þeir hefðu fengið dómana né að yfir 10 þúsund fjölskyldur hefðu misst heimilin sín eða aðrar 20-30 þúsund hefðu búið við skert lífsgæði. Mikið hefði verið gott, að allt það sem lýst er í þessu skjali hefði verið óþarfi og við hefðum bara getað haldið áfram að gleðjast yfir góðu gengi fjármálakerfisins. Að traust til bankakerfisins, Seðlabanka, stjórnámálanna, Alþingis og allra hinna sem brugðust á árunum fyrir hrun, væri bara í hæstu hæðum. Já, mikið hefði verið gott, ef menn hefðu vitað hvað þeir voru að gera. Enn betra væri að viðkomandi tækju á sig rögg og viðurkenndu að þeim varð á.